ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 80

28. árgangur

16.12.2021

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2021/EES/80/01 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2155 frá 22. september 2017 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 149/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag 1

2021/EES/80/02 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1145 frá 31. júlí 2020 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní 2020 til 29. september 2020 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 8

2021/EES/80/03 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1647 frá 9. nóvember 2020 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. september 2020 til 30. desember 2020 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 128

2021/EES/80/04 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/178 frá 8. febrúar 2021 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 31. desember 2020 til 30. mars 2021 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 219

2021/EES/80/05 Framkvæmdaráð um samræmingu almannatryggingakerfa Ákvörðun nr. H9 frá 17. júní 2020 varðandi framlengingu fresta sem um getur í 67. og 70. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 og í ákvörðun nr. S9 vegna COVID-19 heimsfaraldursins 310

2021/EES/80/06 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1272 frá 4. júní 2020 um breytingu og leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/979 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um helstu fjárhagsupplýsingar í samantekt lýsingar, birtingu og flokkun lýsinga, auglýsingar á verðbréfum, viðauka við lýsingu og tilkynningagáttina 311

2021/EES/80/07 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1273 frá 4. júní 2020 um breytingu og leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/980 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsingarinnar sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði 316

2021/EES/80/08 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/528 frá 16. desember 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar lágmarksupplýsingar tiltekins skjals sem birta skal vegna undanþágu frá lýsingu í tengslum við yfirtöku með skiptiútboði, samruna eða uppskiptingu 334

2021/EES/80/09 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1272 frá 30. júlí 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Vatíkanborgríkinu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 349

2021/EES/80/10 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1273 frá 30. júlí 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í San Marínó og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 352

2021/EES/80/11 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1380 frá 19. ágúst 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Úkraínu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 355

2021/EES/80/12 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1381 frá 19. ágúst 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Norður-Makedóníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 358

2021/EES/80/13 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1382 frá 19. ágúst 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Tyrklandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 361

2021/EES/80/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1354 frá 6. ágúst 2021 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní 2021 til 29. september 2021 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 364

2021/EES/80/15 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/783 frá 29. apríl 2021 um að koma á fót áætlun um aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum (LIFE) og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 1293/2013 460

2021/EES/80/16 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1476 frá 14. september 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Andorra og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 486

2021/EES/80/17 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1477 frá 14. september 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Albaníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 489

2021/EES/80/18 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1478 frá 14. september 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Færeyjum og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 492

2021/EES/80/19 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1479 frá 14. september 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Mónakó og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 495

2021/EES/80/20 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1480 frá 14. september 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Panama og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 498

2021/EES/80/21 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1481 frá 14. september 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Konungsríkinu Marokkó og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 501

2021/EES/80/22 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1482 frá 14. september 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Ísrael og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 504

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2155 2021/EES/80/01

frá 22. september 2017

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 149/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár ([1]), einkum 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag ætti ekki að valda miðlægum mótaðilum, stöðustofnunaraðilum, viðskiptavinum, óbeinum viðskiptavinum eða óbeinum viðskiptavinum í fjarlægari lögum viðbótarmótaðilaáhættu og eignir og stöður óbeinna viðskiptavina ættu að njóta nægilega mikillar verndar. Því er mikilvægt að alls kyns óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag uppfylli lágmarksskilyrði til að tryggja öryggi þeirra. Í þeim tilgangi ættu aðilarnir sem óbeint eiga aðild að stöðustofnunarfyrirkomulagi að falla undir sértækar skyldur og eingöngu ætti að heimila óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag þegar það uppfyllir skilyrðin sem skilgreind eru í þessari reglugerð.

2) Þar sem eignir og stöður mótaðilans sem veitt er óbein stöðustofnunarþjónusta ættu að njóta verndar sem hafa samsvarandi áhrif og sú sem um getur í 39. og 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, hafa hin mismunandi hugtök yfir óbeina viðskiptavini afgerandi þýðingu fyrir þessa reglugerð og ættu að vera skilgreind hér.

3) Með tilliti til þess að stöðustofnunaraðilar ættu að teljast þátttakendur í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB ([2]), og til að tryggja að óbeinir viðskiptavinir njóti sambærilegrar verndar og veitt er viðskiptavinum sem falla undir reglugerð (ESB) nr. 648/2012, ættu viðskiptavinir sem veita óbeina stöðustofnunarþjónustu að vera lánastofnanir, verðbréfafyrirtæki eða einingar í þriðja landi sem eru jafngildar lánastofnunum eða verðbréfafyrirtækjum.

4) Aukin milliliðastarfsemi á milli miðlægs mótaðila og ólíkra laga óbeinna viðskiptavina kallar á fleiri rekstrarlegar ráðstafanir og fleiri reikninga sem og flóknari tæknilausnir og úrvinnsluflæði. Þetta leiðir til æ flóknara óbeins stöðustofnunarfyrirkomulags í samanburði við stöðustofnunarfyrirkomulag viðskiptavinar. Þess vegna ætti að draga úr þessari auknu milliliðastarfsemi með kröfum um annan og rekstrarlega einfaldari valkost á reikningsskipulagi fyrir óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag heldur en fyrir stöðustofnunarfyrirkomulag viðskiptavinar.

5) Stöðustofnunarfyrirkomulag fyrir viðskiptavini kallar á að boðið sé upp á sérgreinda reikninga. Fyrir óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag ætti þó eingöngu að gera kröfu um að í boði séu vergir óbeinir safnreikningar (e. *gross omnibus indirect account structure*) með kerfi til að yfirfæra innheimt tryggingarfé og, ef samþykkt er, tryggingarfé umfram innheimt tryggingarfé, frá óbeina viðskiptavininum alla leið upp til miðlæga mótaðilans, án þess að heimila nokkra skuldajöfnun á stöðum ólíkra óbeinna viðskiptavina á sama verga óbeina safnreikningi, til viðbótar við óbeina safnreikninga sem heimila slíka skuldajöfnun. Þetta fyrirkomulag gerir kleift að greina, á sambærilegan hátt og á sérgreindum reikningum, á milli tryggingarinnar og staðnanna sem haldið er fyrir reikning tiltekins, óbeins viðskiptavinar, annars vegar, og tryggingarinnar og staðnanna sem haldið er fyrir reikning viðskiptavinarins eða annars óbeins viðskiptavinar, hins vegar.

6) Enn fremur, þó verið geti að eignir og stöður sem haldið er í vergu safnreikningaskipulagi fyrir óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag séu áfram óvarðar fyrir tapi annars óbeins viðskiptavinar, þar sem þessar eignir og stöður blandast saman í einum reikningi, er hægt að auðkenna þessar eignir og stöður hratt ef nauðsynlegt er að selja þær í kjölfar vanskila enda stuðli það að því að lágmarka mögulegt tap.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 304, 21.11.2017, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf (Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45).

7) Með þessu fyrirkomulagi er á sama tíma mögulegt að vera með mun einfaldara reikningsskipulag sem dregur úr kostnaðinum og flækjustiginu í samanburði við sérgreinda reikninga en heimilar jafnframt aðgreiningu tryggingar og staðna mismunandi óbeinna viðskiptavina og tryggir þannig vernd sem er jöfn þeirri vernd sem fæst með sérgreindum reikningum. Með því að krefjast þess að vergir óbeinir safnreikningar standi til boða ætti þó ekki að útiloka möguleikann á að bjóða óbeinum viðskiptavinum innan stöðustofnunarfyrirkomulagsins, sem samanstendur af miðlægum mótaðila, stöðustofnunaraðila, viðskiptavini og einu lagi af óbeinum viðskiptavinum, sérgreinda óbeina reikninga.

8) Til að auðvelda aðgengi að miðlægri stöðustofnun, með hagræðingu stöðustofnunarþjónustu og einföldun á viðskiptasambandinu milli stöðustofnunaraðila, viðskiptavina og óbeinna viðskiptavina, bjóða sumar samstæður stöðustofnunarþjónustu með því að nota tvo aðila frá sömu samstæðu til að hafa milligöngu um þessa þjónustustarfsemi. Af svipuðum ástæðum notar samstæða viðskiptavinarins stundum einn aðila til að eiga bein samskipti við stöðustofnunaraðilann og annan aðila til að eiga bein samskipti við óbeina viðskiptavininn, venjulega vegna þess að seinni aðilinn er með staðfestu í sömu lögsögu og óbeini viðskiptavinurinn. Í þessum tilvikum nær hagræðing stöðustofnunarþjónustu yfir ólíka atvinnustarfsemi samstæðunnar og viðskiptasambandið á milli stöðustofnunaraðila, viðskiptavina og óbeinna viðskiptavina er einnig einfaldað. Að því tilskildu að þessi tegund fyrirkomulags uppfylli tiltekin skilyrði sem tryggja að mótaðilaáhætta aukist ekki og að viðeigandi vernd sé veitt fyrir óbeinu stöðustofnunina ætti að heimila hana.

9) Í keðjum af óbeinum stöðustofnunum sem snerta fleiri en miðlægan mótaðila, stöðustofnunaraðila, viðskiptavin og eitt lag af óbeinum viðskiptavinum gæti notkun sérgreindra reikninga leitt til óvæntra tæknilegra erfiðleika þar sem bregðast þyrfti við mögulegum vanskilum eins eða fleiri mótaðila í keðjunni og stýra mörgum sérgreindum reikningum. Að bjóða upp á sérgreinda reikninga í þessum lengri keðjum gæti verið villandi fyrir mótaðila sem sækjast eftir jafn mikilli vernd og venjulega tengist sérgreindum reikningum þar sem slíkri vernd yrði mögulega ekki náð í sumum af þessum lengri keðjum. Til að forðast áhættuna sem sú ranga ályktun leiðir af sér ætti eingöngu að heimila notkun á aðgreindum safnreikningum (e. *omnibus segregated accounts*) í þessum lengri óbeinu stöðustofnunarkeðjum, að því tilskildu að mótaðilar sem stöðustofna í gegnum þetta fyrirkomulag séu upplýstir til fulls um aðgreiningarstigið og áhættuna samfara þeirri reikningstegund.

10) Til að tryggja að innheimt tryggingarfé innan vergs óbeins safnreikningaskipulags sé það sama og innheimt hefði verið ef sérgreindur óbeinn stöðustofnunarreikningur hefði verið notaður ætti miðlægur mótaðili að fá upplýsingar um stöðurnar sem haldið er fyrir reikning óbeina viðskiptavinarins til að reikna út tengdu tryggingafjárkröfuna á óbeinan viðskiptavin á grundvelli hvers óbeins viðskiptavinar fyrir sig.

11) Til að tryggja jafngildi við stöðustofnun viðskiptavinar ætti stöðustofnunaraðili að hafa yfir að ráða verklagi sem auðveldar yfirfærslu á stöðum óbeinna viðskiptavina til annars viðskiptavinar í framhaldi af vanefndum viðskiptavinar sem veitir óbeina stöðustofnunarþjónustu. Af sömu ástæðu ætti stöðustofnunaraðili einnig að hafa verklag til að innleysa stöður og eignir óbeinu viðskiptavinanna og skila ágóðanum af sölunni til þessara óbeinu viðskiptavina, ef þeir eru þekktir. Ef af einhverri ástæðu ekki er hægt að skila ágóðanum af sölunni beint til hlutaðeigandi óbeinna viðskiptavina ætti að skila honum til viðskiptavinarins í vanskilum fyrir reikning beinna viðskiptavina hans.

12) Taka ætti upp verklag til að hægt sé að komast að því hverjir óbeinu viðskiptavinirnir eru og stöðustofnunaraðilinn geti tilgreint hvaða eignir og stöður tilheyra hvaða óbeina viðskiptavini ef til vanskila viðskiptavinarins kemur.

13) Viðskiptavinur sem veitir óbeina stöðustofnunarþjónustu ætti að gera óbeina viðskiptavininum kleift að velja reikningsskipulag. Það getur þó komið fyrir að óbeinn viðskiptavinur láti viðskiptavin ekki vita um val sitt innan hæfilegs tíma. Í því tilviki ætti sá viðskiptavinur að geta veitt óbeina stöðustofnunarþjónustu til þess óbeina viðskiptavinar með því að nota hvaða reikningsskipulag sem er, að því tilskildu að viðskiptavinurinn upplýsi óbeina viðskiptavininn um reikningsskipulagið sem notað er, áhættuna sem tengist þeim reikningi og aðgreiningarstig hans, og möguleikann á að breyta reikningsskipulaginu hvenær sem er.

14) Óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag getur valdið sértækri áhættu. Þess vegna er nauðsynlegt að allir aðilar sem taka þátt í óbeinu stöðustofnunarfyrirkomulagi, þ.m.t. stöðustofnunaraðilar og miðlægir mótaðilar, greini, vakti og stýri á viðvarandi grunni verulegri áhættu sem stafar af því fyrirkomulagi. Í þessum tilgangi eru viðeigandi upplýsingaskipti milli viðskiptavina og stöðustofnunaraðila sérstaklega mikilvæg. Stöðustofnunaraðilar ættu þó að tryggja að þær upplýsingar séu eingöngu notaðar til áhættustýringar og útreiknings á tryggingarþekju og að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar séu ekki misnotaðar.

15) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðsins, að ákvæði þessarar reglugerðar og ákvæðin sem samþykkt eru skv. 2. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ([1]) komi til framkvæmda frá og með sama degi.

16) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

17) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur, í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([2]), haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

18) Því ber að breyta framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 ([3]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013

Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 149/2013 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi kemur í stað b-liðar 1. gr.:

„b) „óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag“: samningssamband milli veitenda og viðtakenda óbeinnar stöðustofnunarþjónustu sem veitt er af viðskiptavini, óbeinum viðskiptavini eða óbeinum viðskiptavini í annan lið,“.

2) Eftirfarandi d- og e-liðir bætast við 1. gr.:

„d) „óbeinn viðskiptavinur í annan lið“: viðskiptavinur óbeins viðskiptavinar,

e) „óbeinn viðskiptavinur í þriðja lið“: viðskiptavinur óbeins viðskiptavinar í annan lið.“

3) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. gr.

Kröfur sem varða óbeina stöðustofnunarþjónustu sem viðskiptavinir veita

1. Viðskiptavini er því aðeins heimilt að veita óbeinum viðskiptavinum óbeina stöðustofnunarþjónustu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) viðskiptavinurinn sé lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi eða aðili með staðfestu í þriðja landi sem myndi teljast lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki væri hann með staðfestu í Sambandinu,

b) viðskiptavinurinn veiti óbeina stöðustofnunarþjónustu á sanngjörnum viðskiptakjörum og birti opinberlega þá almennu skilmála sem hann veitir þessa þjónustu samkvæmt,

c) stöðustofnunaraðilinn hafi samþykkt þá almennu skilmála sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar.

2. Viðskiptavinurinn sem um getur í 1. mgr. og óbeini viðskiptavinurinn skulu gera með sér skriflegt samkomulag um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag. Óbeina stöðustofnunarfyrirkomulagið skal fela í sér a.m.k. eftirfarandi samningsskilmála:

a) þá almennu skilmála sem um getur í b-lið 1. mgr.,

b) skuldbindingu viðskiptavinarins til að virða allar skyldur óbeina viðskiptavinarins gagnvart stöðustofnunaraðilanum sem varða þau viðskipti sem óbeina stöðustofnunarfyrirkomulagið tekur til.

Allir þættir hins óbeina stöðustofnunarfyrirkomulags skulu skjalfestir með skýrum hætti.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([3]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 149/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag, stöðustofnunarskyldu, opinbera skrá, aðgang að viðskiptavettvangi, ófjárhagslega mótaðila og aðferðir til að draga úr áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað (Stjtíð. ESB L 52, 23.2.2013, bls. 11).

3. Miðlægur mótaðili skal ekki standa í vegi fyrir gerð samkomulags um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag sem er á sanngjörnum viðskiptakjörum.“

4) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

Skyldur miðlægra mótaðila

1. Miðlægur mótaðili skal stofna og starfrækja alla reikninga sem um getur í 4. mgr. 4. gr. í samræmi við beiðni stöðustofnunaraðilans.

2. Miðlægur mótaðili sem heldur eignum og stöðum fleiri en eins óbeins viðskiptavinar á reikningi eins og um getur í b-lið 4. mgr. 4. gr. skal halda aðgreindar skrár um stöður hvers óbeins viðskiptavinar, reikna út tryggingarfé fyrir hvern óbeinan viðskiptavin og innheimta samanlagða fjárhæð þessa tryggingarfjár á vergum (brúttó) grunni, á grundvelli þeirra upplýsinga sem um getur í 3. mgr. 4. gr.

3. Miðlægur mótaðili skal greina, vakta og stýra verulegri áhættu sem stafar af því að veita óbeina stöðustofnunarþjónustu og gæti haft áhrif á viðnámsþrótt miðlægs mótaðila gagnvart óhagstæðri markaðsþróun.

5) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Skyldur stöðustofnunaraðila

1. Stöðustofnunaraðili sem veitir óbeina stöðustofnunarþjónustu skal gera það á sanngjörnum viðskiptakjörum og birta opinberlega þá almennu skilmála sem hann veitir þá þjónustu samkvæmt.

Þeir almennu skilmálar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu fela í sér kröfur um lágmarksfjármagn og -rekstrargetu viðskiptavina sem veita óbeina stöðustofnunarþjónustu.

2. Stöðustofnunaraðili sem veitir óbeina stöðustofnunarþjónustu skal a.m.k. stofna og starfrækja eftirfarandi reikninga í samræmi við beiðni viðskiptavinarins:

a) safnreikning með eignum og stöðum sem sá viðskiptavinur heldur fyrir reikning óbeinna viðskiptavina sinna,

b) safnreikning með eignum og stöðum sem sá viðskiptavinur heldur fyrir reikning óbeinna viðskiptavina sinna, þar sem stöðustofnunaraðilinn skal tryggja að stöður eins óbeins viðskiptavinar jafni ekki út stöður annars óbeins viðskiptavinar og að ekki sé hægt að nota eignir eins óbeins viðskiptavinar til að tryggja stöður annars óbeins viðskiptavinar.

3. Stöðustofnunaraðili sem heldur eignum og stöðum fyrir reikning fleiri en eins óbeins viðskiptavinar á reikningi eins og um getur í b-lið 2. gr. skal daglega veita miðlæga mótaðilanum allar nauðsynlegar upplýsingar til að gera miðlæga mótaðilanum kleift að ákvarða hvaða stöður eru fyrir reikning hvers óbeins viðskiptavinar. Þær upplýsingar skulu byggjast á þeim upplýsingum sem um getur í 4. mgr. 5. gr.

4. Stöðustofnunaraðili sem veitir óbeina stöðustofnunarþjónustu skal a.m.k. stofna og starfrækja eftirfarandi reikninga hjá miðlæga mótaðilanum samkvæmt beiðni viðskiptavinarins:

a) sérgreindan reikning sem einungis er notaður til að geyma eignir og stöður óbeinna viðskiptavina sem stöðustofnunaraðilinn heldur á reikningi eins og um getur í a-lið 2. mgr.,

b) sérgreindan reikning sem einungis er notaður til að geyma eignir og stöður óbeinna viðskiptavina hvers viðskiptavinar sem stöðustofnunaraðilinn heldur á reikningi eins og um getur í b-lið 2. mgr.

5. Stöðustofnunaraðili skal setja verklagsreglur um meðferð vanskila viðskiptavinar sem veitir óbeina stöðustofnunarþjónustu.

6. Stöðustofnunaraðili sem heldur eignum og stöðum óbeinna viðskiptavina á reikningi eins og um getur í a-lið 2. mgr. skal:

a) tryggja að verklagsreglurnar sem um getur í 5. mgr. geri kleift að innleysa þessar eignir og stöður tafarlaust eftir vanskil viðskiptavinar, þ.m.t. að innleysa þessar eignir og stöður á stigi miðlæga mótaðilans, og feli í sér nákvæmt verklag tilkynninga til óbeinna viðskiptavina um vanskil viðskiptavinarins og áætlað tímabil til innlausnar eigna og staðna þessara óbeinu viðskiptavina,

b) að loknu meðferðarferlinu vegna vanskila viðskiptavinar, skila greiðlega þeim viðskiptavini, fyrir reikning óbeinu viðskiptavinanna, þeirri eftirstandandi fjárhæð sem er í skuld eftir innlausn þessara eigna og staðna.

7. Stöðustofnunaraðili, sem heldur eignum og stöðum óbeinna viðskiptavina á reikningi eins og um getur í b-lið 2. mgr. skal:

a) kveða á um í verklagsreglunum sem um getur í 5. mgr.:

i. ráðstafanir til að yfirfæra eignir og stöður sem viðskiptavinur í vanskilum heldur fyrir reikning óbeinna viðskiptavina sinna til annars viðskiptavinar eða til stöðustofnunaraðila,

ii. ráðstafanir til að greiða hverjum óbeinum viðskiptavini ágóðann af innlausn eigna og staðna þess óbeina viðskiptavinar,

iii. ítarlegar verklagsreglur um tilkynningar til óbeinu viðskiptavinanna um vanskil viðskiptavinarins og áætlað tímabil til innlausnar eigna og staðna viðkomandi óbeinu viðskiptavina,

b) samningsbinda sig til að virkja verklagsreglurnar um yfirfærslu eigna og staðna sem viðskiptavinur í vanskilum heldur fyrir reikning óbeinna viðskiptavina sinna til annars viðskiptavinar eða stöðustofnunaraðila sem tilgreindur hefur verið af viðkomandi óbeinum viðskiptavinum viðskiptavinarins í vanskilum, að beiðni þeirra óbeinu viðskiptavina og án þess að fá samþykki viðskiptavinarins í vanskilum. Hinn viðskiptavinurinn eða stöðustofnunaraðilinn skal aðeins skuldbundinn til að samþykkja að taka við þessum eignum og stöðum ef hann hefur áður stofnað til samningssambands við viðkomandi óbeinan viðskiptavin sem skuldbindur hann til þess,

c) tryggja að verklagsreglurnar sem um getur í 5. mgr. geri kleift að innleysa þessar eignir og stöður tafarlaust eftir vanskil viðskiptavinar, þ.m.t. að innleysa þessar eignir og stöður á stigi miðlæga mótaðilans, hafi yfirfærslan sem um getur í b-lið ekki átt sér stað af einhverri ástæðu innan fyrirfram skilgreinds yfirfærslutímabils sem tilgreint er í óbeina stöðustofnunarfyrirkomulaginu,

d) eftir innlausn þessara eigna og staðna, samningsbinda sig til að virkja verklagsreglurnar um greiðslu ágóða innlausnanna til hvers hinna óbeinu viðskiptavina,

e) hafi stöðustofnunaraðilanum verið ókleift að greina deili á óbeinu viðskiptavinunum eða að ljúka greiðslu á ágóða innlausnanna sem um getur í d-lið til hvers hinna óbeinu viðskiptavina, skila greiðlega öllum eftirstandandi fjárhæðum sem eru í skuld eftir innlausn eignanna og staðnanna til viðskiptavinarins fyrir reikning óbeinu viðskiptavinanna.

8. Stöðustofnunaraðili skal ákvarða, vakta og stýra verulegri áhættu sem stafar af því að veita óbeina stöðustofnunarþjónustu og gæti haft áhrif á viðnámsþrótt hans gagnvart óhagstæðri markaðsþróun. Stöðustofnunaraðilinn skal setja innri verklagsreglur til að tryggja að ekki sé unnt að nota þær upplýsingar sem um getur í 8. mgr. 5. gr. í viðskiptaskyni.“

6) Í stað 5. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr.

Skyldur viðskiptavina

1. Viðskiptavinur sem veitir óbeina stöðustofnunarþjónustu skal bjóða óbeinum viðskiptavinum val á milli a.m.k. þeirra reikningstegunda sem um getur í 2. mgr. 4. gr. og tryggja að þessir óbeinu viðskiptavinir séu fyllilega upplýstir um mismunandi stig aðgreiningar og áhættuna sem tengist hverri reikningstegund.

2. Viðskiptavinurinn sem um getur í 1. mgr. skal úthluta einni reikningstegundanna sem um getur í 2. mgr. 4. gr. til óbeinna viðskiptavina sem hafa ekki valið neina þeirra innan hæfilegs tíma sem viðskiptavinurinn ákveður. Viðskiptavinurinn skal án ástæðulausrar tafar upplýsa óbeina viðskiptavininn um þá áhættu sem tengist þeirri tegund reiknings sem honum er úthlutað. Óbeina viðskiptavininum er heimilt að velja aðra tegund reiknings hvenær sem er með skriflegri beiðni til viðskiptavinarins.

3. Viðskiptavinur sem veitir óbeina stöðustofnunarþjónustu skal halda aðskildar skrár og reikninga sem gera honum kleift að greina á milli sinna eigin eigna og staðna og þeirra eigna og staðna sem hann heldur fyrir reikning óbeinna viðskiptavina sinna.

4. Haldi stöðustofnunaraðilinn eignum og stöðum fleiri en eins óbeins viðskiptavinar á reikningi eins og um getur í b-lið 2. mgr. 4. gr. skal viðskiptavinurinn daglega veita stöðustofnunaraðilanum allar nauðsynlegar upplýsingar til að gera stöðustofnunaraðilanum kleift að ákvarða hvaða stöður eru fyrir reikning hvers óbeins viðskiptavinar.

5. Viðskiptavinur sem veitir óbeina stöðustofnunarþjónustu skal, í samræmi við val óbeinna viðskiptavina sinna, fara fram á það við stöðustofnunaraðilann að hann stofni og starfræki hjá miðlæga mótaðilanum þá reikninga sem um getur í 4. mgr. 4. gr.

6. Viðskiptavinur skal veita óbeinum viðskiptavinum sínum nægilegar upplýsingar til að gera þeim kleift að greina deili á þeim miðlæga mótaðila og stöðustofnunaraðila sem notaðir eru til að stöðustofna stöður þeirra.

7. Haldi stöðustofnunaraðilinn eignum og stöðum eins eða fleiri óbeinna viðskiptavina á reikningi eins og um getur í b-lið 2. mgr. 4. gr. skal viðskiptavinurinn sjá til þess að um óbeina stöðustofnunarfyrirkomulagið við óbeina viðskiptavini hans gildi allir nauðsynlegir skilmálar til að tryggja að, komi til vanskila þess viðskiptavinar, stöðustofnunaraðilinn geti tafarlaust skilað óbeinu viðskiptavinunum ágóða innlausnar þeirra staðna og eigna sem haldið er fyrir reikning þessara óbeinu viðskiptavina, í samræmi við 7. mgr. 4. gr.

8. Viðskiptavinur skal veita stöðustofnunaraðilanum nægilegar upplýsingar til að ákvarða, vakta og stýra allri verulegri áhættu sem stafar af því að veita óbeina stöðustofnunarþjónustu og gæti haft áhrif á viðnámsþrótt stöðustofnunaraðilans.

9. Viðskiptavinur skal hafa fyrirkomulag sem tryggir að, komi til vanskila hans, allar upplýsingar sem hann býr yfir og varða óbeina viðskiptavini hans séu tafarlaust gerðar aðgengilegar stöðustofnunaraðilanum, þ.m.t. hverjir óbeinu viðskiptavinirnir eru, eins og um getur í 4. mgr. 5. gr.“

7) Eftirfarandi 5. gr. a bætist við:

„5. gr. a

Kröfur sem varða óbeina stöðustofnunarþjónustu sem óbeinir viðskiptavinir veita

1. Óbeinum viðskiptavini er því aðeins heimilt að veita óbeinum viðskiptavinum í annan lið óbeina stöðustofnunar-þjónustu að aðilar óbeina stöðustofnunarfyrirkomulagsins uppfylli eina af þeim kröfum sem eru settar fram í 2. mgr. og að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) óbeini viðskiptavinurinn sé lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi eða aðili með staðfestu í þriðja landi sem myndi teljast lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki væri sá aðili með staðfestu í Sambandinu,

b) óbeini viðskiptavinurinn og óbeini viðskiptavinurinn í annan lið geri með sér skriflegt samkomulag um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag. Óbeina stöðustofnunarfyrirkomulagið skal fela í sér a.m.k. eftirfarandi samningsskilmála:

   i. þá almennu skilmála sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr.,

   ii. skuldbindingu óbeina viðskiptavinarins til að virða allar skyldur óbeina viðskiptavinarins í annan lið gagnvart viðskiptavininum að því er varðar þau viðskipti sem óbeina stöðustofnunarfyrirkomulagið tekur til,

c) stöðustofnunaraðilinn haldi eignum og stöðum óbeina viðskiptavinarins í annan lið á reikningi eins og um getur í a-lið 2. mgr. 4. gr.

Allir þættir hins óbeina stöðustofnunarfyrirkomulags sem um getur í b-lið skulu skjalfestir með skýrum hætti.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu aðilar óbeina stöðustofnunarfyrirkomulagsins uppfylla eina af eftirfarandi kröfum:

a) stöðustofnunaraðilinn og viðskiptavinurinn séu hluti af sömu samstæðu, en óbeini viðskiptavinurinn sé ekki hluti af þeirri samstæðu,

b) viðskiptavinurinn og óbeini viðskiptavinurinn séu hluti af sömu samstæðu, en hvorki stöðustofnunaraðilinn né óbeini viðskiptavinurinn í annan lið sé hluti af þeirri samstæðu.

3. Að því er varðar óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag sem aðilar í þeim aðstæðum sem um getur í a-lið 2. mgr. ganga að:

a) skulu ákvæði 1., 5., 6. og 8. mgr. 4. gr. gilda um viðskiptavininn eins og hann væri stöðustofnunaraðili,

b) skulu ákvæði b-liðar 1. mgr. 2. gr. og 2., 3., 6., 8. og 9. mgr. 5. gr. gilda um óbeina viðskiptavininn eins og hann væri viðskiptavinur.

4. Að því er varðar óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag sem aðilar í þeim aðstæðum sem um getur í b-lið 2. mgr. ganga að:

a) skulu ákvæði 5. og 6. mgr. 4. gr. gilda um viðskiptavininn eins og hann væri stöðustofnunaraðili,

b) skulu ákvæði b-liðar 1. mgr. 2. gr. og 2., 3., 6., 8. og 9. mgr. 5. gr. gilda um óbeina viðskiptavininn eins og hann væri viðskiptavinur.“

8) Eftirfarandi 5. gr. b bætist við:

„5. gr. b

Kröfur sem varða óbeina stöðustofnunarþjónustu sem óbeinir viðskiptavinir í annan lið veita

1. Óbeinum viðskiptavini í annan lið er því aðeins heimilt að veita óbeinum viðskiptavinum í þriðja lið óbeina stöðustofnunarþjónustu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) óbeini viðskiptavinurinn og óbeini viðskiptavinurinn í annan lið séu lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki með starfsleyfi eða séu aðilar með staðfestu í þriðja landi sem myndu teljast lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki ef þeir væru með staðfestu í Sambandinu,

b) stöðustofnunaraðilinn og viðskiptavinurinn séu hluti af sömu samstæðu, en óbeini viðskiptavinurinn sé ekki hluti af þeirri samstæðu,

c) óbeini viðskiptavinurinn og óbeini viðskiptavinurinn í annan lið séu hluti af sömu samstæðu, en óbeini viðskiptavinurinn í þriðja lið sé ekki hluti af þeirri samstæðu,

d) óbeini viðskiptavinurinn í annan lið og óbeini viðskiptavinurinn í þriðja lið geri með sér skriflegt samkomulag um óbeint stöðustofnunarfyrirkomulag. Óbeina stöðustofnunarfyrirkomulagið skal fela í sér a.m.k. eftirfarandi samningsskilmála:

   i. þá almennu skilmála sem um getur í b-lið 1. mgr. 2. gr.,

   ii. skuldbindingu óbeina viðskiptavinarins í annan lið til að virða allar skyldur óbeina viðskiptavinarins í þriðja lið gagnvart óbeina viðskiptavininum að því er varðar þau viðskipti sem óbeina stöðustofnunarfyrirkomulagið tekur til,

e) stöðustofnunaraðilinn haldi eignum og stöðum óbeina viðskiptavinarins í þriðja lið á reikningi eins og um getur í a-lið 2. mgr. 4. gr.

Allir þættir hins óbeina stöðustofnunarfyrirkomulags sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar skulu skjalfestir með skýrum hætti.

2. Veiti óbeinir viðskiptavinir í annan lið óbeina stöðustofnunarþjónustu skv. 1. mgr.:

a) skulu ákvæði 1., 5., 6. og 8. mgr. 4. gr. gilda bæði um viðskiptavininn og óbeina viðskiptavininn eins og þeir væru stöðustofnunaraðilar,

b) skulu ákvæði b-liðar 1. mgr. 2. gr. og 2., 3., 6., 8. og 9. mgr. 5. gr. gilda um bæði óbeina viðskiptavininn og óbeina viðskiptavininn í annan lið eins og þeir væru viðskiptavinir.“

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1145 **2021/EES/80/02**

frá 31. júlí 2020

um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní 2020 til 29. september 2020 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum þriðju undirgrein 2. mgr. 77. gr. e,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir útreikning vátrygginga- og endurtryggingafélaga á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli að því er varðar tilskipun 2009/138/EB ætti að mæla fyrir um tæknilegar upplýsingar um viðeigandi áhættulausan vaxtaferil, grundvallaráhættuálag fyrir útreikninginn á aðlögun vegna samræmingar og aðlögun vegna óstöðugleika, fyrir sérhverja viðmiðunardagsetningu.

2) Vátrygginga- og endurtryggingafélög ættu að nota tæknilegu upplýsingarnar sem byggjast á markaðsgögnum frá lokum síðasta mánaðarins fyrir fyrstu viðmiðunardagsetningu gagnaskila sem þessi reglugerð gildir um. Hinn 3. júlí 2020 veitti Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin framkvæmdastjórninni tæknilegu upplýsingarnar sem styðjast við markaðsgögnin frá lokum júní 2020. Þær upplýsingar voru birtar 3. júlí 2020 í samræmi við 1. mgr. 77. gr. e í tilskipun 2009/138/EB.

3) Þar sem nauðsynlegt er að geta fengið tæknilegu upplýsingarnar án tafar er mikilvægt að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og auðið er.

4) Af varfærnisástæðum er nauðsynlegt að vátrygginga- og endurtryggingafélög noti sömu tæknilegu upplýsingar til að reikna út vátryggingaskuld og kjarnagjaldþol án tillits til þess hvenær þau skila skýrslu til lögbærra yfirvalda sinna. Því ætti reglugerð þessi að koma til framkvæmda frá og með fyrstu viðmiðunardagsetningu gagnaskila sem þessi reglugerð gildir um.

5) Til að skapa réttarvissu eins fljótt og auðið er telst fyllilega réttmætt, þegar brýna nauðsyn ber til í tengslum við tiltækileika viðkomandi áhættulauss vaxtaferils, að samþykkja ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð í samræmi við 8. gr., með hliðsjón af 4. gr., reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([2]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 250, 3.8.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 48/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu nota tæknilegu upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. við útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningum frá 30. júní 2020 til 29. september 2020.

2. Fyrir hvern viðeigandi gjaldmiðil skulu tæknilegu upplýsingarnar sem notaðar eru til að reikna út besta mat í samræmi við 77. gr. tilskipunar 2009/138/EB, aðlögun vegna samræmingar í samræmi við 77. gr. c í þeirri tilskipun og aðlögun vegna óstöðugleika í samræmi við 77. gr. d í þeirri tilskipun vera eftirfarandi:

a) viðeigandi áhættulausir vaxtaferlar sem settir eru fram í I. viðauka,

b) grundvallaráhættuálag fyrir útreikninginn á aðlögun vegna samræmingar sem settur er fram í II. viðauka,

c) fyrir hvern viðeigandi landsbundinn tryggingamarkað, aðlögun vegna óstöðugleika sem sett er fram í III. viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. júní 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Viðeigandi áhættulausir vaxtaferlar til að reikna út besta mat, án aðlagana vegna samræmingar eða óstöðugleika

Binditími (í árum)	Evra	Tékknesk króna	Dönsk króna	Ungversk forinta	Sænsk króna	Króatísk kúna
1	-0,445%	0,205%	-0,455%	0,245%	-0,108%	-0,190%
2	-0,475%	0,245%	-0,485%	0,515%	-0,117%	0,193%
3	-0,485%	0,289%	-0,495%	0,766%	-0,108%	0,524%
4	-0,465%	0,336%	-0,475%	0,999%	-0,077%	0,773%
5	-0,445%	0,386%	-0,455%	1,217%	-0,042%	0,962%
6	-0,415%	0,435%	-0,426%	1,418%	-0,000%	1,107%
7	-0,386%	0,481%	-0,396%	1,602%	0,045%	1,213%
8	-0,346%	0,521%	-0,356%	1,773%	0,060%	1,285%
9	-0,306%	0,554%	-0,316%	1,927%	0,091%	1,334%
10	-0,267%	0,578%	-0,277%	2,069%	0,181%	1,390%
11	-0,234%	0,597%	-0,244%	2,199%	0,348%	1,454%
12	-0,187%	0,617%	-0,197%	2,317%	0,545%	1,522%
13	-0,158%	0,642%	-0,168%	2,426%	0,745%	1,592%
14	-0,125%	0,677%	-0,135%	2,525%	0,933%	1,661%
15	-0,094%	0,724%	-0,104%	2,615%	1,105%	1,730%
16	-0,082%	0,782%	-0,092%	2,698%	1,261%	1,796%
17	-0,080%	0,849%	-0,090%	2,774%	1,402%	1,861%
18	-0,075%	0,921%	-0,085%	2,843%	1,529%	1,923%
19	-0,059%	0,996%	-0,069%	2,908%	1,643%	1,983%
20	-0,027%	1,071%	0,038%	2,968%	1,747%	2,040%
21	0,022%	1,146%	0,012%	3,024%	1,841%	2,094%
22	0,086%	1,220%	0,076%	3,076%	1,927%	2,146%
23	0,158%	1,293%	0,148%	3,125%	2,006%	2,196%
24	0,236%	1,363%	0,226%	3,171%	2,078%	2,244%

25	0,317%	1,431%	0,308%	3,214%	2,144%	2,289%
26	0,399%	1,497%	0,390%	3,255%	2,205%	2,332%
27	0,482%	1,561%	0,474%	3,294%	2,262%	2,373%
28	0,564%	1,622%	0,556%	3,330%	2,315%	2,413%
29	0,645%	1,681%	0,637%	3,364%	2,364%	2,450%
30	0,724%	1,737%	0,716%	3,397%	2,410%	2,486%
31	0,801%	1,791%	0,793%	3,428%	2,453%	2,520%
32	0,876%	1,843%	0,868%	3,457%	2,493%	2,553%
33	0,948%	1,893%	0,941%	3,485%	2,531%	2,584%
34	1,018%	1,940%	1,011%	3,511%	2,567%	2,614%
35	1,085%	1,986%	1,078%	3,537%	2,600%	2,642%
36	1,150%	2,030%	1,143%	3,561%	2,632%	2,670%
37	1,213%	2,072%	1,206%	3,584%	2,662%	2,696%
38	1,273%	2,112%	1,266%	3,606%	2,690%	2,721%
39	1,330%	2,150%	1,324%	3,627%	2,718%	2,745%
40	1,386%	2,187%	1,380%	3,647%	2,743%	2,768%
41	1,439%	2,223%	1,433%	3,666%	2,768%	2,790%
42	1,491%	2,257%	1,485%	3,685%	2,791%	2,811%
43	1,540%	2,289%	1,534%	3,703%	2,813%	2,832%
44	1,588%	2,321%	1,582%	3,720%	2,834%	2,851%
45	1,633%	2,351%	1,628%	3,736%	2,855%	2,870%
46	1,677%	2,380%	1,672%	3,752%	2,874%	2,888%
47	1,719%	2,408%	1,714%	3,767%	2,893%	2,905%
48	1,760%	2,435%	1,755%	3,781%	2,910%	2,922%
49	1,799%	2,460%	1,794%	3,795%	2,927%	2,938%
50	1,837%	2,485%	1,832%	3,809%	2,944%	2,954%
51	1,874%	2,509%	1,869%	3,822%	2,960%	2,969%

52	1,909%	2,533%	1,904%	3,835%	2,975%	2,983%
53	1,943%	2,555%	1,938%	3,847%	2,989%	2,997%
54	1,975%	2,577%	1,971%	3,858%	3,003%	3,011%
55	2,007%	2,597%	2,002%	3,870%	3,017%	3,024%
56	2,038%	2,618%	2,033%	3,881%	3,030%	3,037%
57	2,067%	2,637%	2,063%	3,891%	3,042%	3,049%
58	2,096%	2,656%	2,091%	3,902%	3,055%	3,061%
59	2,123%	2,674%	2,119%	3,911%	3,066%	3,072%
60	2,150%	2,692%	2,146%	3,921%	3,078%	3,083%
61	2,176%	2,709%	2,172%	3,930%	3,089%	3,094%
62	2,201%	2,726%	2,197%	3,939%	3,099%	3,104%
63	2,225%	2,742%	2,221%	3,948%	3,110%	3,114%
64	2,249%	2,757%	2,245%	3,957%	3,120%	3,124%
65	2,272%	2,772%	2,268%	3,965%	3,129%	3,134%
66	2,294%	2,787%	2,290%	3,973%	3,139%	3,143%
67	2,315%	2,801%	2,312%	3,981%	3,148%	3,152%
68	2,336%	2,815%	2,332%	3,988%	3,157%	3,161%
69	2,356%	2,828%	2,353%	3,995%	3,165%	3,169%
70	2,376%	2,841%	2,373%	4,003%	3,173%	3,177%
71	2,395%	2,854%	2,392%	4,010%	3,182%	3,185%
72	2,414%	2,867%	2,411%	4,016%	3,189%	3,193%
73	2,432%	2,879%	2,429%	4,023%	3,197%	3,201%
74	2,450%	2,890%	2,446%	4,029%	3,205%	3,208%
75	2,467%	2,902%	2,464%	4,035%	3,212%	3,215%
76	2,484%	2,913%	2,481%	4,042%	3,219%	3,222%
77	2,500%	2,924%	2,497%	4,047%	3,226%	3,229%
78	2,516%	2,934%	2,513%	4,053%	3,232%	3,236%

79	2,532%	2,944%	2,528%	4,059%	3,239%	3,242%
80	2,547%	2,954%	2,544%	4,064%	3,245%	3,248%
81	2,561%	2,964%	2,558%	4,070%	3,252%	3,255%
82	2,576%	2,974%	2,573%	4,075%	3,258%	3,261%
83	2,590%	2,983%	2,587%	4,080%	3,264%	3,266%
84	2,604%	2,992%	2,601%	4,085%	3,269%	3,272%
85	2,617%	3,001%	2,614%	4,090%	3,275%	3,278%
86	2,630%	3,010%	2,627%	4,095%	3,281%	3,283%
87	2,643%	3,018%	2,640%	4,099%	3,286%	3,289%
88	2,655%	3,026%	2,653%	4,104%	3,291%	3,294%
89	2,668%	3,034%	2,665%	4,108%	3,296%	3,299%
90	2,680%	3,042%	2,677%	4,112%	3,301%	3,304%
91	2,691%	3,050%	2,689%	4,117%	3,306%	3,309%
92	2,703%	3,058%	2,700%	4,121%	3,311%	3,314%
93	2,714%	3,065%	2,711%	4,125%	3,316%	3,318%
94	2,725%	3,072%	2,722%	4,129%	3,320%	3,323%
95	2,736%	3,080%	2,733%	4,133%	3,325%	3,327%
96	2,746%	3,086%	2,744%	4,137%	3,329%	3,332%
97	2,757%	3,093%	2,754%	4,140%	3,334%	3,336%
98	2,767%	3,100%	2,764%	4,144%	3,338%	3,340%
99	2,777%	3,107%	2,774%	4,148%	3,342%	3,344%
100	2,786%	3,113%	2,784%	4,151%	3,346%	3,348%
101	2,796%	3,119%	2,793%	4,155%	3,350%	3,352%
102	2,805%	3,125%	2,803%	4,158%	3,354%	3,356%
103	2,814%	3,131%	2,812%	4,161%	3,358%	3,360%
104	2,823%	3,137%	2,821%	4,164%	3,362%	3,364%
105	2,832%	3,143%	2,830%	4,168%	3,365%	3,367%

106	2,841%	3,149%	2,838%	4,171%	3,369%	3,371%
107	2,849%	3,154%	2,847%	4,174%	3,372%	3,375%
108	2,857%	3,160%	2,855%	4,177%	3,376%	3,378%
109	2,865%	3,165%	2,863%	4,180%	3,379%	3,382%
110	2,873%	3,171%	2,871%	4,183%	3,383%	3,385%
111	2,881%	3,176%	2,879%	4,186%	3,386%	3,388%
112	2,889%	3,181%	2,887%	4,188%	3,389%	3,391%
113	2,897%	3,186%	2,894%	4,191%	3,392%	3,395%
114	2,904%	3,191%	2,902%	4,194%	3,396%	3,398%
115	2,911%	3,196%	2,909%	4,197%	3,399%	3,401%
116	2,919%	3,201%	2,916%	4,199%	3,402%	3,404%
117	2,926%	3,205%	2,924%	4,202%	3,405%	3,407%
118	2,933%	3,210%	2,931%	4,204%	3,408%	3,410%
119	2,939%	3,214%	2,937%	4,207%	3,410%	3,412%
120	2,946%	3,219%	2,944%	4,209%	3,413%	3,415%
121	2,953%	3,223%	2,951%	4,212%	3,416%	3,418%
122	2,959%	3,228%	2,957%	4,214%	3,419%	3,421%
123	2,966%	3,232%	2,964%	4,216%	3,422%	3,423%
124	2,972%	3,236%	2,970%	4,219%	3,424%	3,426%
125	2,978%	3,240%	2,976%	4,221%	3,427%	3,429%
126	2,984%	3,244%	2,982%	4,223%	3,429%	3,431%
127	2,990%	3,248%	2,988%	4,225%	3,432%	3,434%
128	2,996%	3,252%	2,994%	4,227%	3,434%	3,436%
129	3,002%	3,256%	3,000%	4,229%	3,437%	3,439%
130	3,008%	3,260%	3,006%	4,231%	3,439%	3,441%
131	3,013%	3,263%	3,012%	4,234%	3,442%	3,443%
132	3,019%	3,267%	3,017%	4,236%	3,444%	3,446%

133	3,024%	3,271%	3,023%	4,238%	3,446%	3,448%
134	3,030%	3,274%	3,028%	4,239%	3,448%	3,450%
135	3,035%	3,278%	3,033%	4,241%	3,451%	3,452%
136	3,040%	3,281%	3,039%	4,243%	3,453%	3,455%
137	3,046%	3,285%	3,044%	4,245%	3,455%	3,457%
138	3,051%	3,288%	3,049%	4,247%	3,457%	3,459%
139	3,056%	3,291%	3,054%	4,249%	3,459%	3,461%
140	3,061%	3,295%	3,059%	4,251%	3,461%	3,463%
141	3,066%	3,298%	3,064%	4,252%	3,463%	3,465%
142	3,070%	3,301%	3,069%	4,254%	3,465%	3,467%
143	3,075%	3,304%	3,073%	4,256%	3,467%	3,469%
144	3,080%	3,307%	3,078%	4,258%	3,469%	3,471%
145	3,084%	3,310%	3,083%	4,259%	3,471%	3,473%
146	3,089%	3,313%	3,087%	4,261%	3,473%	3,475%
147	3,093%	3,316%	3,092%	4,263%	3,475%	3,477%
148	3,098%	3,319%	3,096%	4,264%	3,477%	3,478%
149	3,102%	3,322%	3,100%	4,266%	3,479%	3,480%
150	3,106%	3,325%	3,105%	4,267%	3,481%	3,482%

Binditími (í árum)	**Búlgarskt lef**	**Sterlingspund**	**Rúmenskt lei**	**Pólskt slot**	**Íslensk króna**	**Norsk króna**
1	-0,495%	0,097%	2,908%	-0,155%	1,083%	0,252%
2	-0,525%	0,047%	3,186%	-0,021%	1,258%	0,365%
3	-0,535%	0,048%	3,352%	0,171%	1,490%	0,415%
4	-0,515%	0,070%	3,477%	0,397%	1,700%	0,486%
5	-0,495%	0,100%	3,580%	0,626%	1,895%	0,549%
6	-0,466%	0,126%	3,664%	0,836%	2,086%	0,594%
7	-0,436%	0,153%	3,736%	1,012%	2,273%	0,633%

8	-0,396%	0,180%	3,800%	1,150%	2,438%	0,678%
9	-0,357%	0,206%	3,856%	1,252%	2,570%	0,731%
10	-0,317%	0,230%	3,911%	1,327%	2,677%	0,797%
11	-0,285%	0,250%	3,955%	1,400%	2,765%	0,875%
12	-0,237%	0,266%	3,987%	1,476%	2,839%	0,959%
13	-0,208%	0,279%	4,011%	1,552%	2,902%	1,046%
14	-0,176%	0,290%	4,029%	1,626%	2,956%	1,135%
15	-0,145%	0,298%	4,041%	1,699%	3,003%	1,221%
16	-0,133%	0,304%	4,050%	1,769%	3,045%	1,306%
17	-0,131%	0,308%	4,056%	1,836%	3,082%	1,389%
18	-0,126%	0,311%	4,059%	1,900%	3,115%	1,468%
19	-0,110%	0,313%	4,061%	1,962%	3,144%	1,544%
20	-0,078%	0,314%	4,061%	2,021%	3,171%	1,617%
21	-0,028%	0,314%	4,060%	2,077%	3,196%	1,686%
22	0,037%	0,314%	4,058%	2,130%	3,218%	1,753%
23	0,110%	0,313%	4,055%	2,181%	3,239%	1,816%
24	0,189%	0,311%	4,052%	2,229%	3,258%	1,876%
25	0,271%	0,308%	4,048%	2,276%	3,276%	1,933%
26	0,355%	0,305%	4,044%	2,320%	3,292%	1,988%
27	0,439%	0,301%	4,039%	2,361%	3,307%	2,040%
28	0,522%	0,298%	4,035%	2,401%	3,322%	2,090%
29	0,604%	0,296%	4,030%	2,439%	3,335%	2,137%
30	0,685%	0,295%	4,025%	2,476%	3,348%	2,182%
31	0,763%	0,294%	4,020%	2,510%	3,359%	2,225%
32	0,838%	0,294%	4,015%	2,543%	3,370%	2,266%
33	0,912%	0,294%	4,011%	2,575%	3,381%	2,305%
34	0,982%	0,293%	4,006%	2,605%	3,391%	2,343%

35	1,051%	0,290%	4,001%	2,634%	3,400%	2,379%
36	1,116%	0,287%	3,996%	2,661%	3,409%	2,413%
37	1,180%	0,281%	3,992%	2,688%	3,418%	2,445%
38	1,241%	0,273%	3,987%	2,713%	3,426%	2,477%
39	1,299%	0,263%	3,983%	2,737%	3,433%	2,507%
40	1,355%	0,250%	3,978%	2,760%	3,441%	2,535%
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og þegar þessi verðbréf eru ekki hlutabréf eða önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum, má semja útgefandalýsinguna fyrir eftirfarandi verðbréf, í samræmi við 7. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar verðbréf fyrir almenna fjárfesta eða 8. gr. þessarar reglugerðar fyrir verðbréf til í heildsölu:

a) verðbréfin sem um getur í 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar,

b) verðbréfin sem um getur í 2. mgr. 19. gr. þessarar reglugerðar, þegar þessi verðbréf eru skiptanleg fyrir eða breytanleg í hlutabréf sem eru eða verða gefin út af aðila sem tilheyrir samstæðu útgefandans og sem ekki eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði,

c) verðbréfin sem um getur í 2. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar, þegar þessi verðbréf veita rétt til að skrá sig fyrir eða afla hlutabréfa sem eru eða verða gefin út af aðila sem tilheyrir samstæðu útgefandans og sem ekki eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði.“

2) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Útgefandalýsing fyrir síðari útgáfur hlutabréfatengdra verðbréfa

1. Sértæk útgefandalýsing fyrir hlutabréfatengd verðbréf sem samin er í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 3. viðauka við þessa reglugerð.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og þegar þessi verðbréf eru ekki hlutabréf eða önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum, má semja útgefandalýsinguna fyrir eftirfarandi verðbréf í samræmi við 9. gr.:

a) verðbréfin sem um getur í 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar,

b) verðbréfin sem um getur í 2. mgr. 19. gr. þessarar reglugerðar, þegar þessi verðbréf eru skiptanleg fyrir eða breytanleg í hlutabréf sem eru eða verða gefin út af aðila sem tilheyrir samstæðu útgefandans og sem ekki eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði,

c) verðbréfin sem um getur í 2. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar, þegar þessi verðbréf veita rétt til að skrá sig fyrir hlutabréfum eða afla hlutabréfa sem eru eða verða gefin út af aðila sem tilheyrir samstæðu útgefandans og sem ekki eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði.“

3) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

„12. gr.

Verðbréfalýsing fyrir hlutabréfatengd verðbréf eða hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

1. Sé um að ræða hlutabréfatengd verðbréf eða hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skal verðbréfalýsingin hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 11. viðauka við þessa reglugerð nema hún sé samin í samræmi við 14. eða 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og þegar þessi verðbréf eru ekki hlutabréf eða önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum skal semja verðbréfalýsinguna fyrir verðbréfin sem um getur í 1. og 2. mgr. 19. gr. og 1. og 2. mgr. 20 gr. þessarar reglugerðar í samræmi við 15. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar verðbréf fyrir almenna fjárfesta eða 16. gr. þessarar reglugerðar fyrir verðbréf í heildsölu.“

4) Í stað 13. gr. kemur eftirfarandi:

„13. gr.

Verðbréfalýsing fyrir síðari útgáfur hlutabréfatengdra verðbréfa eða hlutdeildarskírteina sem gefin eru út af lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

1. Sértæk verðbréfalýsing fyrir hlutabréfatengd verðbréf eða hlutdeildarskírteini sem gefin eru út af lokuðum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem samin er í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 12. viðauka við þessa reglugerð.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og þegar verðbréfin eru ekki hlutabréf eða önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum skal semja sértæka verðbréfalýsingu fyrir verðbréfin sem um getur í 1. og 2. mgr. 9. gr. og 1. og 2. mgr. 20 gr. þessarar reglugerðar í samræmi við 17. gr. þessarar reglugerðar.“

5) Í stað 4. mgr. 24. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Sé almenn útgefandalýsing notuð í tengslum við 12. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal framsetning upplýsinganna sem um getur í þeirri grein vera í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/815 (*).

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/815 frá 17. desember 2018 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um forskriftir fyrir sameiginlegt rafrænt skýrslusnið (Stjtíð. ESB L 143, 29.5.2019, bls. 1).“

6) Í stað 5. mgr. 25. gr. kemur eftirfarandi:

„5. Sé almenn útgefandalýsing notuð í tengslum við 12. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal framsetning upplýsinganna sem um getur í þeirri grein vera í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/815.“

7) Í stað 28. gr. kemur eftirfarandi:

„28. gr.

Útgefandalýsing fyrir ESB-vaxtarlýsingu fyrir hlutabréfatengd verðbréf

1. Sértæk útgefandalýsing fyrir hlutabréfatengd verðbréf sem samin er í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 24. viðauka við þessa reglugerð.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og þegar verðbréfin eru ekki hlutabréf eða önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum, má semja sértæku útgefandalýsinguna fyrir eftirfarandi verðbréf í samræmi við 29. gr. þessarar reglugerðar:

a) verðbréfin sem um getur í 1. mgr. 19. gr. og 1. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar,

b) verðbréfin sem um getur í 2. mgr. 19. gr. þessarar reglugerðar, þegar þessi verðbréf eru skiptanleg fyrir eða breytanleg í hlutabréf sem eru eða verða gefin út af aðila sem tilheyrir samstæðu útgefandans og sem ekki eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði,

c) verðbréfin sem um getur í 2. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar, þegar þessi verðbréf veita rétt til að skrá sig fyrir hlutabréfum eða afla hlutabréfa sem eru eða verða gefin út af aðila sem tilheyrir samstæðu útgefandans og sem ekki eru tekin til viðskipta á skipulegum markaði.“

8) Í stað 30. gr. kemur eftirfarandi:

„30. gr.

Verðbréfalýsing fyrir ESB-vaxtarlýsingu fyrir hlutabréfatengd verðbréf

1. Sértæk verðbréfalýsing fyrir hlutabréfatengd verðbréf sem samin er í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 skal hafa að geyma þær upplýsingar sem um getur í 26. viðauka við þessa reglugerð.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. og þegar þessi verðbréf eru ekki hlutabréf eða önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum skal semja sértæku verðbréfalýsinguna fyrir verðbréfin sem um getur í 1. og 2. mgr. 19. gr. og 1. og 2. mgr. 20 gr. þessarar reglugerðar í samræmi við 31. gr. þessarar reglugerðar.“

9) Í stað e-liðar 1. mgr. 32. gr. kemur eftirfarandi:

„e) þeim upplýsingum sem um getur í 1. þætti 24. viðauka og 1. þætti 26. viðauka eða þeim upplýsingum sem um getur í 1. þætti 25. viðauka og 1. þætti 27. viðauka við þessa reglugerð, með hliðsjón af tegund verðbréfanna.“

10) Í stað g-liðar 1. mgr. 32. gr. kemur eftirfarandi:

„g) fyrir hlutabréfatengd verðbréf, upplýsingunum sem um getur í 2.1 lið 26. viðauka og, séu hlutabréfatengd verðbréf gefin út af útgefanda með markaðsverðmæti yfir 200 000 000 evrum, þeim upplýsingum sem um getur í 2.2 lið 26. viðauka við þessa reglugerð.“

11) Eftirfarandi p- og q-liðir bætist við 1. mgr. 32. gr.:

„p) sé krafist upplýsinga um undirliggjandi hlutabréf skv. b-lið 2. mgr. 19. gr., 3. mgr. 19. gr. eða b-lið 2. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar, þeim upplýsingum sem um getur í 6. þætti 26. viðauka við þessa reglugerð eða þeim upplýsingum sem um getur í 6. þætti 27. viðauka við þessa reglugerð, með hliðsjón af tegund verðbréfanna,

q) samþykki útgefandinn eða sá sem ber ábyrgð á að semja lýsinguna notkun hennar eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, þeim upplýsingum sem um getur í 7. þætti 26. viðauka eða í 7. þætti 27. viðauka við þessa reglugerð, með hliðsjón af tegund verðbréfanna.“

12) Eftirfarandi 46. gr. a bætist við:

„46. gr. a

Lýsing sem samþykkt er á milli 21. júlí 2019 og 16. september 2020

Lýsingar sem samþykktar hafa verið á milli 21. júlí 2019 og 16. september 2020 gilda áfram þar til gildistími þeirra rennur út.“

13) Ákvæðum 1. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð,

14) Ákvæðum 3. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð,

15) Ákvæðum 4. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð,

16) Ákvæðum 6. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð,

17) Ákvæðum 7. viðauka er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð,

18) Ákvæðum 8. viðauka er breytt í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð,

19) Ákvæðum 9. viðauka er breytt í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð,

20) Ákvæðum 16. viðauka er breytt í samræmi við VIII. viðauka við þessa reglugerð,

21) Ákvæðum 24. viðauka er breytt í samræmi við IX. viðauka við þessa reglugerð,

22) Ákvæðum 25. viðauka er breytt í samræmi við X. viðauka við þessa reglugerð,

23) Ákvæðum 26. viðauka er breytt í samræmi við XI. viðauka við þessa reglugerð,

24) Ákvæðum 27. viðauka er breytt í samræmi við XII. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðréttingar á framseldri reglugerð (ESB) 2019/980

1) Í stað 7. mgr. 33. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980 kemur eftirfarandi:

„7. Í sértæku samantektinni má nota undirfyrirsagnir til að framsetningar á þeim upplýsingum sem um getur í 2., 3. og 4. þætti 23. viðauka við þessa reglugerð.“

2) Í stað g-liðar 2. mgr. 42. gr. kemur eftirfarandi:

„g) viðauki, sé þess krafist skv. 4. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129 nema samantektar sé ekki krafist samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar.“

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. til 8. liðar 1. gr. og 2. gr. koma þó til framkvæmda frá og með 21. júlí 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum 18. þáttar 1. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 18.3.1 kemur eftirfarandi:

„**Liður 18.3.1**	Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu hafa verið endurskoðaðar á óháðan hátt. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (*) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 (**). Ef tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 eiga ekki við verður að endurskoða sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar eða láta fylgja með þeim tilgreiningu á því hvort, með tilliti til útgefandalýsingarinnar, þær gefa glögga mynd í samræmi við gildandi endurskoðunarstaðla í viðkomandi aðildarríki eða sambærilegan staðal.

(*) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 frá 16. apríl 2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 77).“

2) Eftirfarandi liður 18.3.1a bætist við:

„**Liður 18.3.1a**	Hafi löggiltir endurskoðendur synjað um áritun sögulegra fjárhagsupplýsinga eða sé áritun þeirra með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum 11. þáttar 3. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 11.2.1 kemur eftirfarandi:

„**Liður 11.2.1**	Áritun endurskoðanda Árleg reikningsskil verða að vera endurskoðuð með óháðum hætti. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Ef tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 eiga ekki við verður að endurskoða sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar eða láta fylgja með þeim tilgreiningu á því hvort, með tilliti til útgefandalýsingarinnar, þær gefa glögga mynd í samræmi við gildandi endurskoðunarstaðla í viðkomandi aðildarríki eða sambærilegan staðal. Að öðrum kosti skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í útgefandalýsingunni: a) áberandi yfirlýsing þar sem tilgreint er hvaða endurskoðunarstöðlum var beitt, b) útskýring ef veruleg frávik eru frá alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA).“

2) Eftirfarandi liður 11.2.1a bætist við:

„**Liður 11.2.1a**	Hafi löggiltir endurskoðendur synjað um áritun sögulegra fjárhagsupplýsinga eða sé áritun þeirra gerð með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.“

III. VIÐAUKI

Í stað inngangsins á undan 1. þætti 4. viðauka kemur eftirfarandi:

	„Til viðbótar þeim upplýsingum sem er krafist í þessum viðauka skulu sjóðir um sameiginlega fjárfestingu veita upplýsingarnar sem krafist er í þáttum/liðum 1, 2, 3, 4, 6, 7.1, 7.2.1, 8.4, 9 (þótt lýsing lagaumhverfisins sem útgefandi starfar í þurfi aðeins að greina frá því lagaumhverfi sem skiptir máli fyrir fjárfestingar útgefanda) 11, 12, 13, 14, 15.2, 16, 17, 18 (að undanskildum pro forma fjárhagsupplýsingum) 19, 20 og 21 í 1. viðauka við þessa reglugerð eða, ef sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu uppfyllir kröfurnar í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, upplýsingarnar sem krafist er í þáttum/liðum 1, 2, 3, 4, 7, 8, 9, 10, 11 (að undanskilum pro forma fjárhagsupplýsingum), 12, 13, 14 og 15 í 3. viðauka við þessa reglugerð. Séu hlutdeildarskírteini gefin út af sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem er stofnaður sem sameignarsjóður og stýrt af rekstraraðila sjóðs, skulu þær upplýsingar sem um getur í þáttum/liðum 6, 12, 13, 14, 15.2, 16 og 20 í 1. viðauka við þessa reglugerð veittar um rekstraraðila sjóðsins, en þær upplýsingar sem tilgreindar eru í liðum 2, 4 og 18 í 1. viðauka við þessa reglugerð skulu veittar bæði um sjóðinn og rekstraraðilann.“

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum 11. þáttar 6. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 11.3.1 kemur eftirfarandi:

„Liður 11.3.1	Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu hafa verið endurskoðaðar á óháðan hátt. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Ef tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 eiga ekki við verður að endurskoða sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar eða láta fylgja með þeim tilgreiningu á því hvort, með tilliti til útgefandalýsingarinnar, þær gefa glögga mynd í samræmi við gildandi endurskoðunarstaðla í viðkomandi aðildarríki eða sambærilegan staðal.“

2) Eftirfarandi liður 11.3.1a bætist við:

„Liður 11.3.1 a	Hafi löggiltir endurskoðendur synjað um áritun sögulegra fjárhagsupplýsinga eða sé áritun þeirra með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.“

V. VIÐAUKI

Ákvæðum 11. þáttar 7. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 11.2.1 kemur eftirfarandi:

„Liður 11.2.1	Sögulegu fjárhagsupplýsingarnar skulu hafa verið endurskoðaðar á óháðan hátt. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Ef tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 eiga ekki við verður að endurskoða sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar eða láta fylgja með þeim tilgreiningu á því hvort, með tilliti til útgefandalýsingarinnar, þær gefa glögga mynd í samræmi við gildandi endurskoðunarstaðla í viðkomandi aðildarríki eða sambærilegan staðal. Að öðrum kosti skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í útgefandalýsingunni: a) áberandi yfirlýsing þar sem tilgreint er hvaða endurskoðunarstöðlum var beitt, b) útskýring ef veruleg frávik eru frá alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA).“

2) Eftirfarandi liður 11.2.1a bætist við:

„Liður 11.2.1a	Hafi löggiltir endurskoðendur synjað um áritun sögulegra fjárhagsupplýsinga eða sé áritun þeirra með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.“

VI. VIÐAUKI

Ákvæðum 10. þáttar 8. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 10.2.1 kemur eftirfarandi:

„Liður 10.2.1	Áritun endurskoðanda Endurskoða verður árlegu reikningsskilin með óháðum hætti. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Ef tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 eiga ekki við verður að endurskoða sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar eða láta fylgja með þeim tilgreiningu á því hvort, með tilliti til útgefandalýsingarinnar, þær gefa glögga mynd í samræmi við gildandi endurskoðunarstaðla í viðkomandi aðildarríki eða sambærilegan staðal. Að öðrum kosti skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í útgefandalýsingunni: a) áberandi yfirlýsing þar sem tilgreint er hvaða endurskoðunarstöðlum var beitt, b) útskýring ef veruleg frávik eru frá alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA).“

2) Eftirfarandi liður 10.2.1a bætist við:

„**Liður 10.2.1a**	Hafi löggiltir endurskoðendur synjað um áritun sögulegra fjárhagsupplýsinga eða sé áritun þeirra gerð með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.“

VII. VIÐAUKI

Ákvæðum 8. þáttar 9. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 8.2.a.3 kemur eftirfarandi:

„Liður 8.2.a.3	Áritun endurskoðanda Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu hafa verið endurskoðaðar á óháðan hátt. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Ef tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 gilda ekki, verður að endurskoða sögulegu fjárhagsupplýsingarnar eða tilkynna um hvort þær, að því er varðar útgefandalýsinguna, gefi sanna og trúverðuga mynd í samræmi við endurskoðunarstaðla sem gilda í aðildarríki eða jafngildan staðal eður ei. Að öðrum kosti skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í útgefandalýsingunni: a) áberandi yfirlýsing þar sem tilgreint er hvaða endurskoðunarstöðlum hefur verið beitt, b) útskýring ef veruleg frávik eru frá alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA).“

2) Eftirfarandi liður 8.2.a.4 bætist við:

„Liður 8.2.a.4	Yfirlýsing þess efnis að sögulegar fjárhagsupplýsingar hafi verið endurskoðaðar. Hafi löggiltir endurskoðendur synjað um áritun sögulegra fjárhagsupplýsinga eða sé áritun þeirra með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.“

VIII. VIÐAUKI

Ákvæðum 16. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað 4.1 liðar kemur eftirfarandi:

„Liður 4.1	a) Lýsing á tegund, flokki og magni verðbréfa sem eru boðin út í almennu útboði og/eða tekin til viðskipta, b) alþjóðlegt auðkennisnúmer (ISIN-númer) verðbréfa sem boðin eru út á almennum markaði og/eða tekin til viðskipta.“	Flokkur B Flokkur C

2) Eftirfarandi liður 7.3.a bætist við:

„Liður 7.3.a **(Aðeins almennir fjárfestar)**	Ef upplýsingarnar í c- til i-lið 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1286/2014 koma í stað hluta samantektarinnar verður að birta allar slíkar upplýsingar, að því marki sem þær eru ekki birtar annars staðar í verðbréfalýsingunni.“	Flokkur C

IX. VIÐAUKI

Ákvæðum 5. þáttar 24. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 5.3.1 kemur eftirfarandi:

„Liður 5.3.1	Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu hafa verið endurskoðaðar á óháðan hátt. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Ef tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 eiga ekki við verður að endurskoða sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar eða láta fylgja með þeim tilgreiningu á því hvort, með tilliti til útgefandalýsingarinnar, þær gefa glögga mynd í samræmi við gildandi endurskoðunarstaðla í viðkomandi aðildarríki eða sambærilegan staðal.“

2) Eftirfarandi liður 5.3.1a bætist við:

„**Liður 5.3.1a**	Hafi löggiltir endurskoðendur synjað um áritun sögulegra fjárhagsupplýsinga eða sé áritun þeirra með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.“

X. VIÐAUKI

Ákvæðum 5. þáttar 25. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 5.3.1 kemur eftirfarandi:

„Liður 5.3.1	Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu hafa verið endurskoðaðar á óháðan hátt. Áritun endurskoðanda skal samin í samræmi við tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014. Ef tilskipun 2006/43/EB og reglugerð (ESB) nr. 537/2014 eiga ekki við verður að endurskoða sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar eða láta fylgja með þeim tilgreiningu á því hvort, með tilliti til útgefandalýsingarinnar, þær gefa glögga mynd í samræmi við gildandi endurskoðunarstaðla í viðkomandi aðildarríki eða sambærilegan staðal.“

2) Eftirfarandi liður 5.3.1a bætist við:

„Liður 5.3.1a	Hafi löggiltir endurskoðendur synjað um áritun sögulegra fjárhagsupplýsinga eða sé áritun þeirra með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.“

XI. VIÐAUKI

Ákvæðum 26. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. þáttar kemur eftirfarandi:

„2. ÞÁTTUR	**YFIRLÝSING UM VELTUFÉ OG YFIRLÝSING UM FJÁRMÖGNUN OG SKULDSETNINGU** *Veiting upplýsinga samkvæmt þessum þætti eru um veltufjárþörf útgefanda sem og fjármögnun og skuldsetningu hans.*
Liður 2.1.	Yfirlýsing um veltufé Yfirlýsing útgefanda um að hann telji veltufé sitt nægja til að uppfylla núverandi þarfir sínar og, ef ekki, hvernig hann hyggst afla þess viðbótarveltufjár sem til þarf.
Liður 2.2. Aðeins útgefendur með markaðsverðmæti yfir 200 000 000 evrum	Fjármögnun og skuldsetning Yfirlýsing um fjármögnun og skuldsetningu (þar sem gerður er greinarmunur á skuldum sem eru með og án ábyrgðar og skuldum sem eru tryggðar og ótryggðar) eigi fyrr en 90 dögum fyrir dagsetningu skjalsins. Hugtakið „skuldsetning“ felur einnig í sér óbeinar og óvissar skuldir. Verði verulegar breytingar á fjármögnun og skuldsetningu útgefanda á 90 daga tímabilinu skal veita viðbótarupplýsingar með því að leggja fram lýsingu í frásagnarformi á slíkum breytingum eða með því að uppfæra þær tölur.“

2) Eftirfarandi liður 4.2 bætist við:

„Liður 4.2.	Ef um er að ræða útgáfu hlutabréfa með áskriftarréttindum, upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 20. gr.“

3) Eftirfarandi 6. og 7. þáttur bætast við:

„6. þáttur	**UPPLÝSINGAR UM UNDIRLIGGJANDI HLUTABRÉF (EFTIR ATVIKUM)**
Liður 6.1.	Eftir atvikum, upplýsingarnar sem um getur í 18. viðauka.
„7. þáttur	**UPPLÝSINGAR UM SAMÞYKKI (EFTIR ATVIKUM)**
Liður 7.1.	Ef útgefandinn eða sá sem ber ábyrgð á að semja lýsinguna samþykkir notkun hennar eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, eftirfarandi viðbótarupplýsingar: a) þær upplýsingar sem um getur í 1. og 2.A þætti 22. viðauka við þessa reglugerð ef samþykkið er veitt einum eða fleiri tilgreindum fjármálamilliliðum, b) þær upplýsingar sem um getur í 1. og 2.B þætti 22. viðauka við þessa reglugerð ef samþykkið er veitt öllum fjármálamilliliðum.“

XII. VIÐAUKI

Ákvæðum 27. viðauka er breytt sem hér segir:

1) ákvæðum 3. þáttar er breytt sem hér segir:

a) liður 3.1.17 fellur brott,

b) eftirfarandi liður 3.2 bætist við:

„Liður 3.2.	Upplýsingar um afleidd verðbréf Ef um er að ræða útgáfu afleiddra verðbréfa, eftirfarandi upplýsingar: a) fyrir afleidd verðbréf sem um getur í 1. mgr. 20. gr., upplýsingarnar sem um getur í þeirri málsgrein, b) fyrir afleidd verðbréf sem um getur í 2. mgr. 20. gr., upplýsingarnar sem um getur í þeirri málsgrein, c) fyrir afleidd verðbréf sem um getur í 3. mgr. 20. gr., upplýsingarnar sem um getur í þeirri málsgrein.“	

2) Eftirfarandi 6. og 7. þáttur bætast við:

„6. þáttur	**UPPLÝSINGAR UM UNDIRLIGGJANDI HLUTABRÉF (EFTIR ATVIKUM)**
Liður 6.1.	a) Eftir atvikum, þær upplýsingar sem um getur í 2.1 og 2.2 lið 26. viðauka að því er varðar útgefanda hinna undirliggjandi hlutabréfa. b) Eftir atvikum, þær upplýsingar sem um getur í 18. viðauka.
7. HLUTI	**UPPLÝSINGAR UM SAMÞYKKI (EFTIR ATVIKUM)**
Liður 7.1.	Ef útgefandinn eða sá sem ber ábyrgð á að semja lýsinguna samþykkir notkun hennar eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, eftirfarandi viðbótar-upplýsingar: a) þær upplýsingar sem um getur í 1. og 2.A þætti 22. viðauka við þessa reglugerð, ef samþykkið er veitt einum eða fleiri tilgreindum fjármálamilliliðum, b) þær upplýsingar sem um getur í 1. og 2.B þætti 22. viðauka við þessa reglugerð, ef samþykkið er veitt öllum fjármálamilliliðum.“

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/528 **2021/EES/80/08**

frá 16. desember 2020

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar lágmarksupplýsingar tiltekins skjals sem birta skal vegna undanþágu frá lýsingu í tengslum við yfirtöku með skiptiútboði, samruna eða uppskiptingu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2017/1129/ESB frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB ([1]), einkum 7. mgr. 1. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að veita fjárfestavernd af miklum gæðum í Sambandinu og til að gera fjárfestum kleift að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun ætti skjalið sem um getur í f- og g-lið 4. mgr. 1. gr. og e- og f-lið í fyrstu undirgrein 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 („undanþáguskjal“) að innihalda fullnægjandi, hlutlægar og auðskiljanlegar upplýsingar um fyrirtækin sem taka þátt í viðskiptunum, réttindin sem fylgja hlutabréfatengdu verðbréfunum, horfur útgefanda þessara hlutabréfatengdu verðbréfa og, með hliðsjón af tegund viðskiptanna, fyrirtækisins sem tilboðið tekur til, fyrirtækisins sem tekið er yfir eða fyrirtækisins sem er skipt upp.

2) Til að tryggja að fjárfestum séu veittar nauðsynlegar upplýsingar til að geta tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun ætti að krefjast ítarlegra undanþáguskjals ef um er að ræða yfirtöku með skiptiútboði sem uppfyllir skilyrði b-liðar 6. mgr. a 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 í því tilviki þegar hlutabréfatengdu verðbréfin sem eru boðin eru ekki jafngeng verðbréfum sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði fyrir yfirtökuna og tengdra viðskipta hennar eða yfirtakan er talin vera andhverf yfirtaka (e. *reverse acquisition*). Tilgreina ætti aukið innihald undanþáguskjalsins við slíkar aðstæður.

3) Til að takmarka óþarfa kostnað fyrir útgefendur ætti undanþáguskjal að vera einfaldara í tengslum við viðskipti með hlutabréfatengd verðbréf sem boðin eru í almennu útboði eða sem tekin verða til viðskipta á skipulegum markaði og eru jafngeng hlutabréfatengdum verðbréfum sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði og standa fyrir lítinn hundraðshluta af þeim hlutabréfatengdu verðbréfum. Tilgreina ætti einfaldað innihald undanþáguskjalsins við slíkar aðstæður. Við slíkar aðstæður ætti þó ekki að hindra útgefanda frá því að njóta undanþáganna sem mælt er fyrir um í a- eða b-lið í fyrstu undirgrein 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

4) Til að einfalda samningu og til að draga úr kostnaði við gerð undanþáguskjals ætti útgefendum að vera heimilt að fella tilteknar upplýsingar sem þegar hafa verið birtar á rafrænu formi inn í það með tilvísun, að því tilskildu að slíkar upplýsingar séu auðveldlega aðgengilegar og skrifaðar á sama tungumáli og undanþáguskjalið.

5) Fjárfestar ættu að geta skilið aðstæður útgefanda sem á margþættan fjármálaferil að baki eða sem hefur tekið á sig verulega fjárskuldbindingu en í því tilviki getur verið nauðsynlegt að veita upplýsingar um annan aðila en útgefandann. Útgefendum ætti þess vegna að vera skylt að lýsa margþættum fjármálaferli sínum í undanþáguskjalinu eða áhrifunum af hinni verulegu fjárskuldbindingu á útgefandann eða rekstur útgefandans.

6) Til að tryggja að undanþáguskjal sé nýtanlegt fyrir fjárfesta er nauðsynlegt að taka sérstaklega fram að það sé lögbærra landsyfirvalda að ákvarða á hvaða tungumáli skuli semja það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 106, 26.3.2021, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 216/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 168, 30.6. 2017, bls. 12.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „viðskipti“: yfirtaka með skiptiútboði, samruna eða uppskiptingu eins og um getur í f- eða g-lið 4. mgr. 1. gr. eða e- eða f-lið í fyrstu undirgrein 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, svo fremi sem skilyrðin sem mælt er fyrir um í 6. mgr. a 1. gr. eða 6. mgr. b 1. gr. þeirrar reglugerðar hafi verið uppfyllt í tengslum við það,

b) „undanþáguskjal“: skjal sem gera skal aðgengilegt almenningi í samræmi við 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 til að geta átt rétt á undanþágu frá skyldunni um birtingu lýsingar í tengslum við viðskipti,

c) „félag sem tilboð tekur til“: félag sem tilboðið tekur til eins og skilgreint er í b-lið 1. mgr. 2 gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB ([2]),

d) „félag sem er yfirtekið“: félag sem yfirfærir eignir og skuldir til yfirtökufélags sem afleiðing af samruna, svo fremi sem skilyrðin sem mælt er fyrir um í 6. mgr. b í 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 hafi verið uppfyllt í tengslum við það,

e) „félag sem skipt er upp“: félag sem yfirfærir eignir og skuldir til félags sem fær fjárframlög sem afleiðing af uppskiptingu, svo fremi sem skilyrðin sem mælt er fyrir um í 6. mgr. b í 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 hafi verið uppfyllt í tengslum við það,

f) „tilboðsgjafi“: tilboðsgjafi eins og hann er skilgreindur í i-lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

2. gr.

Lágmarksupplýsingar í undanþáguskjalinu

1. Undanþáguskjal skal innihalda viðeigandi upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera fjárfestum kleift að skilja:

a) framtíðarhorfur útgefandans og, með hliðsjón af tegund viðskipta, félagsins sem tilboðið tekur til, félagsins sem er yfirtekið eða félagsins sem er skipt upp og allar mikilvægar breytingar á rekstrar- og fjárhagsstöðu hvers þessara félaga sem orðið hafa frá lokum næstliðins fjárhagsárs,

b) þau réttindi sem fylgja hlutabréfatengdu verðbréfunum,

c) lýsingu á viðskiptunum og áhrif þeirra á útgefandann.

Upplýsingarnar í undanþáguskjalinu skulu skrifaðar og settar fram á auðgreinanlegan, gagnorðan og auðskilinn hátt og gera fjárfestum kleift að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun.

Undanþáguskjal skal hafa að geyma lágmarksupplýsingarnar sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð.

Undanþáguskjal skal hins vegar hafa að geyma lágmarksupplýsingarnar sem um getur í II. viðauka við þessa reglugerð ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) undanþáguskjalið vísar til yfirtöku með skiptiútboði, svo fremi sem skilyrðin sem mælt er fyrir um í b-lið 6. mgr. a 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129 hafa verið uppfyllt í tengslum við það,

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð (Stjtíð. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12).

b) hlutabréfatengdu verðbréfin sem eru boðin eru ekki jafngeng verðbréfum sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði fyrir yfirtökuna og tengd viðskipti hennar eða yfirtakan er talin vera andhverf yfirtaka í skilningi málsgreinar B19 í alþjóðlegum reikningsskilastaðli 3, sameining fyrirtækja, sem samþykktur var með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([3]).

2. Þrátt fyrir 1. mgr. og án þess að hafa áhrif á a- eða b-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, ef hlutabréfatengdu verðbréfin eru, í tengslum við viðskipti, boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og eru jafngeng og standa ekki fyrir meira en 10% af hlutabréfatengdum verðbréfum sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum markaði skal undanþáguskjalið einungis hafa að geyma þær lágmarksupplýsingar sem um getur í 1., 3. og 5. þætti og liðum 2.2 og 4.2 í I. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Upplýsingar felldar inn með tilvísun

1. Fella má inn upplýsingar í undanþáguskjal með tilvísun ef þær hafa áður verið eða eru samtímis birtar rafrænt, eru samdar á tungumáli sem uppfyllir kröfurnar í 5. gr. þessarar reglugerðar og ef þær upplýsingar eru í einu af eftirfarandi skjölum:

a) skjölum sem um getur í 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129,

b) skjölum sem krafist er í landslögum sem lögleiða tilskipun 2004/25/EB,

c) skjölum sem krafist er í landslögum sem lögleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 ([4]),

d) öðrum skjölum sem birt eru í samræmi við landslög ef þessi skjöl skipta máli fyrir viðskiptin.

Upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu vera þær nýjustu sem tiltækar eru útgefandanum, félaginu sem tilboðið tekur til, félaginu sem er yfirtekið eða fyrirtækinu sem skipt er upp.

2. Ef aðeins tilteknir liðir skjals eru felldir inn með tilvísun skal undanþáguskjalið hafa að geyma yfirlýsingu þess efnis að þeir hlutar sem ekki eru felldir inn skipti annað hvort ekki máli fyrir fjárfestinn eða þeir komi fram annars staðar í undanþáguskjalinu.

3. Aðilar sem ábyrgir eru fyrir undanþáguskjalinu skulu tryggja að upplýsingar sem felldar eru inn í það undanþáguskjal með tilvísun séu auðveldlega aðgengilegar.

4. Undanþáguskjal sem inniheldur upplýsingar sem felldar eru inn með tilvísun skal hafa að geyma millivísunarlista til að gera fjárfestum kleift að finna tiltekna upplýsingaliði auðveldlega og skal lýsingin hafa að geyma tengla í öll skjöl sem hafa að geyma upplýsingar sem felldar eru inn með tilvísun.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtíð. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46).

4. gr.

Margþættur fjármálaferill og verulegar fjárskuldbindingar

1. Eigi útgefandi hlutabréfatengdra verðbréfa að baki margþættan fjármálaferil, eins og um getur í 3. mgr. 18. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 ([5]), eða hefur tekið á sig verulega fjárskuldbindingu eins og um getur 4. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar, skal undanþáguskjalið innihalda allar upplýsingar sem um getur í I. viðauka eða, eftir atvikum, II. viðauka við þessa reglugerð um annan aðila en útgefandann, eins og sá aðili væri útgefandi hlutabréfatengdu verðbréfanna, að því marki sem fjárfestar þurfa þær upplýsingar til að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun eins og um getur í 1. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar.

Í slíkum viðbótarupplýsingum skal gera grein fyrir áhrifunum sem búist er við af viðskiptunum, eins og skilgreint er í 1. gr. a þessarar reglugerðar, á útgefandann eða á rekstur útgefandans og áhrifunum af margþættum fjármálaferli eða af verulegum fjárskuldbindingum á útgefandann eða á rekstur útgefandans.

2. Viðbótarupplýsingunum sem um getur í 1. mgr. skal fylgja útskýring á því hvers vegna fjárfestar þurfa þær upplýsingar til að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun.

3. Útgefandi sem getur ekki veitt viðbótarupplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skal í undanþáguskjalinu útskýra hvernig standi á því.

5. gr.

Notkun tungumála

Undanþáguskjal skal samið á tungumáli sem viðurkennt er af þeim lögbæru yfirvöldum sem skilgreind eru í o-lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2019/980 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 (Stjtíð. ESB L 166, 21.6.2019, bls. 26).

I. VIÐAUKI

LÁGMARKSUPPLÝSINGAR Í UNDANÞÁGUSKJALINU

Ákvæði þriðju undirgreinar 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 2. gr.

1. ÞÁTTUR	**AÐILAR SEM BERA ÁBYRGÐ Á AÐ SEMJA UNDANÞÁGUSKJALIÐ, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJU AÐILUM OG SKÝRSLUR SÉRFRÆÐINGA**
Liður 1.1	**Tilgreining á aðilum sem bera ábyrgð á samningu undanþáguskjalsins** Tilgreina skal alla þá sem bera ábyrgð á þeim upplýsingum, eða einhverjum hlutum þeirra, sem veittar eru í undanþáguskjalinu og skal í síðara tilfellinu tilgreina slíka hluta upplýsinganna. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.
Liður 1.2	**Yfirlýsing um ábyrgð** Yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á undanþáguskjalinu þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í undanþáguskjalinu í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr því sem gætu haft áhrif á áreiðanleika þess. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum undanþáguskjalsins þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar í þeim hlutum undanþáguskjalsins sem þeir bera ábyrgð á í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt úr þeim hlutum sem gætu haft áhrif á áreiðanleika þess.
Liður 1.3	**Yfirlýsing eða greinargerð sérfræðings** Hafi undanþáguskjal að geyma yfirlýsingu eða greinargerð frá sérfræðingi skal veita eftirfarandi upplýsingar um þann aðila: a) nafn, b) heimilisfang starfsstöðvar, c) menntun og hæfi, d) verulega hagsmuni sem hann á að gæta í útgefanda, ef einhverjir eru. Hafi yfirlýsingin eða greinargerðin verið gerð að beiðni útgefandans skal taka fram að sú yfirlýsing eða greinargerð fylgi með í undanþáguskjalinu með samþykki þess aðila sem heimilaði efni þess hluta undanþáguskjalsins.
Liður 1.4	**Upplýsingar frá þriðja aðila** Séu upplýsingar fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi staðfesta að þær hafi verið endurgerðar með réttum hætti og, að því marki sem honum er kunnugt um og unnt að staðreyna á grundvelli þeirra upplýsinga sem þriðji aðilinn hafi birt, að engum staðreyndum hafi verið sleppt sem myndu gera upplýsingarnar ónákvæmar eða villandi. Auk þess skal tilgreina uppruna upplýsinganna.
Liður 1.5	**Eftirlitsyfirlýsing** Yfirlýsing þess efnis að: a) undanþáguskjalið standi ekki fyrir lýsingu í skilningi reglugerðar (ESB) 2017/1129, b) viðkomandi lögbært yfirvald hafi hvorki athugað né staðfest undanþáguskjalið í samræmi við 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129, c) samkvæmt b-lið 6. mgr. a 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, eftir atvikum, hafi eftirlitsyfirvaldið sem er með valdheimild til að endurskoða tilboðsskjalið samkvæmt tilskipun 2004/25/EB gefið út fyrirframstaðfestingu á undanþáguskjalinu.

2. ÞÁTTUR	UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN OG UM FÉLAGIÐ SEM TILBOÐIÐ TEKUR TIL, FÉLAGIÐ SEM TEKIÐ ER YFIR EÐA FÉLAGIÐ SEM SKIPT ER UPP

Nema annað sé tekið fram skulu upplýsingar í liðunum sem taldir eru upp í 2. þætti veittar um útgefandann og, með hliðsjón af tegund viðskipta, félagið sem tilboðið tekur til, félagið sem tekið er yfir eða félagið sem skipt er upp. Ef einhver að fyrrnefndum aðilum er samstæða og samstæðureikningsskilin hafa þegar verið birt skulu upplýsingarnar sem taldar eru upp í þessum þætti settar fram á samstæðugrunni.

Að því er varðar hlutabréfatengd verðbréf, önnur en hlutabréf, skulu upplýsingar í liðunum sem taldir eru upp í 2. þætti einnig veittar um útgefanda undirliggjandi hlutabréfa, ef hann er annar en útgefandi hlutabréfatengdu verðbréfanna.

Ef um er að ræða yfirtöku með skiptiútboði, séu tilskildar upplýsingar um félagið sem tilboðið tekur til ekki tiltækar skal leggja fram yfirlýsingu þar um.

Liður 2.1	**Almennar upplýsingar**
Liður 2.1.1	Lög- og viðskiptaheiti
Liður 2.1.2	a) lögheimili og félagsform, b) auðkenni lögaðila, c) lög landsins þar sem félagið er skráð, d) land þar sem félagið er skráð og heimilisfang og símanúmer skráðrar skrifstofu þess (eða aðalstarfstöðvar ef það er annað en á skráðri skrifstofu þess), e) tengill á vefsetur með fyrirvara um að upplýsingarnar á vefsetrinu myndi ekki hluta undanþáguskjalsins nema þær upplýsingar séu felldar með tilvísun inn í undanþáguskjalið.
Liður 2.1.3	Heiti endurskoðenda fyrir tímabilið sem reikningsskilin ná yfir og aðild þeirra að fagfélagi.
Liður 2.2	**Yfirlit um starfsemi**
Liður 2.2.1	Meginstarfsemi, þ.m.t. helstu flokkar seldra afurða og/eða veittrar þjónustu á næstliðnu fjárhagsári.
Liður 2.2.2	Allar mikilvægar breytingar sem hafa haft áhrif á rekstur og meginstarfsemi frá lokum tímabilsins sem nýjustu birtu endurskoðuðu reikningsskil ná yfir.
Liður 2.2.3	Stutt lýsing á helstu mörkuðum, þ.m.t. sundurliðun á heildartekjum eftir starfsþáttum og landfræðilegum mörkuðum fyrir næstliðið fjárhagsár. Ef um er að ræða uppskipti skal lýsingin sem um getur í fyrstu málsgrein vísa til helstu markaða þar sem mikilvægustu eignir og skuldir félagsins sem skipt er upp eru staðsettar.
Liður 2.3	**Fjárfestingar** Lýsing á verulegum fjárfestingum sem ráðist hefur verið í frá dagsetningu síðustu birtu reikningsskila og sem eru yfirstandandi og/eða þegar hefur verið gengist undir fastar skuldbindingar vegna og áætluðum fjármögnunarleiðum.
Liður 2.4	**Stjórnarhættir félags**
Liður 2.4.1	Heiti, heimilisfang starfsstöðvar og hlutverk hjá útgefanda eða, með hliðsjón af tegund viðskipta, félaginu sem tilboðið tekur til, félaginu sem er yfirtekið eða félaginu sem skipt er upp, aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn og, ef um er að ræða samlagsfélag með hlutafé, sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð.
Liður 2.4.2	Deili á stærstu hluthöfum
Liður 2.4.3	Fjöldi starfsmanna

Liður 2.5	**Fjárhagsupplýsingar**
Liður 2.5.1	Reikningsskil Reikningsskil (árleg og hálfsárs) sem birt voru á síðustu 12 mánuðum fyrir birtinguna á undanþáguskjalinu. Hafi bæði árleg reikningsskil og hálfsársreikningsskil verið birt er aðeins gerð krafa um árlegu skilin ef þau eru dagsett síðar en hálfsársreikningsskilin. Reikningsskilin skulu innihalda áritun endurskoðanda. Ef löggiltir endurskoðendur hafa synjað um áritun reikningsskilanna eða ef slík áritun þeirra er með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal tilgreina ástæður þeirra og birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni.
Liður 2.5.1.a (Eingöngu samrunar)	Þrátt fyrir lið 2.5.1, ef félagið sem tekið er yfir er ekki þegar með hlutabréfatengd verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði skal félagið leggja fram endurskoðuð reikningsskil (árs eða hálfsárs) sem samþykkt voru á 12 mánaða tímabili fyrir birtingu undanþáguskjalsins. Hafi bæði árleg reikningsskil og hálfsársreikningsskil verið birt er aðeins gerð krafa um árlegu skilin ef þau eru dagsett síðar en hálfsársreikningsskilin. Reikningsskilin skulu innihalda áritun endurskoðanda. Ef löggiltir endurskoðendur hafa synjað um áritun reikningsskilanna eða ef slík áritun þeirra er með fyrirvara, breyttu áliti, án álits eða með ábendingum skal tilgreina ástæður þeirra og birta slíka fyrirvara, breytingar, áritanir án álits eða ábendingar í heild sinni. Ef félagið sem er yfirtekið hefur ekki endurskoðuð reikningsskil skal það leggja fram reikningsskil sem gerð voru á síðustu 12 mánuðum og yfirlýsingu þar sem tekið er fram að reikningsskilin hafi ekki verið yfirfarin eða endurskoðuð.
Liður 2.5.2	Reikningsskilastaðlar Fjárhagsupplýsingarnar skulu útbúnar í samræmi við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana sem viðurkenndir eru í Sambandinu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ([1]). Ef reglugerð (EB) nr. 1606/2002 á ekki við skulu fjárhagsupplýsingarnar útbúnar í samræmi við: a) landsbundna reikningsskilastaðla aðildarríkis fyrir útgefendur innan EES eins og krafist er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([2]), b) landsbundna reikningsskilastaðla þriðja lands sem eru sambærilegir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar útgefendur í þriðju löndum. Séu slíkir landsbundnir reikningsskilastaðlar þriðja lands ekki sambærilegir reglugerð (EB) nr. 1606/2002 skulu reikningsskilin endurgerð í samræmi við þá reglugerð.
Liður 2.5.3	Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhagsstöðu sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils, sem annaðhvort endurskoðuð reikningsskil eða árshlutaupplýsingar hafa verið birt um eða, ef engar slíkar breytingar hafa átt sér stað, yfirlýsing þar um. Eftir atvikum, upplýsingar um þekkta þróun, óvissuþætti, kröfur, skuldbindingar eða atburði sem búast má við að hafi veruleg áhrif á útgefandann og, með hliðsjón af tegund viðskipta, félagið sem tilboðið tekur til, félagið sem er yfirtekið eða félagið sem skipt er upp, a.m.k. á yfirstandandi fjárhagsári.

Liður 2.5.4	Eftir atvikum, skýrsla framkvæmdastjórnar sem um getur í 19. og 29. gr. tilskipunar 2013/34/ESB.
Liður 2.6	**Dómsmál og gerðardómsmál** Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem bíða meðferðar eða eru yfirvofandi og útgefanda, félaginu sem tilboðið tekur til, félaginu sem er yfirtekið eða félaginu sem skipt er upp er kunnugt um) á a.m.k. síðustu tólf mánuðum sem kunna að hafa eða hafa nýlega haft veruleg áhrif á útgefanda, félagið sem tilboðið tekur til, félagið sem er yfirtekið, félagið sem skipt er upp eða samstæðuna og/eða fjárhagsstöðu eða arðsemi samstæðunnar, eða leggja fram viðeigandi yfirlýsingu um að ekki sé um slík mál að ræða. Ef um er að ræða uppskiptingu skulu upplýsingarnar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál vísa til eignanna og skuldanna sem eru viðfang uppskiptanna.
Liður 2.7	**Samantekt upplýsinga sem birtar eru samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 ([3])** Fyrir einingar sem falla innan gildissviðs reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, samantekt upplýsinga sem birtar eru samkvæmt þeirri reglugerð á næstliðnu 12 mánuðum, ef þær upplýsingar skipta máli á dagsetningu undanþáguskjalsins. Samantektin skal sett fram á auðgreinanlegan, gagnorðan og auðskilinn hátt og skal ekki vera endurtekning upplýsinga sem þegar hafa verið birtar skv. reglugerð (ESB) nr. 596/2014. Samantektin skal sett fram í takmörkuðum fjölda flokka eftir efni.
3. ÞÁTTUR	**LÝSING Á VIÐSKIPTUNUM**
Liður 3.1	**Tilgangur og markmið viðskiptanna**
Liður 3.1.1	Tilgangur viðskiptanna fyrir útgefandann og hluthafa hans.
Liður 3.1.2	Tilgangur viðskiptanna fyrir félagið sem tilboðið tekur til, félagið sem er yfirtekið eða félagið sem skipt er upp og hluthafa þeirra.
Liður 3.1.3	Lýsing á sérhverjum áætluðum ávinningi sem leiðir af viðskiptunum.
Liður 3.2	**Skilyrði viðskiptanna**
Liður 3.2.1	Upplýsingar um verklag og skilmála viðskiptanna og lögin sem gilda um samkomulagið um viðskiptin. Ef um er að ræða yfirtöku með skiptiútboði skal undanþáguskjalið innihalda upplýsingarnar sem krafist er í 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 2004/25/EB eða tilgreina hvar hægt er að skoða þær upplýsingar. Ef um er að ræða samruna skal undanþáguskjalið innihalda upplýsingarnar sem krafist er í 2. mgr. 91. gr. eða 122. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132, með hliðsjón af tegund samrunans, eða tilgreina hvar hægt er að skoða þær upplýsingar. Ef um er að ræða uppskipti skal undanþáguskjalið innihalda upplýsingarnar sem krafist er í 2. mgr. 137. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132, eða tilgreina hvar hægt er að skoða þær upplýsingar.
Liður 3.2.2	Eftir atvikum, öll skilyrði sem árangur viðskiptanna ræðst af, þ.m.t. tryggingar.
Liður 3.2.3	Eftir atvikum, allar upplýsingar um gjöld vegna uppskiptingar (e. *break-up fees*) eða önnur viðurlög sem gæti þurft að greiða ef viðskiptunum er ekki lokið.
Liður 3.2.4	Ef viðskiptin falla undir tilkynningar og/eða leyfisbeiðnir, lýsingu á þeim tilkynningum og/eða leyfisbeiðnum.
Liður 3.2.5	Eftir atvikum, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að skilja að fullu fjármögnunarfyrirkomulag viðskiptanna.
Liður 3.2.6	Tímaáætlun viðskiptanna.

Liður 3.3	**Áhættuþættir** Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir viðskiptin, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögnina „Áhættuþættir sem tengjast viðskiptunum“. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni undanþáguskjalsins.
Liður 3.4	**Hagsmunaárekstrar** Upplýsingar um alla hagsmunaárekstra sem útgefandinn, félagið sem tilboðið tekur til, félagið sem er yfirtekið eða félagið sem skipt er upp og hluthafar þeirra geta staðið frammi fyrir í tengslum við viðskiptin.
Liður 3.5	**Fjárhæð tilboðsins**
Liður 3.5.1	Viðtakendur tilboðsins eða úthlutunar á hlutabréfatengdu verðbréfunum sem tengjast viðskiptunum.
Liður 3.5.2	Fjárhæðin sem boðin er fyrir hvert hlutabréfatengt verðbréf eða flokk hlutabréfatengdra verðbréfa og einkum gengið og upphæð peningagreiðslna.
Liður 3.5.3	Upplýsingar varðandi allar óvissar greiðslur sem samþykktar eru í tengslum við viðskiptin, þ.m.t. ef um er að ræða samruna, skyldu yfirtökufélagsins til að yfirfæra viðbótarverðbréf eða reiðufé til fyrri eigenda fyrirtækisins sem er yfirtekið ef framtíðaratburðir eiga sér stað eða skilyrði eru uppfyllt.
Liður 3.5.4	Virðismatsaðferðirnar og forsendurnar sem beitt er til að ákvarða fjárhæðina sem boðin er fyrir hvert hlutabréfatengt verðbréf eða flokk hlutabréfatengdra verðbréfa, einkum að því er varðar gengið.
Liður 3.5.5	Upplýsingar um öll möt eða skýrslur sem gerð eru af óháðum sérfræðingum og upplýsingar um hvar hægt er að skoða þessi möt eða skýrslur. Ef um er að ræða samruna skal undanþáguskjalið innihalda upplýsingarnar sem krafist er í 96. eða 125. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132, með hliðsjón af tegund samrunans, eða tilgreina hvar hægt er að skoða þær upplýsingar. Ef um er að ræða uppskipti skal undanþáguskjalið innihalda upplýsingarnar sem krafist er í 142. gr. tilskipunar (ESB) 2017/1132 eða tilgreina hvar hægt er að skoða þær upplýsingar.
4. ÞÁTTUR	**HLUTABRÉFATENGD VERÐBRÉF SEM ERU BOÐIN Í ALMENNU ÚTBOÐI EÐA TEKIN TIL VIÐSKIPTA Á SKIPULEGUM MARKAÐI VEGNA VIÐSKIPTANNA**

Veittar upplýsingar um hlutabréfatengd verðbréf önnur en hlutabréf skulu vera ítarlegar og innihalda þær upplýsingar um undirliggjandi hlutabréf sem taldar eru upp hér að neðan.

Liður 4.1	**Áhættuþættir** Lýsing á verulegri áhættu sem er sértæk fyrir hlutabréfatengdu verðbréfin sem boðin eru eða tekin til viðskipta, í takmörkuðum fjölda flokka, í kafla með fyrirsögninni „Áhættuþættir sem tengjast hlutabréfatengdum verðbréfum“. Í hverjum flokki skal fyrst telja upp alvarlegustu áhættuþættina að mati útgefanda, tilboðsgjafa eða aðilans sem sækir um töku til viðskipta á skipulegum markaði, að teknu tilliti til neikvæðra áhrifa á útgefandann og hlutabréfatengdu verðbréfin og líkanna á að þeir raungerist. Áhættuþættirnir skulu staðfestir með efni undanþáguskjalsins.

Liður 4.2	**Yfirlýsing um veltufé** Yfirlýsing útgefandans um að hann telji veltufé sitt nægja til að uppfylla núverandi þarfir sínar og, ef ekki, hvernig hann hyggst afla þess viðbótarveltufjár sem til þarf.
Liður 4.3	**Upplýsingar um hlutabréfatengdu verðbréfin sem á að bjóða og/eða taka til viðskipta**
Liður 4.3.1	Almennar upplýsingar sem á að veita: a) lýsing á tegund, flokki og magni hlutabréfatengdu verðbréfanna sem eru boðin og/eða tekin til viðskipta, þ.m.t. alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer), b) gjaldmiðill útgefnu hlutabréfatengdu verðbréfanna.
Liður 4.3.2	Yfirlýsing um ályktanir, heimildir og staðfestingar sem liggja til grundvallar því að hlutabréfatengdu verðbréfin hafa verið eða verða stofnuð og/eða gefin út.
Liður 4.3.3	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsu framsali hlutabréfatengdu verðbréfanna.
Liður 4.3.4	Upplýsingar um opinber yfirtökutilboð af hálfu þriðju aðila í tengslum við hlutabréf útgefanda sem hafa verið gerð á næstliðnu og yfirstandandi fjárhagsári. Tilgreina skal verð eða skiptakjör sem fylgja slíkum tilboðum og niðurstöðu þeirra.
Liður 4.4	**Taka til viðskipta og fyrirkomulag viðskipta**
Liður 4.4.1	Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um töku hlutabréfatengdu verðbréfanna, sem boðin eru, til viðskipta, með dreifingu þeirra í huga, á skipulegum markaði eða öðrum jafngildum mörkuðum þriðju landa eins og skilgreint er í b-lið 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980 ([4]), ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Tilgreina skal þá daga sem hlutabréfatengdu verðbréfin verða fyrst tekin til viðskipta, sé vitað um þá.
Liður 4.4.2	Allir skipulegir markaðir, eða aðrir jafngildir markaðir þriðju landa sem skilgreindir eru í b-lið 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/980, sem útgefandinn hefur vitneskju um að hlutabréfatengd verðbréf í sama flokki og þau hlutabréfatengdu verðbréf sem á að bjóða til kaups eða taka til viðskipta hafi þegar verið tekin til viðskipta á, þ.m.t., eftir atvikum, heimildarskírteini og undirliggjandi hlutabréf.
Liður 4.4.3	Upplýsingar um þá aðila sem hafa gert bindandi samkomulag um að starfa sem milliliðir í eftirmarkaðsviðskiptum og veita seljanleika með kaup- og sölutilboðum, ásamt lýsingu á helstu skilmálum samkomulagsins.
Liður 4.4.4	Samningar um söluhömlur: a) aðilarnir sem hlut eiga að máli, b) efni samningsins og undantekningar frá honum, c) upplýsingar um hversu lengi söluhömlurnar vara.
Liður 4.5	**Þynning**
Liður 4.5.1	Samanburður á verðmæti hreinnar eignar á hvert hlutabréf frá og með dagsetningunni á nýjasta efnahagsreikningi fyrir viðskiptin og útgáfuverð á hlutabréfi í þeim viðskiptum.
Liður 4.5.2	Viðbótarupplýsingar ef samtímis eða nánast samtímis eru hlutabréfatengd verðbréf í sama flokki boðin eða tekin til viðskipta.
Liður 4.5.3	Tafla sem sýnir fjölda hlutabréfatengdra verðbréfa og atkvæðisrétta sem og hlutaféð bæði fyrir og eftir viðskiptin. Upplýsingar um þynningu (þ.m.t. þynningu atkvæðisréttar) sem núverandi hluthafar útgefandans verða fyrir sem afleiðing af tilboðinu.

Liður 4.6	**Ráðgjafar** Ef vísað er til ráðgjafa sem tengjast útgefanda í undanþáguskjalinu, yfirlýsingu um hvaða hlutverki ráðgjafarnir hafa gegnt.
5. ÞÁTTUR	**ÁHRIF VIÐSKIPTANNA Á ÚTGEFANDANN**
Liður 5.1	**Stefna og markmið** Útgefandinn skal gefa lýsingu á fyrirætlunum sínum að því er varðar framtíðarstarfsemi eftir viðskiptin, þ.m.t. upplýsingar um allar verulegar breytingar sem áhrif hafa á reksturinn, meginstarfsemina sem og afurðirnar og þjónustuna sem eru afleiðing af viðskiptunum. Þær upplýsingar skulu, eftir atvikum, innihalda lýsingu á rekstrarhorfum og/eða endurskipulagningu.
Liður 5.2	**Mikilvægir samningar** Stutt yfirlit um alla mikilvæga samninga útgefandans, félagsins sem tilboðið tekur til, félagsins sem er yfirtekið eða félagsins sem skipt er upp, aðra en samninga sem gerðir eru í venjubundnum rekstri, sem verða fyrir verulegum áhrifum af viðskiptunum.
Liður 5.3	**Eignalosun**
Liður 5.3.1	Að því marki sem vitað er, upplýsingar um umtalsverða eignalosun s.s. verulega sölu á dótturfélögum eða einhverjum mikilvægum viðskiptasviðum eftir að viðskiptin eru frágengin, ásamt lýsingu á mögulegum áhrifum á samstæðu útgefandans.
Liður 5.3.2	Upplýsingar um sérhverja verulega afturköllun framtíðarfjárfestinga eða eignalosunar sem áður var tilkynnt um.
Liður 5.4	**Stjórnarhættir félags** a) Að því marki sem útgefandinn hefur vitneskju um, nöfn, heimilisföng félaga og starfssvið einstaklinganna innan útgefandans, sem strax eftir viðskiptin verða aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, og ef um er að ræða samlagsfélag með hlutafé, samstarfsaðila með ótakmarkaða ábyrgð, b) greina skal með skýrum hætti frá öllum mögulegum hagsmunaárekstrum sem geta risið af völdum þess að þeir einstaklingar sem um getur í a-lið sinni skyldustörfum fyrir útgefandann og hins vegar einkahagsmunum sínum eða öðrum skyldustörfum. Ef ekki er um að ræða neina slíka árekstra skal lýsa því yfir, c) upplýsingar um allar takmarkanir sem þeir aðilar sem um getur í a-lið samþykkja á ráðstöfun eignarhluta sinna í hlutabréfatengdum verðbréfum útgefandans innan tiltekins tímabils eftir viðskiptin.
Liður 5.5	**Hlutafjáreign** Hluthafaskipulag strax eftir viðskiptin.
Liður 5.6	***Pro forma* fjárhagsupplýsingar**
Liður 5.6.1	Ef um er að ræða verulega brúttóbreytingu, eins og skilgreind er í e-lið 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980, skal lýsa því hvaða áhrif viðskiptin gætu hafa haft á eignir, skuldir og tekjur útgefandans ef viðskiptin hefðu átt sér stað við upphaf tímabilsins eða á deginum sem upplýsingar eru veittar um. Þessi krafa er yfirleitt uppfyllt með því að veita *pro forma* fjárhagsupplýsingar. Leggja skal slíkar *pro forma* fjárhagsupplýsingar fram eins og greinir í liðum 5.7 til 5.9 og skulu þær hafa að geyma þær upplýsingar sem þar eru tilgreindar. *Pro forma* fjárhagsupplýsingum skal fylgja skýrsla sem samin er af óháðum endurskoðendum eða endurskoðunarstofu.

Liður 5.6.2	Ef *pro forma* fjárhagsupplýsingar eru ekki tiltækar skal útgefandinn veita upplýsingar í frásagnarformi og fjárhagsupplýsingar um þau verulegu áhrif sem viðskiptin munu hafa á reikningsskil útgefandans. Sú frásögn og fjárhagsupplýsingar skulu ekki kalla á endurskoðun. Frásögnin og fjárhagsupplýsingarnar skulu samdar í samræmi við gildandi reikningsskilaumgjörð og þá reikningsskilastefnu sem útgefandi fylgir í síðustu eða næstu reikningsskilum sínum. Þegar þær upplýsingar hafa verið endurskoðaðar skal taka fram í undanþáguskjalinu að þessar upplýsingar séu endurskoðaðar sem og upplýsingar um endurskoðendurna sem önnuðust endurskoðunina.
Liður 5.7	**Efni *pro forma* fjárhagsupplýsinganna** *Pro forma* fjárhagsupplýsingar skulu samanstanda af: a) inngangi þar sem fram kemur: i. í hvaða tilgangi *pro forma* fjárhagsupplýsingarnar voru teknar saman, þ.m.t. lýsing á yfirtökunni með skiptiútboði, samruna eða uppskiptingu eða verulegri skuldbindingu og þeim fyrirtækjum eða aðilum sem hlut eiga að máli, ii. tímabil og/eða dagsetning sem *pro forma* fjárhagsupplýsingar taka til, iii. að *pro forma* fjárhagsupplýsingarnar séu eingöngu útbúnar til skýringar, iv. útskýring á: A) að *pro forma* fjárhagsupplýsingarnar sýni áhrif viðskiptanna eins og ef viðskiptin hefðu farið fram fyrr, B) að tilgátur um fjárhagsstöðu eða afkomu í *pro forma* fjárhagsupplýsingunum geti verið frábrugðnar raunverulegri fjárhagsstöðu eða afkomu viðkomandi aðila, b) rekstrarreikningi, efnahagsreikningi eða hvorum tveggja, eftir atvikum, sett fram í dálkaformi sem samanstendur af: i. sögulegum, óleiðréttum upplýsingum, ii. breytingum á reikningsskilaaðferðum, ef nauðsyn krefur, iii. *pro forma* leiðréttingum, iv. niðurstöðum *pro forma* fjárhagsupplýsinganna í lokadálki, c) meðfylgjandi skýringum á: i. hvaðan óleiðréttu fjárhagsupplýsinganna var aflað og hvort birt hefur verið endurskoðunarskýrsla um upplýsingarnar sem þær byggja á, ii. á hvaða grundvelli *pro forma* fjárhagsupplýsingarnar eru samdar, iii. uppruna hverrar leiðréttingar ásamt útskýringu á henni, iv. að því er varðar hverja leiðréttingu í tengslum við *pro forma* rekstrarreikning, hvort búist sé við að leiðréttingin hafi áframhaldandi áhrif á útgefandann eða ekki, d) eftir atvikum, að því marki sem ekki er fjallað um annars staðar í undanþáguskjalinu, skal undanþáguskjalið hafa að geyma þær fjárhagsupplýsingar og árshlutaupplýsingar fyrirtækja eða aðila sem hafa verið (eða verða) yfirtekin sem notaðar eru við gerð *pro forma* fjárhagsupplýsinganna. Á sama hátt, ef um er að ræða uppskiptingu, skal setja fram fjárhagsupplýsingar félagsins sem skipt er upp.
Liður 5.8	**Meginreglur um gerð og framsetningu *pro forma* fjárhagsupplýsinga**

Liður 5.8.1	*Pro forma* fjárhagsupplýsingar skulu auðkenndar sem slíkar til aðgreiningar frá sögulegum fjárhagsupplýsingum. *Pro forma* fjárhagsupplýsingar skulu samdar í samræmi við þá reikningsskilastefnu sem útgefandi fylgir í síðustu eða næstu reikningsskilum sínum.
Liður 5.8.2	Einungis er heimilt að birta *pro forma* upplýsingar að því er varðar annað hvort af eftirfarandi: a) síðasta fjárhagstímabil sem er lokið, b) næstliðinn árshluta sem viðkomandi, óleiðréttar upplýsingar hafa verið birtar um eða eru í undanþáguskjalinu fyrir.
Liður 5.8.3	*Pro forma* leiðréttingarnar skulu: a) sýndar með skýrum hætti og útskýrðar, b) sýna öll veruleg áhrif sem rekja má beint til viðskiptanna, c) vera styðjanlegar staðreyndum.
Liður 5.9	**Kröfur um áritun endurskoðanda** Undanþáguskjalið skal hafa að geyma skýrslu sem unnin er af óháðum endurskoðendum eða endurskoðunarstofu, þar sem kemur fram það álit þeirra að: a) *pro forma* fjárhagsupplýsingarnar hafi verið samdar á tilhlýðilegan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er, b) að grundvöllurinn sem um getur í a-lið sé í samræmi við reikningsskilaaðferðir útgefanda.
6. ÞÁTTUR	**TILTÆK SKJÖL**
Liður 6.1	Upplýsingar um hvar hægt er að skoða eftirfarandi skjöl, eftir atvikum, næstu 12 mánuði eftir birtingu undanþáguskjalsins: a) gildandi stofnsamning og samþykktir útgefanda, b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, sögulegar fjárhagsupplýsingar, mats- og greinargerðir sem eru samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda og að einhverju leyti eru felldar inn í eða vísað er til í undanþáguskjalinu, c) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, mats- og greinargerðir sem ekki er getið í a- eða b-lið þessa liðar eða í neinum öðrum liðum í þessum viðauka, sem samin eru í samræmi við tilskipun 2004/25/EB eða tilskipun (ESB) 2017/1132. Tilgreina skal vefsetur þar sem hægt er að skoða skjölin.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtíð. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 2019/980 frá 14. mars 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 að því er varðar sniðmát, efni, athugun og staðfestingu lýsinga sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 (Stjtíð. ESB L 166, 21.6.2019, bls. 26).

II. VIÐAUKI

LÁGMARKSUPPLÝSINGAR Í UNDANÞÁGUSKJALINU

Ákvæði fjórðu undirgreinar 1. mgr. 2. gr.

1. ÞÁTTUR	**UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN**
	Eftirfarandi upplýsingar skulu veittar: a) upplýsingarnar sem krafist er í 1. þætti I. viðauka við þessa reglugerð, b) upplýsingarnar sem krafist er í 1. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/980, að undanskildum 1. þætti þess viðauka. Eftir atvikum skal einnig veita þær upplýsingar um útgefanda undirliggjandi hlutabréfa ef hann er annar en útgefandi hlutabréfatengdu verðbréfanna. Sérhverja tilvísun til „útgefandalýsingar“ eða „lýsingar“ í 1. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/980 skal túlka sem tilvísun til undanþáguskjals, eins og um getur í þessari reglugerð.
2. ÞÁTTUR	**UPPLÝSINGAR UM FÉLAGIÐ SEM TILBOÐIÐ TEKUR TIL, FÉLAGIÐ SEM ER YFIRTEKIÐ EÐA FÉLAGIÐ SEM SKIPT ER UPP**
	Upplýsingarnar sem krafist er í 2. þætti I. viðauka við þessa reglugerð skulu veittar, með hliðsjón af tegund viðskipta, um félagið sem tilboðið tekur til, félagið sem er yfirtekið eða félagið sem skipt er upp. Ef einhver af fyrrnefndum aðilum er samstæða og samstæðureikningsskilin hafa þegar verið birt skulu upplýsingarnar sem taldar eru upp í þessum þætti settar fram á samstæðugrunni. Ef um er að ræða yfirtöku með skiptiútboði, séu upplýsingarnar sem óskað er um félagið sem tilboðið tekur til ekki tiltækar skal leggja fram yfirlýsingu þar um.
3. ÞÁTTUR	**UPPLÝSINGAR UM HLUTABRÉFATENGD VERÐBRÉF SEM ERU BOÐIN Í ALMENNU ÚTBOÐI EÐA TEKIN TIL VIÐSKIPTA Á SKIPULEGUM MARKAÐI VEGNA VIÐSKIPTANNA**
Liður 3.1	Veita skal upplýsingarnar sem krafist er í 11. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/980, að undanskildum 1. þætti þess viðauka. Eftir atvikum, skal einnig veita þær upplýsingar fyrir undirliggjandi hlutabréf. Sérhverja tilvísun til „verðbréfalýsingar“ eða „lýsingar“ í 11. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2019/980 skal túlka sem tilvísun til undanþáguskjalsins sem um getur í þessari reglugerð.
Liður 3.2.	Þrátt fyrir lið 3.1 skal veita eftirfarandi upplýsingar í eftirfarandi tilvikum: a) að því er varðar verðbréfin sem um getur í 1. eða 2. mgr. 19. gr. eða í 1. eða 2. mgr. 20. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980, séu þessi verðbréf ekki hlutabréf eða önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum skal veita upplýsingarnar sem krafist er í 14. viðauka við þá reglugerð (að undanskildum 1. þætti þess viðauka) sem og viðbótarupplýsingarnar sem um getur í 1. eða 2. mgr. 19. gr. eða í 1. eða 2. mgr. 20. gr., b) að því er varðar heimildarskírteini sem gefin eru út vegna hlutabréfa skal veita upplýsingarnar sem krafist er í 13. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980. Allar tilvísanir til „verðbréfalýsingar“ eða „lýsingar“ í viðkomandi viðaukum við framselda reglugerð (ESB) 2019/980 skal túlka sem tilvísun til undanþáguskjalsins sem um getur í þessari reglugerð.

4. ÞÁTTUR	**LÝSING Á VIÐSKIPTUNUM**
	Veita skal upplýsingarnar sem krafist er í 3. þætti í I. viðauka við þessa reglugerð.
5. ÞÁTTUR	**ÁHRIF VIÐSKIPTANNA Á ÚTGEFANDANN**
	Veita skal upplýsingarnar sem krafist er í 5. þætti í I. viðauka við þessa reglugerð.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1272 **2021/EES/80/09**

frá 30. júlí 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Vatíkanborgríkinu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 gerir ráð fyrir viðurkenningu COVID-19-vottorða, sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra, ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur verða aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Vatíkanborgríkinu til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954 einnig að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Vatíkanborgríkinu til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 29. júní 2021 lét framkvæmdastjórnin gera tækniprófa, að beiðni Vatíkanborgríkisins, sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, sem gefin eru út af Vatíkanborgríkinu í samræmi við „VA-EUDCC-GW“-kerfi þess, eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, sem gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, sem Vatíkanborgríkið hefur gefið út í samræmi við „VA-EUDCC-GW“-kerfið, innihaldi nauðsynleg gögn.

4) Hinn 9. júlí 2021 lét Vatíkanborgríkið framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu samkvæmt kerfi sem ber heitið „VA-EUDCC-GW“-kerfið. Vatíkanborgríkið upplýsti framkvæmdastjórnina um að það liti svo á að COVID-19-vottorð þess væru gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Vatíkanborgríkið hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð, sem Vatíkanborgríkið hefur gefið út í samræmi við „VA-EUDCC-GW“-kerfið, innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 148. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

5) Auk þessa upplýsti Vatíkanborgríkið framkvæmdastjórnina um að það muni gefa út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefnið Comirnaty.

6) Vatíkanborgríkið upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953. Vatíkanborgríkið upplýsti framkvæmdastjórnina um að það muni viðurkenna sönnun fyrir bólusetningu með bóluefnum sem hafa leyfi innan alls Evrópusambandsins (í kjölfar álits Lyfjastofnunar Evrópu), bóluefnum sem lögbært yfirvald aðildarríkis ESB hefur veitt bráðabirgða-markaðsleyfi og bóluefnum sem lokið hafa skráningarferli fyrir skrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar yfir neyðarnotkun. Vatíkanborgríkið upplýsti framkvæmdastjórnina enn fremur um að það muni viðurkenna prófvottorð sem byggjast á kjarnsýrumögnunarprófi (NAAT-prófi) (t.d. RT-PCR-prófi) og skyndiprófi sem eru á skrá hjá heilbrigðis-öryggisnefndinni. Vatíkanborgríkið upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það muni viðurkenna vottorð um bata sem byggjast á kjarnsýrumögnunarprófi (NAAT-prófi) (t.d. RT-PCR-prófi).

7) Hinn 22. júlí 2021 upplýsti Vatíkanborgríkið framkvæmdastjórnina einnig um að við sannprófun vottorða um bólusetningu, próf og bata, sem aðildarríkin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953, verði persónuupplýsingar, sem fram koma í vottorðunum, aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

8) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-bólusetningarvottorð, sem eru gefin út í Vatíkanborgríkinu í samræmi við „VA-EUDCC-GW“-kerfið, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

9) Því ætti að viðurkenna COVID-19 bólusetningarvottorð sem gefin eru út af Vatíkanborgríkinu í samræmi við „VA-EUDCC-GW“-kerfið með þeim skilyrðum sem um getur í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

10) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Vatíkanborgríkið við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fella þessa ákvörðun tímabundið eða varanlega úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

12) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að tengja Vatíkanborgríkið við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta ætti á COVID-19-vottorð um bólusetningu, sem Vatíkanborgríkið gefa út í samræmi við „VA-EUDCC-GW“-kerfið, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Vatíkanborgríkið við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 30. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1273 **2021/EES/80/10**

frá 30. júlí 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í San Marínó og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 gerir ráð fyrir viðurkenningu COVID-19-vottorða, sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra, ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur verða aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-bólusetningarvottorð sem gefin eru út í San Marínó til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt eiga slíkar niðurstöður um jafngildi á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954 einnig við um COVID-19-vottorð sem gefin eru út í San Marínó til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 30. júní 2021 lét framkvæmdastjórnin gera tæknipróf, að beiðni San Marínó, sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata, sem gefin eru út af San Marínó í samræmi við „smdcc“-kerfi (San Marino Digital Covid Certificate) þess, eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, sem gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin, sem San Marínó hefur gefið út í samræmi við „smdcc“-kerfið, innihaldi nauðsynleg gögn.

4) Hinn 14. júlí 2021 lét San Marínó framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata samkvæmt kerfi sem ber heitið „smdcc“-kerfið. San Marínó upplýsti framkvæmdastjórnina um að það liti svo á að COVID-19-vottorð þess væru gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. San Marínó hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð, sem San Marínó hefur gefið út í samræmi við „smdcc“-kerfið innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 151. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 241/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

5) Auk þessa upplýsti San Marínó framkvæmdastjórnina um að það muni gefa út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þau eru nú Comirnaty, Moderna, Vaxzevria, Janssen og Sputnik V.

6) San Marínó upplýsti framkvæmdastjórnina enn fremur um að það muni eingöngu gefa út samvirkandi prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf eða skyndipróf sem skráð eru í sameiginlegu og uppfærðu skránni yfir COVID-19 skyndipróf sem samþykkt var af heilbrigðisöryggisnefndinni, sem komið er á fót með 17. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB ([3]), á grundvelli tilmæla ráðsins frá 21. janúar 2021 ([4]).

7) San Marínó upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953. San Marínó upplýsti framkvæmdastjórnina um að það muni viðurkenna sönnun fyrir bólusetningu með bóluefnum sem hafa leyfi innan alls Evrópusambandsins (í kjölfar álits Lyfjastofnunar Evrópu), bóluefnum sem lögbært yfirvald aðildarríkis ESB hefur veitt bráðabirgðamarkaðsleyfi og bóluefnum sem lokið hafa skráningarferli fyrir skrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar yfir neyðarnotkun. San Marínó upplýsti framkvæmdastjórnina enn fremur um að það muni viðurkenna prófvottorð sem byggjast á kjarnsýrumögnunarprófi (NAAT-prófi) (t.d. RT-PCR-prófi) og skyndiprófi sem eru á skrá hjá heilbrigðis-öryggisnefndinni. San Marínó mun viðurkenna vottorð um bata sem byggjast á kjarnsýrumögnunarprófi (NAAT-próf) (t.d. RT-PCR-prófi).

8) Hinn 22. júlí upplýsti San Marínó framkvæmdastjórnina einnig um að við sannprófun vottorða um bólusetningu, próf og bata, sem aðildarríkin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953, verði persónuupplýsingar, sem fram koma í vottorðunum, aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

9) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð, sem eru gefin út í San Marínó í samræmi við „smdcc“-kerfið, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

10) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð, sem gefin eru út af San Marínó í samræmi við „smdcc“-kerfið, með þeim skilyrðum sem um getur í 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (5. mgr.) og 7. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) 2021/953.

11) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja San Marínó við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

12) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fella þessa ákvörðun tímabundið eða varanlega úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

13) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að tengja San Marínó við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta ætti á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem San Marínó gefur út í samræmi við „smdcc“-kerfið, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

([3]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri og niðurfellingu ákvörðunar nr. 2119/98/EB (Stjtíð. ESB L 293, 5.11.2013, bls. 1).

([4]) Tilmæli ráðsins frá 21. janúar 2021 um sameiginlegan ramma um notkun og gildingu skyndiprófa og gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum COVID-19-prófa innan ESB (Stjtíð. ESB C 24, 22.1.2021, bls. 1).

2. gr.

Tengja skal San Marínó við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 30. júlí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1380 **2021/EES/80/11**

frá 19. ágúst 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Úkraínu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða, sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra, ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur verða aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-bólusetningarvottorð sem gefin eru út í Úkraínu til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954 einnig að eiga við um COVID-19-bólusetningarvottorð sem gefin eru út í Úkraínu til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 16. júlí 2021 lét Úkraína framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata innan kerfis sem ber heitið rafræna ríkisþjónustukerfið (Single State portal of electronic services)(Diia portal and mobile application).Úkraína upplýsti framkvæmdastjórnina um að það liti svo á að COVID-19-vottorð þess væru gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Úkraína hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð, sem Úkraína hefur gefið út í samræmi við rafræna ríkisþjónustukerfið (Diia portal and mobile application) innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 297, 20.8.2021, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 242/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Hinn 4. ágúst 2021 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Úkraínu, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata eru gefin út af Úkraínu í samræmi við rafræna ríkisþjónustukerfið (Diia portal and mobile application), sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata, sem Úkraína hefur gefið út í samræmi við rafræna ríkisþjónustukerfið (Diia portal and mobile application), innihaldi nauðsynleg gögn.

5) Auk þessa upplýsti Úkraína framkvæmdastjórnina um að það muni gefa út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þau eru nú Vaxzevria, Comirnaty, Spikevax, COVID-19-bóluefnið Janssen, COVID-19-bóluefnið CoronaVac(Vero Cell) Inactivated, Covishield og NVX-CoV2373.

6) Úkraína upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það muni eingöngu gefa út samvirkandi prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf eða skyndipróf sem skráð eru í sameiginlegu og uppfærðu skránni yfir COVID-19 skyndipróf sem samþykkt var af heilbrigðisöryggisnefndinni, sem komið er á fót með 17. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB ([3]), á grundvelli tilmæla ráðsins frá 21. janúar 2021 ([4]).

7) Enn fremur upplýsti Úkraína framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi vottorð um bata í fyrsta lagi 14 dögum eftir jákvætt próf. Þessi vottorð gilda í allt að 180 daga frá fyrstu jákvæðu prófniðurstöðu.

8) Úkraína upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin, EES-löndin og önnur lönd gefa út og eru tilefni samþykktar framkvæmdaákvörðunar skv. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953. Úkraína skal einnig upplýsa framkvæmdastjórnina um að fólki með stafrænt ESB-vottorð vegna COVID, þ.e. prófvottorð um neikvætt NAAT-próf, og stafrænt ESB-vottorð vegna COVID, þ.e. prófvottorð um neikvætt RAT-próf, sé heimilt að koma til Úkraínu en þess er krafist, líkt og fyrir ríkisborgara Úkraínu, að þau gangist undir frekari NAAT-\RAT-próf innan 72 stunda.

9) Enn fremur upplýsti Úkraína framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Úkraínu sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar, sem fram koma í þeim, aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, próf eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð, sem eru gefin út í Úkraínu í samræmi við rafræna ríkisþjónustukerfið (Diia portal and mobile application), sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð, sem gefin eru út af Úkraínu í samræmi við rafræna ríkisþjónustukerfið (Diia portal and mobile application), með þeim skilyrðum sem um getur í 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (5. mgr.) og 7. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Úkraínu við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fella þessa ákvörðun tímabundið eða varanlega úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að tengja Úkraínu við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([3]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri og niðurfellingu ákvörðunar nr. 2119/98/EB (Stjtíð. ESB L 293, 5.11.2013, bls. 1).

([4]) Tilmæli ráðsins frá 21. janúar 2021 um sameiginlegan ramma um notkun og gildingu skyndiprófa og gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum COVID-19-prófa innan ESB (Stjtíð. ESB C 24, 22.1.2021, bls. 1).

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta ætti á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem Úkraína gefur út í samræmi við rafræna ríkisþjónustukerfið (Diia portal and mobile application), sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Úkraínu við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 19. ágúst 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1381 **2021/EES/80/12**

frá 19. ágúst 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Norður-Makedóníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

16) Það að stöðva og snúa við tapi á líffræðilegri fjölbreytni og hnignun vistkerfa, þ.m.t. vistkerfi sjávar, útheimtir stuðning til að þróa, koma í framkvæmd, framfylgja og meta viðeigandi löggjöf og stefnu Sambandsins, þ.m.t. orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 20. maí 2020 um áætlun ESB um líffræðilega fjölbreytni til 2030 – Færum náttúruna aftur inn í líf okkar, tilskipun ráðsins 92/43/EBE ([16]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB ([17]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1143/2014 ([18]), einkum með því að þróa þekkingargrunn fyrir stefnumótun og framkvæmd og með því að þróa, prófa, sýna fram á og beita bestu starfsvenjum og lausnum, s.s. skilvirkri stjórnun, í smáum stíl eða sniðið að sérstökum staðbundnum, svæðisbundnum eða landsbundnum aðstæðum, þ.m.t. samþættar aðferðir við framkvæmd forgangsraðaðra aðgerðaáætlana sem voru samþykktar samkvæmt tilskipun 92/43/EBE. Þessi reglugerð ætti að stuðla að því að samræma aðgerðir í tengslum við líffræðilega fjölbreytni í stefnum Sambandsins og að því að uppfylla þann heildarmetnað að veita 7,5% af árlegum útgjöldum samkvæmt fjárhagsrammanum til margra ára til markmiða í tengslum við líffræðilega fjölbreytni á árinu 2024 og 10% af árlegum útgjöldum samkvæmt fjárhagsrammanum til margra ára til markmiða í tengslum við líffræðilega fjölbreytni á árunum 2026 og 2027 en taka um leið tillit til núverandi skörunar á loftslagsmarkmiðum og markmiðum í tengslum við líffræðilega fjölbreytni.

Sambandið og aðildarríkin ættu að fylgjast með útgjöldum sínum í tengslum við líffræðilega fjölbreytni til að uppfylla skýrslugjafarskyldur sínar samkvæmt samningnum um líffræðilega fjölbreytni. Einnig ætti að uppfylla kröfur um eftirfylgni sem kveðið er á um í annarri viðeigandi löggjöf Sambandsins. Hafa ætti eftirlit með útgjöldum Sambandsins í tengslum við líffræðilega fjölbreytni, í samræmi við skilvirka, gagnsæja og yfirgripsmikla aðferðafræði sem framkvæmdastjórnin á að setja fram í samstarfi við Evrópuþingið og ráðið, eins og um getur í samstarfssamningnum milli stofnana frá 16. desember 2020 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar

([15]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

([16]) Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra (Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7).

([17]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun villtra fugla (Stjtíð. ESB L 20, 26.1.2010, bls. 7).

([18]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1143/2014 frá 22. október 2014 um að fyrirbyggja og stjórna aðflutningi og útbreiðslu ágengra, framandi tegunda (Stjtíð. ESB L 317, 4.11.2014, bls. 35).

Evrópusambandsins um aga í stjórn fjármála, um samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórn, sem og um nýjar eigin tekjur, þ.m.t. vegvísir í áttina að því að fá inn nýjar eigin tekjur ([19]).

17) Nýlegar úttektir og möt, þ.m.t. áfangaúttekt á áætlun ESB um líffræðilega fjölbreytni til 2020 og gæðaeftirlit með náttúrulöggjöfinni, benda til þess að ein af helstu undirliggjandi orsökum þess að löggjöf Sambandsins um náttúruna og áætluninni um líffræðilega fjölbreytni hefur ekki verið komið til framkvæmda með fullnægjandi hætti sé skortur á nægilegri fjármögnun.

Helstu fjármögnunargerningar Sambandsins, þ.m.t. Byggðaþróunarsjóður Evrópu sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1301/2013 ([20]) (hér á eftir nefndur Byggðaþróunarsjóður Evrópu) og Samheldnisjóðurinn sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1300/2013 ([21]) (hér á eftir nefndur Samheldnisjóðurinn), Dreifbýlisþróunarsjóður evrópsks landbúnaðar sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 ([22]) (hér á eftir nefndur Dreifbýlisþróunarsjóður evrópsks landbúnaðar) og Sjávarútvegssjóður Evrópu sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um Sjávarútvegssjóð Evrópu og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 508/2014 (hér á eftir nefndur Sjávarútvegssjóður Evrópu), gætu, sem viðbótarfjármögnun, lagt umtalsvert af mörkum til viðbótar í áttina að því að uppfylla þessar þarfir. LIFE-áætlunin gæti bætt enn frekar skilvirkni slíkrar samræmingar með stefnumarkandi náttúruáætlunum sem ætlað er að gegna hlutverki hvata til að koma löggjöf og stefnu Sambandsins um náttúru og líffræðilega fjölbreytni í framkvæmd, þ.m.t. aðgerðir sem settar eru fram í forgangsröðuðum aðgerðaáætlunum sem eru samþykktar samkvæmt tilskipun 92/43/EBE. Stefnumarkandi náttúruáætlanir ættu að styðja við aðgerðaáætlanir í aðildarríkjunum sem miða að því að samræma viðeigandi markmið um náttúru og líffræðilega fjölbreytni við aðrar stefnur og fjármögnunaráætlanir og tryggja þar með að viðeigandi fjármögnun sé virkjuð til að koma þessum stefnum til framkvæmda.

Aðildarríkjum ætti að vera heimilt að ákveða, innan stefnuáætlunar sinnar um sameiginlegu landbúnaðarstefnuna, að nota tiltekinn hluta af úthlutun úr Dreifbýlisþróunarsjóði evrópsks landbúnaðar til að efla stuðning við aðgerðir sem koma til viðbótar við stefnumarkandi náttúruáætlanir eins og skilgreint er samkvæmt þessari reglugerð.

18) Efling hringrásarhagkerfisins og auðlindanýtni útheimtir breytingar á því hvernig efniviðir og vörur, þ.m.t. plast, eru hönnuð, framleidd, notuð, gert við þau, þau endurnýtt, endurunnin og þeim fargað og áherslu á allan vistferil varanna. LIFE-áætlunin ætti að stuðla að umskiptum yfir í hringrásarhagkerfislíkan með fjárstuðningi sem beinist að margs konar aðilum, s.s. fyrirtækjum, opinberum yfirvöldum og neytendum, einkum með því að beita, þróa og endurtaka bestu tæknina, starfsvenjurnar og lausnirnar sem eru sniðnar að sérstökum staðbundnum, svæðisbundnum eða landsbundnum aðstæðum, þ.m.t. með samþættum aðferðum við beitingu úrgangsmetakerfisins og framkvæmd áætlana um úrgangsstjórnun og forvarnir. Með því að styðja við að orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 16. janúar 2018 um evrópska stefnuáætlun um plast í hringrásarhagkerfi sé hrundið í framkvæmd er einkum unnt að grípa til aðgerða til að takast á við þann vanda sem stafar af rusli í sjó.

19) Öflug umhverfisvernd hefur grundvallarþýðingu fyrir heilbrigði og vellíðan borgara Sambandsins. LIFE-áætlunin ætti að styðja við markmið Sambandsins að því er varðar að íðefni séu framleidd og notuð á þann hátt að umtalsverð, skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið verði í lágmarki, með það fyrir augum að ná markmiðinu um

([19]) Stjtíð. ESB L 433I, 22.12.2020, bls. 28.

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1301/2013 frá 17. desember 2013 um Byggðaþróunarsjóð Evrópu og um sértæk ákvæði að því er varðar markmið um fjárfestingar í vexti og störfum og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1080/2006 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 289).

([21]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1300/2013 frá 17. desember 2013 um Samheldnisjóðinn og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1084/2006 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 281).

([22]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 frá 17. desember 2013 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1698/2005 (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 487).

eiturefnalaust umhverfi í Sambandinu. LIFE-áætlunin ætti einnig að styðja við starfsemi til að auðvelda framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB ([23]) í því skyni að ná hávaðastigi sem veldur hvorki umtalsverðum neikvæðum áhrifum né áhættu fyrir heilbrigði manna.

20) Langtímamarkmið Sambandsins að því er varðar stefnu vegna andrúmslofts er að ná fram loftgæðum sem valda hvorki umtalsverðum neikvæðum áhrifum né áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið en styrkja um leið samlegðaráhrifin milli bættra loftgæða og skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda. Almenningsvitund um loftmengun er mikil og borgarar vænta þess að yfirvöld bregðist við, einkum á svæðum þar sem íbúar og vistkerfi verða fyrir váhrifum vegna mikils magns loftmengunarefna. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2284 ([24]) er lögð áhersla á það hlutverk sem fjármögnun Sambandsins getur gegnt til að ná markmiðum um hreint loft. Þess vegna ætti LIFE-áætlunin að styðja við verkefni, þ.m.t. stefnumarkandi samþætt verkefni, sem geta virkjað opinbert fjármagn og einkafjármagn, til að sýna bestu starfsvenjur og til að gegna hlutverki hvata við framkvæmd áætlana um loftgæði og löggjafar á staðbundna, svæðisbundna, fjölsvæðisbundna, landsbundna og fjölþjóðlega vísu.

21) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ([25]) er settur rammi um vernd yfirborðsvatns í Sambandinu, strandsjávar, árósavatns og grunnvatns. Markmiðin í þeirri tilskipun myndu njóta stuðnings með betri framkvæmd og samþættingu á markmiðum stefnunnar í vatnsmálum við aðra málaflokka. Þess vegna ætti LIFE-áætlunin að styðja við verkefni sem stuðla að skilvirkri framkvæmd tilskipunar 2000/60/EB ásamt annarri viðeigandi vatnslöggjöf Sambandsins sem stuðlar að því að góðri stöðu vatnshlota Sambandsins verði náð með því að beita, þróa og endurtaka bestu starfsvenjur, sem og með því að virkja viðbótaraðgerðir samkvæmt öðrum áætlunum eða tekjulindum Sambandsins.

22) Vernd og endurheimt sjávarumhverfisins er eitt af heildarmarkmiðunum með umhverfisstefnu Sambandsins. LIFE-áætlunin ætti að styðja við eftirfarandi: stjórnun, varðveislu, endurheimt og vöktun líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfis sjávar, einkum hafsvæða innan Evrópunets verndarsvæða (Natura 2000), og vernd tegunda í samræmi við forgangsraðaðar aðgerðaáætlanir sem voru samþykktar samkvæmt tilskipun 92/43/EBE; að ná góðri umhverfislegri stöðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB ([26]); að stuðla að hreinum og heilbrigðum höfum; að koma í framkvæmd orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 16. janúar 2018 um evrópska stefnuáætlun um plast í hringrásarhagkerfi þar sem einkum er fjallað um vandamálið við týnd veiðarfæri og rusl í sjó og að efla þátttöku Sambandsins varðandi alþjóðlegan hafrétt sem er mjög mikilvæg til að ná markmiðunum í áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 og til að tryggja heilbrigð höf fyrir komandi kynslóðir. Stefnumarkandi samþætt verkefni í LIFE-áætluninni og stefnumarkandi náttúruáætlanir ættu að innihalda viðeigandi aðgerðir sem miða að því að vernda sjávarumhverfið.

23) Umbætur á stjórnunarháttum varðandi málefni umhverfis, loftslagsbreytinga og tengdra orkuumskipta krefjast þátttöku borgaralegs samfélags með því að auka almenningsvitund, þ.m.t. með samskiptaáætlun þar sem tekið er tillit til nýrra miðla og samfélagsmiðla, þátttöku neytenda og aukinni þátttöku hagsmunaaðila, þ.m.t. frjáls félagasamtök, í samráði um og framkvæmd á tengdum stefnum á öllum stigum. Því er rétt að LIFE-áætlunin styðji við mörg mismunandi frjáls félagasamtök, sem og netkerfi aðila sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, sem vinna að markmiðum í þágu almennra hagsmuna Sambandsins og sem eru fyrst og fremst virk á sviði aðgerða í umhverfis- eða loftslagsmálum með því að veita, á samkeppnishæfan og gagnsæjan hátt, rekstrarstyrki til að hjálpa slíkum frjálsum félagasamtökum, netkerfum og aðilum við að leggja verulega að mörkum til stefnu Sambandsins og til að byggja og styrkja getu þeirra til að verða skilvirkari samstarfsaðilar.

([23]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB frá 25. júní 2002 um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu (Stjtíð. EB L 189, 18.7.2002, bls. 12).

([24]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2284 frá 14. desember 2016 um að draga úr landsbundinni losun á tilteknum loftmengunarefnum, um breytingu á tilskipun 2003/35/EB og niðurfellingu á tilskipun 2001/81/EB (Stjtíð ESB L 344, 17.12.2016, bls. 1).

([25]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

([26]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB frá 17. júní 2008 um ramma um aðgerðir Bandalagsins varðandi stefnu í sjávarumhverfismálum (haftilskipunin) (Stjtíð. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 19).

24) Umbætur á stjórnunarháttum á öllum stigum ættu að vera þverlægt markmið með öllum undiráætlunum LIFE-áætlunarinnar en LIFE-áætlunin ætti að styðja við þróun, framkvæmd og framfylgd umhverfis- og loftslagsregluverksins og að því sé fylgt, einkum að því er varðar lárétta löggjöf um stjórnunarhætti í umhverfismálum, þ.m.t. löggjöfin sem kom Árósasamningnum til framkvæmda.

25) LIFE-áætlunin ætti að undirbúa markaðsaðila fyrir og styðja þá við umskipti í áttina að sjálfbæru, hringlaga, orkunýtnu, loftslagshlutlausu og loftslagsbreytingaþolnu hagkerfi sem er byggt á endurnýjanlegri orku með því að prófa ný viðskiptatækifæri, stigbæta starfsfærni, greiða fyrir aðgangi neytenda að sjálfbærum vörum og þjónustu, fá áhrifavalda til starfa og valdefla þá og prófa nýstárlegar aðferðir til að aðlaga fyrirliggjandi ferli og viðskiptalandslagið. Til að styðja við víðtækari markaðsútbreiðslu sjálfbærra lausna ætti að stuðla að samþykki almennings og þátttöku neytenda.

26) LIFE-áætlunin er hönnuð til stuðnings til að sýna fram á tækni, aðferðir og bestu starfsvenjur sem unnt er að endurtaka og auka við. Nýsköpunarlausnir myndu stuðla að því að bæta umhverfisárangur og sjálfbærni, einkum varðandi þróun sjálfbærra búskaparhátta á sviðum sem eru virk innan loftslags, vatns, jarðvegs, líffræðilegrar fjölbreytni og úrgangs. Að þessu leyti ætti að leggja áherslu á samlegðaráhrif við aðrar áætlanir og stefnur, s.s. evrópska samstarfsverkefnið um nýsköpun vegna framleiðni í landbúnaði og sjálfbærni og umhverfisstjórnunarkerfi ESB.

27) Á vettvangi Sambandsins eru miklar fjárfestingar í aðgerðum í umhverfis- og loftslagsmálum fyrst og fremst fjármagnaðar með stórum fjármögnunaráætlunum Sambandsins. Þess vegna er brýnt að auka átakið til samræmingar til að tryggja sjálfbærni, öryggi líffræðilegrar fjölbreytni og loftslagsöryggi í starfsemi samkvæmt öðrum fjármögnunaráætlunum Sambandsins og samþættingu ráðstafana til að vernda líffræðilega fjölbreytni í öllum gerningum Sambandsins. Í tengslum við hlutverk stefnumarkandi samþættra verkefna og stefnumarkandi náttúruáætlana, sem á að þróa samkvæmt LIFE-áætluninni, sem hvata ætti að efla fjármögnunartækifæri samkvæmt þessum fjármögnunaráætlunum og öðrum fjármögnunarleiðum, s.s. landsbundna sjóði, og skapa samlegðaráhrif.

28) Góður árangur af stefnumarkandi náttúruáætlunum og stefnumarkandi samþættum verkefnum veltur á nánu samstarfi milli landsbundinna yfirvalda, svæðisbundinna yfirvalda og staðaryfirvalda og aðila, sem eru óháðir ríki, sem verða fyrir áhrifum af markmiðunum með LIFE-áætluninni. Því ætti að beita meginreglunni um gagnsæi og upplýsingagjöf að því er varðar ákvarðanir um þróun, framkvæmd, mat og eftirlit með verkefnum, einkum þegar um er að ræða samræmingu eða þegar margar fjármögnunarleiðir eiga í hlut.

29) Til að endurspegla mikilvægi þess að taka á loftslagsbreytingum á samræmdan og metnaðarfullan hátt, í samræmi við skuldbindingar Sambandsins um að koma Parísarsamningnum um loftslagsbreytingar og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í framkvæmd, mun LIFE-áætlunin stuðla að því að samræma aðgerðir í loftslagsmálum og að því að ná því heildarmarkmiði að a.m.k. 30% af útgjöldum samkvæmt fjárlögum Sambandsins styðji við loftslagsmarkmið. Búist er við því að aðgerðir samkvæmt LIFE-áætluninni leggi af mörkum 61% af heildarfjárhagsramma LIFE-áætlunarinnar til loftslagsmarkmiða. Viðeigandi aðgerðir verða fastsettar meðan verið er að undirbúa LIFE-áætlunina og koma henni í framkvæmd og endurmetnar í tengslum við viðeigandi mats- og endurskoðunarferli. Í samræmi við Grænt samkomulag í Evrópu ætti í aðgerðum samkvæmt LIFE-áætluninni að virða meginregluna um að valda ekki skaða.

30) Við framkvæmd LIFE-áætlunarinnar ætti að taka tilhlýðilegt tillit til stefnuáætlana fyrir ystu svæði, sem er að finna í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 24. október 2017 um sterkara og endurnýjað stefnumarkandi samstarf við ystu svæði ESB, með hliðsjón af 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) og sérstökum þörfum og veikleikum þessara svæða. Einnig ætti að taka tillit til annarrar löggjafar Sambandsins en í umhverfismálum, loftslagsmálum og, eftir því sem við á, orkumálum.

31) Til að styðja við framkvæmd LIFE-áætlunarinnar ætti framkvæmdastjórnin að vera í samstarfi við netkerfi landsbundinna tengiliða í LIFE-áætluninni til að örva samstarf sem miðar að því að bæta þjónustu landsbundinna tengiliða í öllu Sambandinu og gera hana skilvirkari í því skyni að auka heildargæði framlagðra tillagna, skipuleggja málstofur og vinnufundi, birta skrár yfir verkefni sem eru fjármögnuð samkvæmt LIFE-áætluninni eða

til takast á hendur aðra starfsemi, s.s. fjölmiðlakynningar, til að miðla betur niðurstöðum verkefna og til að greiða fyrir því að skipst verði á reynslu, þekkingu og bestu starfsvenjum og að niðurstöður verkefna verði endurteknar í öllu Sambandinu og stuðla þannig að samstarfi og samskiptum. Slík starfsemi ætti einkum að beinast að aðildarríkjum þar sem notkun fjármagns hefur verið lítil og ætti að auðvelda samskipti og samstarf milli styrkþega, umsækjenda og hagsmunaaðila verkefna sem lokið hefur verið við eða sem standa yfir á sama sviði. Það er mjög mikilvægt að slík samskipta- og samstarfsstarfsemi beinist að svæðis- og staðaryfirvöldum og að hagsmunaaðilum.

32) Gæði ættu að vera sú viðmiðun sem gildir við mat á verkefnum og útboðsferli í LIFE-áætluninni. Í því skyni að auðvelda framkvæmd markmiðanna í LIFE-áætluninni í öllu Sambandinu og til að stuðla að miklum gæðum í tillögum að verkefnum ætti að vera unnt að fá fjármögnun fyrir verkefni vegna tækniaðstoðar sem miða að virkri þátttöku í LIFE-áætluninni. Framkvæmdastjórnin ætti að vinna að skilvirkri, gæðatengdri landfræðilegri útbreiðslu í öllu Sambandinu, þ.m.t. með því að styðja aðildarríkin í því að auka gæði verkefna með því að byggja upp getu. Tilgreina ætti litla virka þátttöku, aðstoðarhæfa starfsemi og valforsendur fyrir LIFE-áætlunina í vinnuáætlun til margra ára út frá þátttöku og árangri umsækjenda frá viðkomandi aðildarríkjum, að teknu tilliti til m.a. mannfjölda og þéttleika byggðar, heildarsvæða innan Evrópunets verndarsvæða (Natura 2000) fyrir hvert aðildarríki, gefið upp sem hlutfall af heildarsvæði innan Evrópunets verndarsvæða, og hlutfalls yfirráðasvæðis aðildarríkis sem fellur undir svæði innan Evrópunets verndarsvæða. Aðstoðarhæf starfsemi ætti að vera þess eðlis að hún miði að því að auka gæði umsókna um verkefni.

33) Í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 18. janúar 2018 um aðgerðir ESB til að bæta reglufylgni í umhverfismálum og stjórnunarhætti var Evrópuneti fyrir framkvæmd og framfylgd umhverfislöggjafar (IMPEL), Evrópuneti umhverfissaksóknara (e. *European Network of Prosecutors for the Environment* (ENPE)) og samstarfsvettvangi umhverfisdómara Evrópusambandsins (e. *European Union Forum of Judges for the Environment* (EUFJE)) komið á fót til að auðvelda samstarf milli aðildarríkja og til að gegna einstæðu hlutverki við framfylgd umhverfislöggjafar Sambandsins. Þau leggja verulega af mörkum til að styrkja samkvæmni í framkvæmd og framfylgd umhverfislöggjafar Sambandsins í öllu Sambandinu, til að komast hjá röskun á samkeppni og til að auka gæði umhverfiseftirlits og löggæslufyrirkomulags gegnum netsamstarfskerfi, bæði á vettvangi Sambandsins og aðildarríkja, og gera það kleift að skiptast á upplýsingum og reynslu á mismunandi stjórnsýslustigum með þjálfun og ítarlegri umfjöllun um umhverfismálefni og þætti sem varða framfylgd, þ.m.t. vöktunar- og leyfisveitingaferli. Rétt þykir að heimila veitingu styrkja til Evrópunets fyrir framkvæmd og framfylgd umhverfislöggjafar, Evrópunets umhverfissaksóknara og samstarfsvettvangs umhverfisdómara Evrópusambandsins, með hliðsjón af framlagi þeirra til markmiða LIFE-áætlunarinnar, án auglýsingar eftir tillögum til þess að veita starfsemi þessara aðila áframhaldandi stuðning. Í öðrum tilvikum er þar að auki e.t.v. ekki þörf á að auglýsa eftir tillögum samkvæmt almennu kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 ([27]) (hér á eftir nefnd fjárhagsreglugerðin), t.d. að því er varðar aðila sem aðildarríkin tilnefna og sem starfa á ábyrgð þeirra ef þessi aðildarríki eru tilgreind sem styrkþegar í lagagerð Sambandsins.

34) Rétt þykir að mæla fyrir um fjárhagsramma fyrir LIFE-áætlunina sem á að vera helsta viðmiðunarfjárhæðin fyrir Evrópuþingið og ráðið við árlega fjárlagagerð, í skilningi 18. liðar samstarfssamnings frá 16. desember 2020 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórnun, sem og um nýjar eigin tekjur, þ.m.t. vegvísir í áttina að því að fá inn nýjar eigin tekjur.

35) Fastsetja ætti sameiginlegt hámarksfjármögnunarhlutfall styrkja sem eru fjármagnaðir samkvæmt LIFE-áætluninni að því marki sem nauðsynlegt er til að viðhalda þeim skilvirka stuðningi sem LIFE-áætlunin veitir. Í því skyni að taka tillit til nauðsynlegrar aðlögunarhæfni sem þörf er á til að bregðast við núverandi umfangi aðgerða og aðila ætti sértækt sameiginlegt fjármögnunarhlutfall að stuðla að öryggi en viðhalda um leið vissum sveigjanleika sem er í réttu hlutfalli við sértækar þarfir eða kröfur. Sértækt sameiginlegt fjármögnunarhlutfall ætti alltaf að vera háð fastsettu viðeigandi sameiginlegu hámarksfjármögnunarhlutfalli.

([27]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtíð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

36) Fjárhagsreglugerðin, sem Evrópuþingið og ráð Evrópusambandsins samþykktu á grundvelli 322. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), gildir um þessa reglugerð. Í fjárhagsreglugerðinni er mælt fyrir um reglur um framkvæmd fjárlaga Sambandsins, þ.m.t. reglur um styrki, verðlaun, innkaup, óbeina stjórnun, fjármögnunarleiðir, fjárlagaábyrgðir, fjárhagsaðstoð og endurgreiðslu til utanaðkomandi sérfræðinga og kveðið á um eftirlit með ábyrgð aðila sem fara með fjármál. Reglur sem eru samþykktar á grundvelli 322. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU) innihalda einnig almennar reglur um skilyrði til að vernda fjárlög Sambandsins.

37) Í samræmi við fjárhagsreglugerðina, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB/KBE) nr. 883/2013 ([28]), reglugerðir ráðsins (ESB/KBE) nr. 2988/95 ([29]), (ESB/KBE) nr. 2185/96 ([30]) og (ESB) 2017/1939 ([31]) skal verja fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með hóflegum ráðstöfunum, þ.m.t. ráðstafanir sem tengjast því að koma í veg fyrir, koma upp um, leiðrétta og rannsaka frávik, þ.m.t. svik, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, eftir því sem við á, að leggja á stjórnsýsluviðurlög. Einkum hefur Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum (OLAF), í samræmi við reglugerðir (KBE, EB) nr. 2185/96 og (ESB, KBE) nr. 883/2013, vald til að inna af hendi stjórnsýslurannsóknir, þ.m.t. vettvangseftirlit og eftirlitsúttektir, með það fyrir augum að ganga úr skugga um hvort svik, spilling eða annað ólöglegt athæfi hafi átt sér stað sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins.

Embætti saksóknara Evrópusambandsins (EPPO) er veitt vald, í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1939, til að rannsaka og sækja til saka fyrir brot gegn fjárhagslegum hagsmunum Sambandsins eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1371 ([32]). Í samræmi við fjárhagsreglugerðina á hver einstaklingur eða aðili, sem fær fjármagn frá Sambandinu, að hafa fullt samstarf um að vernda fjárhagslega hagsmuni Sambandsins, veita nauðsynleg réttindi og aðgang fyrir framkvæmdastjórnina, Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum, Endurskoðunarréttinn og, að því er varðar þau aðildarríki sem taka þátt í aukinni samvinnu samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1939, fyrir embætti saksóknara Evrópusambandsins og tryggja að allir þriðju aðilar, sem koma að stjórnun á fjármagni Sambandsins, veiti jafngild réttindi.

38) Velja ætti tegundir fjármögnunar og aðferðir við framkvæmd fjárlaga fyrir LIFE-áætlunina á grundvelli getu þeirra til að ná tilteknum markmiðum með aðgerðunum og til að skila niðurstöðum, einkum að teknu tilliti til kostnaðar við eftirlit, stjórnsýsluálags og þeirrar áhættu sem búist er við að því er varðar að ekki er farið að tilskildum ákvæðum. Að því er varðar styrki ætti að taka til athugunar að nota eingreiðslur, fastagjöld og gjaldskrár yfir einingaverð. Framkvæmdastjórnin ætti að tryggja að framkvæmdin sé auðskiljanleg og ætti að stuðla að raunverulegri einföldun fyrir framkvæmdaraðila verkefnisins.

39) Eftir því sem við á ætti að takast á við stefnumarkmið LIFE-áætlunarinnar með fjármögnunarleiðum og fjárlagaábyrgðum samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/523, þ.m.t. með úthlutaðri fjárhæð frá LIFE-áætluninni eins og tilgreint er í vinnuáætlunum til margra ára fyrir þá áætlun.

40) Samkvæmt 94. gr. ákvörðunar ráðsins 2013/755/ESB ([33]) uppfylla aðilar með staðfestu í löndum og á yfirráðasvæðum handan hafsins skilyrði fyrir fjármögnun, með fyrirvara um reglur og markmið LIFE-áætlunarinnar og mögulegar ráðstafanir sem gilda um þau aðildarríki sem viðkomandi lönd eða yfirráðasvæði handan hafsins eru tengd. Þátttaka slíkra aðila í LIFE-áætluninni ætti fyrst og fremst að vera með áherslu á verkefni sem falla undir undiráætlunina „náttúra og líffræðileg fjölbreytni“.

([28]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

([29]) Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 2988/95 frá 18. desember 1995 um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna (Stjtíð. EB L 312, 23.12.1995, bls. 1).

([30]) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

([31]) Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1939 frá 12. október 2017 um framkvæmd aukinnar samvinnu um að koma á fót embætti saksóknara Evrópusambandsins (EPPO) (Stjtíð. ESB L 283, 31.10.2017, bls. 1).

([32]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1371 frá 5. júlí 2017 um baráttuna gegn svikum sem beinast gegn fjárhagslegum hagsmunum Sambandsins með refsilöggjöf (Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 29).

([33]) Ákvörðun ráðsins 2013/755/EB frá 25. nóvember 2013 um tengsl landa og yfirráðasvæða handan hafsins við Evrópusambandið („Ákvörðunin um tengsl handan hafsins“) (Stjtíð. ESB L 344, 19.12.2013, bls. 1).

41) Valfrjálsa áætlunin um líffræðilega fjölbreytni og vistkerfisþjónustu á evrópskum yfirráðasvæðum handan hafsins (hér á eftir nefnd BEST-áætlunin) stuðlar að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, þ.m.t. líffræðileg fjölbreytni hafsins, og sjálfbærri nýtingu vistkerfisþjónustu, þ.m.t. vistkerfislegar nálganir við aðlögun að loftslagsbreytingum og mildun þeirra, á ystu svæðum Sambandsins og í löndum og á yfirráðasvæðum handan hafsins. Með BEST-undirbúningsaðgerðinni sem var samþykkt 2011 og BEST-áætluninni 2.0 og BEST RUP-áætluninni sem fylgdu á eftir hefur BEST-áætlunin stuðlað að vitundarvakningu um vistfræðilegt mikilvægi ystu svæða og landa og yfirráðasvæða handan hafsins og lykilhlutverk þeirra við að varðveita hnattræna líffræðilega fjölbreytni. Framkvæmdastjórnin áætlar að þörfin fyrir fjárstuðning í raun vegna verkefna á þessum yfirráðasvæðum nemi 8 milljónum evra á ári. Í ráðherrayfirlýsingum sínum frá 2017 og 2018 létu lönd og yfirráðasvæði handan hafsins í ljós þakklæti sitt fyrir þetta kerfi minni styrkja til líffræðilegrar fjölbreytni. Því er viðeigandi að LIFE-áætlunin fjármagni minni styrki til líffræðilegrar fjölbreytni, þ.m.t. uppbygging getu og aðgerðir sem hafa hvetjandi áhrif, bæði á ystu svæðum og í löndum og á yfirráðasvæðum handan hafsins.

42) LIFE-áætlunin ætti að vera opin fyrir þriðju lönd í samræmi við samninga milli Sambandsins og þessara landa þar sem fastsett eru sérstök skilyrði fyrir þátttöku þeirra.

43) Þriðju löndum, sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, er heimilt að taka þátt í áætlunum Sambandsins innan ramma samstarfsins sem komið var á fót samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ([34]) þar sem kveðið er á um framkvæmd áætlana á grundvelli ákvörðunar sem er samþykkt samkvæmt þeim samningi. Þriðju löndum er einnig heimilt að taka þátt á grundvelli annarra lagagerninga. Innleiða ætti sértækt ákvæði í þessa reglugerð þar sem þess er krafist að þriðju lönd veiti nauðsynleg réttindi og aðgang sem krafist er fyrir ábyrgan þar til bæran aðila, Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum og Endurskoðunarréttinn svo þau geti beitt valdheimildum sínum með heildstæðum hætti.

44) Samkvæmt 22. og 23. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([35]) ætti að meta LIFE-áætlunina á grundvelli upplýsinga sem safnað er með sértækum kröfum um vöktun en komast um leið hjá stjórnsýsluálagi, einkum á aðildarríkin, og of mikilli reglusetningu. Þessar kröfur ættu að innihalda, eftir því sem við á, mælanlega vísa sem grundvöll til að meta áhrifin af LIFE-áætluninni í raun. Full áhrif LIFE-áætlunarinnar safnast upp með óbeinum framlögum til langs tíma, sem erfitt er að mæla, í áttina að því að ná öllum mismunandi markmiðum Sambandsins um umhverfi og loftslag. Í því skyni að hafa eftirlit með LIFE-áætluninni ætti að bæta við beina afrakstursvísa og kröfur um eftirfylgni, sem sett eru fram í þessari reglugerð, samsafni af sérstökum vísum á verkefnastigi sem skal lýst í vinnuáætlunum til margra ára eða í auglýsingum eftir tillögum, m.a. að því er varðar Evrópunet verndarsvæða (Natura 2000) og losun á tilteknum loftmengunarefnum.

45) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar í tengslum við samþykkt vinnuáætlana til margra ára ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([36]).

46) Til að tryggja að stuðningur frá LIFE-áætluninni og framkvæmd hennar sé í samræmi við stefnur og forgangsröðun Sambandsins ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU), til að breyta þessari reglugerð með því að endurskoða eða bæta við vísana eða til að bæta við þessa reglugerð með því að skilgreina sérstaka vísa fyrir hverja undiráætlun og tegund verkefnis og með því að fastsetja ramma um vöktun og mat. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá framkvæmdastjórnin og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

([34]) Stjtíð. EB L 1, 3.1.1994, bls. 3.
([35]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1
([36]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

47) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að stuðla að öflugri umhverfisvernd og metnaðarfullum aðgerðum í loftslagsmálum, að sjálfbærri þróun og að því að ná almennum og sértækum markmiðum í löggjöf Sambandsins, stefnuáætlunum, áætlunum og alþjóðlegum skuldbindingum fyrir umhverfið, líffræðilega fjölbreytni, loftslagið, hringrásarhagkerfið og, eftir því sem við á, endurnýjanlega orku og orkunýtni með góðum stjórnunarháttum og aðkomu fjölhagsmunaaðila og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa þessarar reglugerðar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þeim markmiðum.

48) Því ætti að fella reglugerð (ESB) nr. 1293/2013 úr gildi.

49) Rétt þykir að tryggja snurðulaus umskipti án truflunar milli fyrri áætlunar um aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum (LIFE) og LIFE-áætlunarinnar og að samræma upphaf LIFE-áætlunarinnar við upphaf fjárhagsramma til margra ára eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB, KBE) 2020/2093. Þess vegna ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst og koma til framkvæmda afturvirkt frá og með 1. janúar 2021.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er komið á fót áætlun um aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum (LIFE) (hér á eftir nefnd LIFE-áætlunin) fyrir tímabil fjárhagsrammans til margra ára frá 2021 til 2027. Tímalengd LIFE-áætlunarinnar er samræmd tímalengd fjárhagsrammans til margra ára.

Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um markmið með LIFE-áætluninni, fjárlög til hennar fyrir tímabilið frá 2021 til 2027, fjármögnunarleiðir Sambandsins og reglur um veitingu slíkrar fjármögnunar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „stefnumarkandi náttúruáætlanir“: verkefni sem styðja við uppfyllingu markmiða Sambandsins um náttúru og líffræðilega fjölbreytni með því að koma í framkvæmd samfelldum áætlunum um aðgerðir í aðildarríkjunum í því skyni að samræma þessi markmið og forgangsraðanir við aðrar stefnur og fjármögnunargerninga, þ.m.t. með samræmdri framkvæmd forgangsraðaðra aðgerðaáætlana sem eru samþykktar samkvæmt tilskipun 92/43/EBE,

2) „stefnumarkandi samþætt verkefni“: verkefni til að koma í framkvæmd, á svæðisbundnum, fjölsvæðisbundnum, landsbundnum eða fjölþjóðlegum vettvangi, stefnuáætlunum eða aðgerðaáætlunum í umhverfis- eða loftslagsmálum sem yfirvöld aðildarríkjanna þróa og krafist er í sérstakri löggjöf eða stefnu Sambandsins í umhverfis- eða loftslagsmálum eða, eftir því sem við á, orkumálum, en um leið er tryggt að hagsmunaaðilar taki þátt og stuðlað að samræmingu við og virkjun a.m.k. einnar annarrar fjármögnunarleiðar Sambandsins eða landsbundinnar fjármögnunarleiðar eða einkafjármögnunar,

3) „verkefni vegna tækniaðstoðar“: verkefni sem styðja við þróun getu til þátttöku í stöðluðum aðgerðaverkefnum, undirbúning stefnumarkandi náttúruáætlana og stefnumarkandi samþættra verkefna, undirbúning fyrir aðgang að öðrum fjármögnunarleiðum Sambandsins eða aðrar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að undirbúa að auka við eða endurtaka niðurstöður úr öðrum verkefnum, sem eru fjármögnuð af LIFE-áætluninni eða áætlunum sem voru undanfarar hennar, með það fyrir augum að stefna að því að ná markmiðunum með LIFE-áætluninni sem sett eru fram í 3. gr.; slík verkefni geta einnig tekið til uppbyggingar á getu í tengslum við starfsemi yfirvalda í aðildarríkjunum til virkrar þátttöku í LIFE-áætluninni,

4) „stöðluð aðgerðaverkefni“: verkefni, önnur en stefnumarkandi samþætt verkefni, stefnumarkandi náttúruáætlanir eða verkefni vegna tækniaðstoðar, þar sem unnið er að sértæku markmiðunum með LIFE-áætluninni,

5) „blendingsstarfsemi “: aðgerðir sem njóta stuðnings frá fjárlögum Sambandsins, þ.m.t. innan blendingsfyrirkomulags skv. 6. lið 2. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, þar sem stuðningur sem er ekki greiddur til baka, fjármögnunarleiðir eða hvort tveggja af fjárlögum Sambandsins eru sameinuð við stuðning sem er greiddur til baka frá fjármálastofnunum fyrir þróunaraðstoð eða öðrum opinberum fjármálastofnunum sem og frá fjármálastofnunum á sviði viðskipta og fjárfestum,

6) „lögaðili“: sérhver einstaklingur eða lögaðili sem komið er á fót og er viðurkenndur sem slíkur að landslögum, lögum Sambandsins eða alþjóðalögum, sem hefur réttarstöðu lögaðila og sem getur aðhafst í eigin nafni, neytt réttinda og tekið á sig skuldbindingar, eða sérhver aðili sem hefur ekki réttarstöðu lögaðila í samræmi við c-lið 2. mgr. 197. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

3. gr.

Markmið

1. Almenna markmiðið með LIFE-áætluninni skal vera að stuðla að umskiptum í áttina að sjálfbæru, hringlaga, orkunýtnu, loftslagshlutlausu og loftslagsbreytingaþolnu hagkerfi sem er byggt á endurnýjanlegri orku í því skyni að vernda, endurheimta og auka gæði umhverfisins, þ.m.t. andrúmsloft, vatn og jarðvegur, og að stöðva og snúa við tapi á líffræðilegri fjölbreytni og takast á við hnignun vistkerfa, þ.m.t. með því að styðja við framkvæmd og stjórnun Evrópunets verndarsvæða (Natura 2000) og stuðla þar með að sjálfbærri þróun. LIFE-áætlunin skal einnig styðja við framkvæmd almennra aðgerðaáætlana sem eru samþykktar í samræmi við 3. mgr. 192. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU).

2. Sértæk markmið með LIFE-áætluninni eru eftirfarandi:

a) að þróa, sýna fram á og efla nýsköpunartækni, aðferðir og nálganir til að ná markmiðunum í löggjöf og stefnu Sambandsins um umhverfið, þ.m.t. náttúra og líffræðileg fjölbreytni, og um aðgerðir í loftslagsmálum, þ.m.t. umskipti yfir í endurnýjanlega orku og aukna orkunýtni, og um að leggja af mörkum í þekkingargrunn og um beitingu bestu starfsvenja, einkum í tengslum við náttúru og líffræðilega fjölbreytni, þ.m.t. með stuðningi við Evrópunet verndarsvæða (Natura 2000),

b) að styðja við þróun, framkvæmd, eftirlit með og framfylgd viðeigandi löggjafar og stefnu Sambandsins um umhverfið, þ.m.t. náttúra og líffræðileg fjölbreytni, og um aðgerðir í loftslagsmálum og umskipti yfir í endurnýjanlega orku eða aukna orkunýtni, þ.m.t. með því að bæta stjórnunarhætti á öllum stigum, einkum með því að auka getu opinberra aðila og einkaaðila og þátttöku borgaralegs samfélags,

c) að gegna hlutverki hvata til stórfelldrar útbreiðslu á vel heppnuðum tæknilegum og stefnutengdum lausnum til að koma í framkvæmd viðeigandi löggjöf og stefnu Sambandsins um umhverfið, þ.m.t. náttúra og líffræðileg fjölbreytni, og um aðgerðir í loftslagsmálum og umskipti yfir í endurnýjanlega orku eða aukna orkunýtni með því að endurtaka niðurstöður, með því að fella tengd markmið inn í aðrar stefnur og inn í starfsvenjur í opinbera geiranum og einkageiranum, með því að virkja fjárfestingar og með því að bæta aðgang að fjármagni.

4. gr.

Uppbygging

LIFE-áætlunin skal byggð upp sem hér segir:

1) sviðið „umhverfi“ sem inniheldur:

   a) undiráætlunina „náttúra og líffræðileg fjölbreytni“,

   b) undiráætlunina „hringrásarhagkerfi og lífsgæði“,

2) sviðið „aðgerðir í loftslagsmálum“ sem inniheldur:

a) undiráætlunina „mildun loftslagsbreytinga og aðlögun“,

b) undiráætlunina „umskipti yfir í hreina orku“.

5. gr.

Fjárlög

1. Fjárhagsramminn til að hrinda LIFE-áætluninni í framkvæmd fyrir tímabilið frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2027, skal vera 5 432 000 000 evrur á gangverði.

2. Leiðbeinandi skipting fjárhæðarinnar, sem um getur í 1. mgr., skal vera:

a) fyrir sviðið „umhverfi“: 3 488 000 000 evrur og þar af

i. fyrir undiráætlunina „náttúra og líffræðileg fjölbreytni“ 2 143 000 000 evrur og

ii. fyrir undiráætlunina „hringrásarhagkerfi og lífsgæði“ 1 345 000 000 evrur,

b) fyrir sviðið „aðgerðir í loftslagsmálum“: 1 944 000 000 evrur og þar af

i. fyrir undiráætlunina „mildun loftslagsbreytinga og aðlögun“ 947 000 000 evrur og

ii. fyrir undiráætlunina „umskipti yfir í hreina orku“ 997 000 000 evrur.

3. Fjárhæðirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu vera með fyrirvara um ákvæðin um sveigjanleika sem sett eru fram í reglugerð (ESB, KBE) 2020/2093 og í fjárhagsreglugerðinni.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu a.m.k. 60% af fjárveitingum sem úthlutað er til verkefna sem njóta stuðnings með aðgerðastyrkjum samkvæmt sviðinu „umhverfi“, sem um getur í a-lið 2. mgr., ætluð styrkjum til verkefna til stuðnings undiráætluninni „náttúra og líffræðileg fjölbreytni“ sem um getur í i. lið a-liðar 2. mgr.

5. Heimilt er að fjármagna, með LIFE-áætluninni, starfsemi framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við tækni- og stjórnsýsluaðstoð til að koma LIFE-áætluninni til framkvæmda, s.s. undirbúnings-, vöktunar-, eftirlits-, úttektar- og matsstarfsemi, þ.m.t. varðandi upplýsingatæknikerfi stofnana, og starfsemi netkerfa sem styðja við landsbundna tengiliði LIFE-áætlunarinnar, þ.m.t. þjálfun, gagnkvæmur lærdómur og viðburðir til að skiptast á reynslu.

6. Heimilt er að fjármagna, með LIFE-áætluninni, starfsemi sem framkvæmdastjórnin kemur til framkvæmda til að styðja við undirbúning, framkvæmd og samræmingu löggjafar og stefnu Sambandsins varðandi umhverfi, loftslag eða, eftir því sem við á, orku, í þeim tilgangi að ná markmiðunum sem sett eru fram í 3. gr. Slík starfsemi getur náð yfir:

a) upplýsingar og samskipti, þ.m.t. herferðir til vitundarvakningar, og upplýsingamiðlun stofnana að því er varðar pólitíska forgangsröðun Sambandsins sem og að því er varðar framkvæmd og lögleiðingarstöðu löggjafar Sambandsins varðandi umhverfi, loftslag eða, eftir því sem við á, orku,

b) rannsóknir, kannanir, gerð líkana og sviðsetningu aðstæðna,

c) undirbúning, framkvæmd, vöktun, athugun og mat á löggjöf, stefnum og áætlunum sem og mat og greiningu á verkefnum sem eru ekki fjármögnuð samkvæmt LIFE-áætluninni ef þau stuðla að því að uppfylla markmiðin sem sett eru fram í 3. gr.,

d) vinnufundi, ráðstefnur og fundi,

e) netsamstarf og vettvanga fyrir bestu starfsvenjur,

f) aðra starfsemi, s.s. veitingu verðlauna.

6. gr.

Þriðju lönd sem eru tengd LIFE-áætluninni

1. Eftirtöldum þriðju löndum er frjálst að taka þátt í LIFE-áætluninni:

a) aðilum að Fríverslunarsamtökum Evrópu, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

b) inngöngulöndum, umsóknarlöndum og mögulegum umsóknarlöndum, í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku þessara landa í áætlunum Sambandsins, sem eru fastsett í viðkomandi rammasamningum, ákvörðunum samstarfsráða eða sambærilegum samningum og í samræmi við sérstök skilyrði sem mælt er fyrir um í samningum milli Sambandsins og þessara landa,

c) löndum sem falla undir evrópsku nágrannastefnuna, í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku þessara landa í áætlunum Sambandsins, sem eru fastsett í viðkomandi rammasamningum, ákvörðunum samstarfsráða eða sambærilegum samningum og í samræmi við sérstök skilyrði sem mælt er fyrir um í samningum milli Sambandsins og þessara landa,

d) öðrum þriðju löndum, í samræmi við skilyrði sem mælt er fyrir um í sérstökum samningi sem nær yfir þátttöku þriðja landsins í áætlun Sambandsins, að því tilskildu að í samningnum:

   i. sé tryggt sanngjarnt jafnvægi að því er varðar framlög og ávinning af þátttöku þriðja landsins í áætlunum Sambandsins,

   ii. sé mælt fyrir um skilyrði fyrir þátttöku í áætlununum, þ.m.t. útreikningur á fjárframlögum til einstakra áætlana og stjórnsýslukostnaður við þær,

   iii. sé þriðja landinu ekki veitt vald til ákvarðanatöku að því er varðar áætlun Sambandsins,

   iv. séu tryggð réttindi Sambandsins til að tryggja trausta fjármálastjórnun og til að vernda fjárhagslega hagsmuni sína.

Framlögin, sem um getur í ii. lið d-liðar fyrstu undirgreinar, skulu mynda markaðar tekjur í samræmi við 5. mgr. 21. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

2. Ef þriðja land tekur þátt í LIFE-áætluninni með ákvörðun sem er samþykkt samkvæmt alþjóðasamningi eða á grundvelli annars lagagernings skal þriðja landið veita nauðsynleg réttindi og aðgang sem krafist er fyrir ábyrgan þar til bæran aðila, Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum og Endurskoðunarréttinn svo þau geti beitt valdheimildum sínum með heildstæðum hætti. Ef um er að ræða Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum skulu slík réttindi ná yfir réttindi til að inna af hendi rannsóknir, þ.m.t. vettvangseftirlit og eftirlitsúttektir, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB, KBE) nr. 883/2013.

7. gr.

Alþjóðasamstarf

Við framkvæmd LIFE-áætlunarinnar skal vera unnt að eiga samstarf við viðeigandi alþjóðastofnanir og við stofnanir þeirra og aðila þegar þörf er á í þeim tilgangi að ná markmiðunum sem sett eru fram í 3. gr.

8. gr.

Samlegðaráhrif við aðrar áætlanir Sambandsins

Framkvæmdastjórnin skal stuðla að samræmdri framkvæmd LIFE-áætlunarinnar. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu stuðla að samræmingu og samræmi við Byggðaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu+, sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um Félagsmálasjóð Evrópu Plús (ESF+), Samheldnisjóðinn, Dreifbýlisþróunarsjóð evrópsks landbúnaðar og Sjávarútvegssjóðinn, Horizon Europe, Sjóðinn fyrir samtengda Evrópu, sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 ([37]) og fjárfestingaráætlun Evrópusambandsins, sem komið var á fót samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/523, til þess að skapa samlegðaráhrif, einkum að því er varðar stefnumarkandi náttúruáætlanir og stefnumarkandi samþætt verkefni og til að styðja við upptöku og endurtekningu lausna sem eru þróaðar samkvæmt LIFE-áætluninni. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu vinna að gagnkvæmni á öllum stigum.

9. gr.

Framkvæmd og fjármögnunarleiðir Sambandsins

1. Framkvæmdastjórnin skal koma LIFE-áætluninni til framkvæmda með beinni stjórnun eða með óbeinni stjórnun með aðilunum sem um getur í c-lið 1. mgr. 62. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

2. Veita má stuðning með LIFE-áætluninni eftir öllum þeim leiðum sem mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðinni, einkum styrki, verðlaun og innkaup. Með henni má einnig veita fjármögnun í formi fjármögnunarleiða innan blendingsstarfsemi.

3. Að minnsta kosti 85% af fjárlögunum til LIFE-áætlunarinnar skal úthlutað:

a) til styrkja eins og um getur í 2. og 6. mgr. 11. gr.,

b) til verkefna sem eru fjármögnuð eftir öðrum fjármögnunarleiðum, að því marki sem er tilgreint í vinnuáætluninni til margra ára sem um getur í 18. gr., eða

c) eftir því sem við á og að því marki sem er tilgreint í vinnuáætluninni til margra ára, sem um getur í 18. gr., til fjármögnunar í formi fjármögnunarleiða innan blendingsstarfsemi eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórnin skal tryggja að verkefni sem eru fjármögnuð eftir öðrum fjármögnunarleiðum séu að öllu leyti í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í 3. gr.

Hámarksfjárhæð sem er úthlutað til styrkja, eins og um getur í 4. mgr. 11. gr., skal vera 15 milljónir evra.

4. Sameiginlegt hámarksfjármögnunarhlutfall fyrir aðstoðarhæfar aðgerðir, sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar, skal vera allt að 60% af aðstoðarhæfum kostnaði og allt að 75% ef um er að ræða verkefni sem eru fjármögnuð samkvæmt undiráætluninni „náttúra og líffræðileg fjölbreytni“, einkum þau sem varða forgangsbúsvæði eða -tegundir sem hluta af framkvæmd tilskipunar 92/43/EBE eða sem varða fuglategundir sem nefndin um aðlögun að tækni- og vísindaframförum, sem komið var á fót skv. 16. gr. tilskipunar 2009/147/EB, telur að séu í forgangi til fjármögnunar þegar það er nauðsynlegt til að ná markmiðum um varðveislu. Að því er varðar aðgerðirnar sem um getur í 6. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar skal sameiginlegt hámarksfjármögnunarhlutfall vera 70% af aðstoðarhæfum kostnaði. Með fyrirvara um viðeigandi og fyrirframákveðið sameiginlegt hámarksfjármögnunarhlutfall skal tilgreina sérstök hlutföll enn frekar í vinnuáætluninni til margra ára sem um getur í 18. gr. þessarar reglugerðar. Aðlaga má sérstöku hlutföllin í samræmi við kröfurnar í hverri undiráætlun, tegund verkefnis eða tegund styrks.

([37]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1316/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót sjóði fyrir samtengda Evrópu, um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 913/2010 og um niðurfellingu á reglugerðunum (EB) nr. 680/2007 og (EB) nr. 67/2010 (Stjtíð. ESB L 348, 20.12.2013, bls. 129).

Að því er varðar verkefnin sem um getur í 4. mgr. 11. gr. skal sameiginlegt hámarksfjármögnunarhlutfall ekki fara yfir 95% af aðstoðarhæfum kostnaði meðan fyrsta vinnuáætlunin til margra ára stendur yfir; meðan önnur vinnuáætlunin til margra ára stendur yfir og með fyrirvara um staðfestingu í þeirri vinnuáætlun skal sameiginlegt fjármögnunarhlutfall nema 75% af aðstoðarhæfum kostnaði.

5. Gæði skulu vera sú viðmiðun sem gildir við mat á verkefnum og útboðsferli í LIFE-áætluninni. Framkvæmdastjórnin skal vinna að skilvirkri, gæðatengdri landfræðilegri útbreiðslu í öllu Sambandinu, þ.m.t. með því að styðja aðildarríkin í því að auka gæði verkefna með því að byggja upp getu.

II. KAFLI

Hæfi

10. gr.

Styrkir

Styrkir samkvæmt LIFE-áætluninni skulu veittir og þeim stjórnað í samræmi við VIII. bálk fjárhagsreglugerðarinnar.

11. gr.

Aðstoðarhæfar aðgerðir

1. Einungis aðgerðir til að koma markmiðunum, sem sett eru fram í 3. gr., í framkvæmd skulu uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun.

2. Heimilt er að fjármagna eftirfarandi tegundir aðgerða með styrkjum:

a) stefnumarkandi náttúruáætlanir samkvæmt undiráætluninni sem um getur í a-lið 1. liðar 4. gr.,

b) stefnumarkandi samþætt verkefni samkvæmt undiráætluninni sem um getur í b-lið 1. liðar og a- og b-lið 2. liðar 4. gr.,

c) verkefni vegna tækniaðstoðar,

d) stöðluð aðgerðaverkefni,

e) aðrar aðgerðir sem þörf er á í þeim tilgangi að ná almenna markmiðinu sem sett er fram í 1. mgr. 3. gr., þ.m.t. samræmingar- og stuðningsaðgerðir sem miða að því að byggja upp getu, að miðla upplýsingum og þekkingu og að vitundarvakningu til að styðja við umskipti yfir í endurnýjanlega orku og aukna orkunýtni.

3. Í verkefnum samkvæmt undiráætluninni „náttúra og líffræðileg fjölbreytni“ sem varða stjórnun, endurheimt og vöktun svæða innan Evrópunets verndarsvæða (Natura 2000), í samræmi við tilskipanir 92/43/EBE og 2009/147/EB, skal taka til greina forgangsröðun sem sett er fram í landsbundnum og svæðisbundnum áætlunum, stefnuáætlunum og stefnum um varðveislu náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þ.m.t. í forgangsröðuðum aðgerðaáætlunum sem voru samþykktar samkvæmt tilskipun 92/43/EBE.

4. Verkefni vegna tækniaðstoðar til að byggja upp getu, sem tengjast starfsemi yfirvalda í aðildarríkjunum til að bæta virka þátttöku í LIFE-áætlunininni, skulu styðja við starfsemi aðildarríkja sem eru með litla virka þátttöku með það fyrir augum að bæta þjónustu landsbundinna tengiliða í öllu Sambandinu og bæta heildargæði framlagðra tillagna.

5. Heimilt er að fjármagna með styrkjum starfsemi utan aðildarríkis eða lands handan hafsins eða yfirráðasvæðis sem tengist því, að því tilskildu að í verkefninu sé unnið að markmiðum Sambandsins í umhverfis- og loftslagsmálum og að þessi starfsemi sé nauðsynleg til að tryggja skilvirkni íhlutunar sem innt er af hendi í aðildarríki eða í landi handan hafsins eða á yfirráðasvæði sem tengist því eða til að styðja við alþjóðasamninga, sem Sambandið er aðili að, með því að veita framlag til að skipuleggja marghliða ráðstefnur. Hámarksframlag sem veitt er til alþjóðasamninga til að skipuleggja marghliða ráðstefnur skal nema 3,5 milljónum evra meðan LIFE-áætlunin stendur yfir eins og tilgreint er í 1. gr. og slíkir styrkir skulu ekki teljast með til þess að uppfylla viðmiðunarfjárhæðina sem um getur í fyrstu undirgrein 3. mgr. 9. gr.

6. Rekstrarstyrkir skulu styðja við starf aðila, sem eru ekki reknir í hagnaðarskyni, sem taka þátt í þróun, framkvæmd og framfylgd löggjafar og stefnu Sambandsins og sem eru fyrst og fremst virkir á sviði aðgerða í umhverfis- eða loftslagsmálum, þ.m.t. orkuumskipti, í samræmi við markmiðin í LIFE-áætluninni sem sett eru fram í 3. gr.

12. gr.

Aðstoðarhæfir aðilar

1. Til viðbótar við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 197. gr. fjárhagsreglugerðarinnar skulu hæfisviðmiðanirnar, sem settar eru fram í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, gilda um aðila.

2. Eftirfarandi aðilar teljast aðstoðarhæfir:

a) lögaðilar með staðfestu í einhverju af eftirfarandi löndum eða yfirráðasvæðum:

   i. aðildarríki eða land handan hafsins eða yfirráðasvæði sem tengist því,

   ii. þriðja land sem er tengt LIFE-áætluninni,

   iii. önnur þriðju lönd sem eru tilgreind í vinnuáætlun til margra ára sem um getur í 18. gr. við þau skilyrði sem eru tilgreind í 4. og 5. mgr. þessarar greinar,

b) sérhver lögaðili sem komið er á fót samkvæmt lögum Sambandsins eða sérhver alþjóðastofnun.

3. Einstaklingar skulu ekki vera aðstoðarhæfir.

4. Lögaðilar með staðfestu í þriðja landi, sem er ekki tengt LIFE-áætluninni, skulu vera hæfir til þátttöku í sérstökum undantekningartilvikum þegar það er nauðsynlegt til að ná markmiðum með tiltekinni aðgerð til að tryggja skilvirkni íhlutunar sem fram fer í Sambandinu.

5. Lögaðilar með staðfestu í þriðja landi, sem er ekki tengt LIFE-áætluninni, skulu að meginreglu til bera kostnaðinn af þátttöku sinni.

13. gr.

Bein úthlutun

Með fyrirvara um 188. gr. fjárhagsreglugerðarinnar er heimilt að veita styrki, án auglýsingar eftir tillögum, til aðilanna sem eru tilgreindir í I. viðauka við þessa reglugerð.

14. gr.

Lýsing á valforsendum

Framkvæmdastjórinn skal fastsetja valforsendur í vinnuáætluninni til margra ára, sem um getur í 18. gr., og auglýsingum eftir tillögum, að teknu tilliti til eftirfarandi meginreglna:

a) verkefni sem eru fjármögnuð af LIFE-áætluninni skulu þjóna hagsmunum Sambandsins með því að leggja umtalsvert af mörkum til að ná almennu og sértæku markmiðunum með LIFE-áætluninni sem sett eru fram í 3. gr., skulu ekki grafa undan þessum markmiðum og skulu, þegar unnt er, stuðla að grænum opinberum innkaupum,

b) verkefnin skulu tryggja kostnaðarhagkvæma nálgun og vera tæknilega og fjárhagslega samræmd,

c) verkefni sem hafa mesta möguleikann á að leggja af mörkum til að ná markmiðunum, sem sett eru fram í 3. gr., skulu sett í forgang,

d) verkefni sem skila viðbótarávinningum og stuðla að samlegðaráhrifum milli undiráætlananna sem um getur í 4. gr. skulu fá bónus við matið á þeim,

e) verkefni sem hafa mesta möguleikann á að verða endurtekin og tekin upp í opinbera geiranum eða einkageiranum eða til að virkja stærstu fjárfestingarnar eða fjármagnið (möguleiki til að gegna hlutverki hvata) skulu fá bónus við matið á þeim,

f) tryggt skal að hægt sé að endurtaka nákvæmlega niðurstöður staðlaðra aðgerðaverkefna,

g) verkefni sem byggja á eða auka við niðurstöður úr öðrum verkefnum sem eru fjármögnuð með LIFE-áætluninni, áætlunum sem voru undanfarar hennar eða með öðru fjármagni Sambandsins skulu fá bónus við matið á þeim,

h) eftir því sem við á skal gefa sérstakan gaum að verkefnum á landsvæðum með sérstakar þarfir eða sem eru sérstaklega viðkvæm, s.s. svæðum með sérstakar umhverfislegar áskoranir eða náttúrulegar hindranir, svæðum sem ná yfir landamæri, svæðum sem hafa mikið náttúrufarslegt gildi og ystu svæðum.

15. gr.

Aðstoðarhæfur kostnaður í tengslum við kaup á landi

Kostnaður sem tengist kaupum á landi skal teljast aðstoðarhæfur að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði, til viðbótar við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 186. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, séu uppfyllt:

a) kaupin stuðla að því að bæta, viðhalda og endurheimta heildstæði Evrópunets verndarsvæða (Natura 2000) sem komið var á fót skv. 3. gr. tilskipunar 92/43/EBE, þ.m.t. með því að bæta tengjanleika með því að skapa ganga, stiklur eða aðra þætti grænna innviða,

b) kaup á landi er eina eða kostnaðarhagkvæmasta leiðin til að ná þeirri útkomu úr varðveislunni sem leitast er eftir,

c) land sem er keypt er varðveitt til langs tíma til notkunar sem er í samræmi við sértæku markmiðin með LIFE-áætlunininni og

d) hlutaðeigandi aðildarríki tryggir, með afsali eða á annan hátt, langtímaúthlutun á slíku landi til náttúruverndar.

16. gr.

Samanlögð fjármögnun og annars konar fjármögnun

1. Aðgerð sem hefur hlotið framlag frá annarri áætlun Sambandsins má einnig hljóta framlag samkvæmt LIFE-áætluninni að því tilskildu að framlögin taki ekki til sama kostnaðar og að í aðgerðinni sé unnið að umhverfis- eða loftslagsmarkmiðunum sem sett eru fram í 3. gr. og að ekki sé grafið undan neinu þeirra. Reglur um viðkomandi áætlun Sambandsins skulu gilda um samsvarandi framlag til aðgerðarinnar. Samanlögð fjármögnun skal ekki fara yfir heildarfjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar við aðgerðina. Heimilt er að reikna stuðning frá mismunandi áætlunum Sambandsins út á hlutfallsgrundvelli í samræmi við skjölin þar sem skilyrðin fyrir stuðningnum eru fastsett.

2. Heimilt er að veita stuðning frá Byggðaþróunarsjóði Evrópu, Félagsmálasjóði Evrópu+ eða Dreifbýlisþróunarsjóði evrópsks landbúnaðar, í samræmi við viðeigandi ákvæði í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins þar sem mælt er fyrir um sameiginleg ákvæði um Byggðaþróunarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu+, Samheldnisjóðinn, sjóðinn fyrir sanngjörn umskipti (e. *Just Transition Fund*) og Sjávarútvegssjóðinn og fjárhagsreglur fyrir þá og Sjóðinn vegna hælismála, fólksflutninga og aðlögunar, Sjóðinn fyrir innra öryggi og fjármögnunarleiðina til fjárstuðnings við landamærastjórnun og stefnu í vegabréfsáritunarmálum (e. *Instrument for Financial Support for Border Management and Visa Policy*) og viðeigandi ákvæði í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins þar sem settar eru reglur um stuðning við stefnuáætlanir sem aðildarríkin eiga að semja samkvæmt sameiginlegu landbúnaðarstefnunni og eru fjármagnaðar af Ábyrgðarsjóði evrópsks landbúnaðar og af

Dreifbýlisþróunarsjóði evrópsks landbúnaðar og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1305/2013 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1307/2013, til aðgerða sem fá vottunina „öndvegisinnsigli“ samkvæmt LIFE-áætluninni með því að uppfylla eftirfarandi samanlögð skilyrði:

a) þær hafa verið metnar í auglýsingu eftir tillögum samkvæmt LIFE-áætluninni,

b) þær uppfylla lágmarkskröfur um gæði í þeirri auglýsingu eftir tillögum,

c) ekki er unnt að fjármagna þær samkvæmt þeirri auglýsingu eftir tillögum vegna takmarkana á fjárveitingum.

III. KAFLI

Blendingsstarfsemi

17. gr.

Blendingsstarfsemi

Blendingsstarfsemi samkvæmt LIFE-áætluninni skal komið í framkvæmd, í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/523 og X. bálk fjárhagsreglugerðarinnar, að teknu tilhlýðilegu tilliti til krafna um sjálfbærni og gagnsæi.

IV. KAFLI

Áætlanagerð, vöktun, skýrslugjöf og mat

18. gr.

Vinnuáætlun til margra ára

1. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, samþykkja vinnuáætlanir til margra ára fyrir LIFE-áætlunina. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr.

2. Í hverri vinnuáætlun til margra ára skal tilgreina eftirfarandi, í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í 3. gr.:

a) upphæð sem skal úthluta milli þarfa samkvæmt hverri undiráætlun og milli mismunandi tegunda fjármögnunar, sem og hámarksheildarfjárhæð sem skal úthluta til styrkja eins og um getur í a- og b-lið 2. mgr. 11. gr.,

b) hámarksheildarfjárhæð til fjármögnunar í formi fjármögnunarleiða innan blendingsstarfsemi samkvæmt LIFE-áætluninni, eftir atvikum,

c) heildarfjárhæð til styrkja sem á að veita aðilunum sem eru tilgreindir í I. viðauka, í samræmi við 13. gr.,

d) viðfangsefni verkefna eða sérstakar þarfir sem fjármögnun er úthlutað til fyrir fram vegna verkefnanna sem um getur í c- og d-lið 2. mgr. 11. gr.,

e) stefnuáætlanir og áætlanir, sem stefnumarkandi samþætt verkefni beinast að, sem fara má fram á fjármögnun fyrir vegna verkefna eins og um getur í b-lið 2. mgr. 11. gr.,

f) hámarkstímabil aðstoðarhæfis til að koma verkefnunum í framkvæmd,

g) leiðbeinandi tímaáætlanir fyrir auglýsingar eftir tillögum fyrir tímabilið sem fellur undir vinnuáætlunina til margra ára,

h) tæknilega aðferð fyrir verklag við framlagningu verkefnis og valferli og valviðmiðanirnar í samræmi við þættina sem um getur í 14. gr.,

i) hlutfall sameiginlegrar fjármögnunar sem um getur í 4. mgr. 9. gr.,

j) sameiginlegt hámarksfjármögnunarhlutfall fyrir aðstoðarhæfar aðgerðir, sem um getur í e-lið 2. mgr. 11. gr.,

k) þar sem við á, ítarlegar reglur sem varða notkun á samanlagðri fjármögnun og annars konar fjármögnun,

l) litla virka þátttöku og aðstoðarhæfa starfsemi og valforsendur fyrir verkefni vegna tækniaðstoðar til að byggja upp getu í tengslum við starfsemi yfirvalda í aðildarríkjunum til að bæta virka þátttöku í LIFE-áætluninni.

3. Tímalengd fyrstu vinnuáætlunarinnar til margra ára skal vera fjögur ár og tímalengd annarrar vinnuáætlunarinnar til margra ára skal vera þrjú ár.

4. Framkvæmdastjórnin skal, innan ramma vinnuáætlananna til margra ára, birta auglýsingar eftir tillögum fyrir tímabilið sem áætlunin nær til. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að ónotuðu fjármagni fyrir tiltekna auglýsingu eftir tillögum sé endurúthlutað milli mismunandi tegunda aðgerða, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., innan sama sviðs.

5. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að haft sé samráð við hagsmunaaðila við þróun vinnuáætlana til margra ára.

19. gr.

Vöktun og skýrslugjöf

1. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli vísanna sem settir eru fram í II. viðauka, gefa skýrslu um framþróun LIFE-áætlunarinnar í áttina að því að ná markmiðunum sem sett eru fram í 3. gr.

2. Til að tryggja skilvirkt mat á framþróun í áttina að því að ná markmiðunum með LIFE-áætluninni er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að breyta II. viðauka til að endurskoða eða bæta við vísana þegar slíkt er talið nauðsynlegt, þ.m.t. með það fyrir augum að laga þá að vísum sem eru fastsettir fyrir aðrar áætlanir Sambandsins, og til að bæta við þessa reglugerð ákvæðum til að fastsetja ramma um vöktun og mat.

3. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa reglugerð með því að skilgreina, á grundvelli II. viðauka, sérstaka vísa fyrir hverja undiráætlun og tegund verkefnis.

4. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að gögnum til að hafa eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar og niðurstöðunum sé safnað á skilvirkan og árangursríkan hátt og tímanlega. Í því skyni og í samræmi við viðeigandi aðferðafræði skal leggja hóflegar kröfur um skýrslugjöf á viðtakendur fjármagns Sambandsins til að gera það kleift að safna samansafnanlegum vísum um afrakstur og áhrif á verkefnastigi fyrir öll viðeigandi sértæk markmið umhverfis- og loftslagsstefnunnar, þ.m.t. í tengslum við Evrópunet verndarsvæða (Natura 2000) og losun á tilteknum loftmengunarefnum í andrúmsloft, þ.m.t. koltvísýringur.

5. Framkvæmdastjórnin skal vakta reglulega og gefa skýrslu um samræmingu loftslags- og umhverfismarkmiða, þ.m.t. fjárhæð útgjalda. Að teknu tilliti til eftirspurnardrifins eðlis LIFE-áætlunarinnar er búist við að 61% af heildarfjárhæð LIFE-áætlunarinnar, eins og skilgreint er í 5. gr., leggi af mörkum til þess markmiðs að a.m.k. 30% af heildarfjárhæð til útgjalda verði notuð til að ná loftslagsmarkmiðum. Hafa skal eftirlit með þessu framlagi gegnum kerfi Sambandsins fyrir loftslagsmerki (e. *climate marker system*). Þessi reglugerð skal stuðla að því að samræma aðgerðir í tengslum við líffræðilega fjölbreytni í stefnum Sambandsins og að því að uppfylla þann heildarmetnað að veita 7,5% af árlegum útgjöldum samkvæmt fjárhagsrammanum til margra ára til markmiða í tengslum við líffræðilega fjölbreytni á árinu 2024 og 10% af árlegum útgjöldum samkvæmt fjárhagsrammanum til margra ára til markmiða í tengslum við líffræðilega fjölbreytni á árunum 2026 og 2027 en taka um leið tillit til núverandi skörunar á loftslagsmarkmiðum og markmiðum í tengslum við líffræðilega fjölbreytni.

Fylgjast skal með útgjöldum í tengslum við líffræðilega fjölbreytni með því að nota skilvirka, gagnsæja og yfirgripsmikla aðferðafræði sem framkvæmdastjórnin á að setja fram í samstarfi við Evrópuþingið og ráðið, eins og um getur í samstarfssamningnum milli stofnana frá 16. desember 2020 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um aga í stjórn fjármála, um samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórn, sem og um nýjar eigin tekjur, þ.m.t. vegvísir í áttina að því að fá inn nýjar eigin tekjur. Þessar aðferðir til eftirfylgni skulu notaðar til að magngreina fjárhagsskuldbindingar, sem búist er við að stuðli að loftslagsmarkmiðum annars vegar og markmiðum í tengslum við líffræðilega fjölbreytni hins vegar, innan fjárhagsrammans til margra ára fyrir tímabilið 2021–2027 á viðeigandi sundurliðunarstigi. Gera skal grein fyrir útgjöldunum á hverju ári í áætlunarskýrslunni (e. *programme statement*). Gefa skal reglulega skýrslu um framlag LIFE-áætlunarinnar til loftslags- og umhverfismarkmiða Sambandsins í tengslum við möt og ársskýrsluna.

6. Framkvæmdastjórnin skal meta samlegðaráhrif milli LIFE-áætlunarinnar og annarra viðbótaráætlana Sambandsins og milli undiráætlana hennar.

20. gr.

Mat

1. Framkvæmdastjórnin skal inna mötin, sem kveðið er á um samkvæmt þessari reglugerð, tímanlega af hendi til að koma þeim inn í ákvarðanatökuferlið að teknu tilhlýðilegu tilliti til samræmis, samlegðaráhrifa, Sambandsvirðisauka og sjálfbærni til langs tíma og með tilliti til loftslags- og umhverfisforgangsröðunar Sambandsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal inna af hendi áfangaúttekt á LIFE-áætluninni þegar fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir um framkvæmd hennar, en eigi síðar en 42 mánuðum eftir að framkvæmd LIFE-áætlunarinnar hefst, með því að nota vísana sem eru fastsettir í samræmi við II. viðauka.

Matið skal a.m.k. ná yfir eftirfarandi:

a) eigindlega og megindlega þætti við framkvæmd LIFE-áætlunarinnar,

b) hagkvæmni við notkun tekna,

c) að hvaða marki markmiðin með öllum ráðstöfununum hafa náðst og tilgreina skal, þegar unnt er, niðurstöður og áhrif,

d) raunverulegan árangur af verkefnum eða árangur sem búist er við til að virkja annað fjármagn Sambandsins, einkum með tilliti til ávinningsins af auknu samræmi við aðrar fjármögnunarleiðir Sambandsins,

e) að hvaða marki samlegðaráhrif milli markmiðanna hafa náðst og hvernig LIFE-áætlunin kemur til fyllingar öðrum viðeigandi áætlunum Sambandsins,

f) Sambandsvirðisauka og áhrif af LIFE-áætluninni til langs tíma, með það fyrir augum að taka ákvörðun um endurnýjun, breytingar eða tímabundna niðurfellingu ráðstafana,

g) að hvaða marki hagsmunaaðilar hafa tekið þátt,

h) megindlega og eigindlega greiningu á framlagi LIFE-áætlunarinnar til varðveislustöðu búsvæða og tegunda sem eru tilgreind í tilskipunum 92/43/EBE og 2009/147/EB,

i) greiningu á landfræðilegri útbreiðslu í öllu Sambandinu eins og um getur í 5. mgr. 9. gr. og, ef slík útbreiðsla næst ekki, greiningu á undirliggjandi ástæðum fyrir því að þessa útbreiðslu skortir.

3. Við lok framkvæmdar á LIFE-áætlunininni en eigi síðar en fjórum árum eftir að tímabilinu, sem er tilgreint í annarri undirgrein 1. gr., lýkur skal framkvæmdastjórnin inna af hendi lokamat á LIFE-áætluninni.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda niðurstöðurnar úr matinu ásamt athugasemdum sínum til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar. Framkvæmdastjórnin skal gera niðurstöðurnar úr matinu aðgengilegar öllum.

V. KAFLI

Umbreytingar- og lokaákvæði

21. gr.

Upplýsingar, samskipti og kynning

1. Viðtakendur fjármögnunar Sambandsins skulu hafa uppruna þessarar fjármögnunar í huga og tryggja sýnileika fjármögnunar Sambandsins, einkum þegar þeir kynna verkefnin og niðurstöður þeirra, með því að veita samfellda, skilvirka og hlutfallslega markvissa upplýsingamiðlun til ýmissa hópa, þ.m.t. fjölmiðlar og almenningur. Í þeim tilgangi skulu viðtakendur nota kennimerki LIFE-áætlunarinnar sem er sýnt í III. viðauka. Allar varanlegar neysluvörur sem aflað er innan ramma LIFE-áætlunarinnar skulu bera kennimerki LIFE-áætlunarinnar nema í tilvikum sem framkvæmdastjórnin skilgreinir. Ef notkun á kennimerki LIFE-áætlunarinnar er ekki framkvæmanleg skal geta um LIFE-áætlunina í öllu samskiptastarfi, þ.m.t. á tilkynningatöflum á mikilvægum stöðum sem eru aðgengilegir almenningi.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma til framkvæmda upplýsinga- og samskiptaaðgerðum sem varða LIFE-áætlunina, aðgerðir sem gerðar eru samkvæmt LIFE-áætluninni og niðurstöður sem fást. Það fjármagn sem er úthlutað til LIFE-áætlunarinnar skal einnig stuðla að upplýsingamiðlun stofnana um pólitísk forgangsatriði Sambandsins, að svo miklu leyti sem þessi forgangsröðun tengist markmiðunum sem um getur í 3. gr.

22. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um LIFE-áætlunina. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

3. Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 gildir.

4. Framkvæmdastjórnin skal gefa nefndinni árlega skýrslu um heildarframvinduna við framkvæmd undiráætlana LIFE-áætlunarinnar og um tilteknar aðgerðir samkvæmt LIFE-áætluninni, m.a. um blendingsstarfsemi sem er komið í framkvæmd með fjárveitingum sem er úthlutað úr LIFE-áætluninni.

23. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 2. og 3. mgr. 19. gr., til 31. desember 2028.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 2. og 3. mgr. 19. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. og 3. mgr. 19. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

24. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) nr. 1293/2013 er hér með felld úr gildi frá og með 1. janúar 2021.

25. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á áframhald eða breytingar á þeim aðgerðum sem hófust samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 614/2007 ([38]) og reglugerð (ESB) nr. 1293/2013 sem skulu gilda áfram um hlutaðeigandi verkefni þar til þeim lýkur.

2. Fjárhagsrammi LIFE-áætlunarinnar getur einnig tekið til útgjalda vegna tækni- og stjórnsýsluaðstoðar sem eru nauðsynleg til að tryggja umskiptin milli LIFE-áætlunarinnar og ráðstafana sem voru samþykktar samkvæmt reglugerðum (EB) nr. 614/2007 og (ESB) nr. 1293/2013.

3. Ef þörf krefur má færa fjárveitingar í fjárlög Sambandsins eftir 2027 til að standa straum af kostnaði sem kveðið er á um í 5. mgr. 5. gr. svo að unnt sé að greiða fyrir stjórnun verkefna sem ekki er lokið fyrir 31. desember 2027.

4. Heimilt er að fjárfesta í fjármögnunarleiðum sem komið er á samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/523 með endurflæði frá fjármögnunarleiðum sem komið er á samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1293/2013.

5. Fjárveitingar, sem samsvara mörkuðum tekjum vegna endurgreiðslna á ranglega greiddum fjárhæðum, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 614/2007 eða (ESB) nr. 1293/2013, skal nota, í samræmi við 21. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, til að fjármagna LIFE-áætlunina.

26. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2021.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
D.M. SASSOLI	A.P. ZACARIAS
forseti.	*forseti.*

———

([38]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 614/2007 frá 23. maí 2007 að því er varðar fjármálastofnunina á sviði umhverfismála (LIFE+) (Stjtíð. ESB L 149, 9.6.2007, bls. 1).

I. VIÐAUKI

AÐILAR SEM HEIMILT ER AÐ VEITA STYRKI ÁN AUGLÝSINGA EFTIR TILLÖGUM

1. Net Evrópusambandsins fyrir framkvæmd og framfylgd umhverfislöggjafar (IMPEL).
2. Evrópunet umhverfissaksóknara (ENPE).
3. Samstarfsvettvangur umhverfisdómara Evrópusambandsins (EUFJE).

———

II. VIÐAUKI

VÍSAR

1. Afrakstursvísar

1.1. Fjöldi verkefna til að þróa, sýna fram á og efla nýsköpunartækni og aðferðir.

1.2. Fjöldi verkefna þar sem bestu starfsvenjum er beitt í tengslum við náttúru og líffræðilega fjölbreytni.

1.3. Fjöldi verkefna til að þróa, koma í framkvæmd, hafa eftirlit með eða framfylgja viðeigandi löggjöf og stefnu Sambandsins.

1.4. Fjöldi verkefna til að bæta stjórnunarhætti með því að auka getu opinberra aðila og einkaaðila og þátttöku borgaralegs samfélags.

1.5. Fjöldi verkefna, þ.m.t. stefnumarkandi samþætt verkefni og stefnumarkandi náttúruáætlanir þar sem komið er í framkvæmd:

— lykiláætlunum eða stefnuáætlunum,

— áætlunum um aðgerðir til samræmingar á „náttúra og líffræðileg fjölbreytni“.

2. Árangursvísar

2.1. Hrein breyting á umhverfi og loftslagi, byggt á samsafni vísa á verkefnastigi sem skal tilgreina nánar í auglýsingum eftir tillögum samkvæmt undiráætlununum:

— „Náttúra og líffræðileg fjölbreytni“

— „Hringrásarhagkerfi og lífsgæði“, sem tekur a.m.k. til eftirfarandi:

— Loftgæði

— Jarðvegur

— Vatn

— Úrgangur

— Íðefni

— Hávaði

— Nýting auðlinda og hagkvæmni

— „Mildun loftslagsbreytinga og aðlögun“

— „Umskipti yfir í hreina orku“

2.2. Samanlagðar fjárfestingar sem virkjast af verkefnum eða aðgangi að fjármagni (milljónir evra).

2.3. Fjöldi stofnana eða fyrirtækja sem taka þátt í verkefnum eða hljóta rekstrarstyrki.

2.4. Hlutfall verkefna sem hafa gegnt hlutverki hvata eftir lokadagsetningu verkefnisins.

———

III. VIÐAUKI

KENNIMERKI LIFE-ÁÆTLUNARINNAR



_____

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1476 **2021/EES/80/16**

frá 14. september 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Andorra og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða, sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra, ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur verða aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð sem gefin eru út í Andorra til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954 einnig að eiga við um COVID-19-vottorð sem gefin eru út í Andorra til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 9. júlí 2021 lét Andorra framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata innan kerfis sem ber heitið heilsuþjónustukerfið (Andorra Health QR Server Module). Andorra upplýsti framkvæmdastjórnina um að það liti svo á að COVID-19-vottorð þess væru gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Andorra hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð, sem Andorra hefur gefið út í samræmi við heilsuþjónustukerfið innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 325, 15.9.2021, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2021 frá 29. oktober 2021 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Auk þessa upplýsti Andorra framkvæmdastjórnina um að það muni gefa út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefnin Vaxzevria, Comirnaty og Spikevax.

5) Andorra upplýsti framkvæmdastjórnina enn fremur um að það muni eingöngu gefa út samvirkandi prófvottorð sem byggjast á kjarnsýrumögnunarprófi.

6) Hinn 23. júlí 2021 upplýsti Andorra framkvæmdastjórnina um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953. Andorra upplýsti framkvæmdastjórnina um að það muni viðurkenna sönnun fyrir bólusetningu með bóluefnum sem hafa leyfi innan alls Evrópusambandsins og öðrum bóluefnum sem lokið hafa skráningarferli fyrir skrá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar yfir neyðarnotkun. Andorra upplýsti framkvæmdastjórnina enn fremur um að það muni viðurkenna prófvottorð sem byggjast á kjarnsýrumögnunarprófi (NAAT-prófi) (t.d. RT-PCR-prófi) og skyndiprófi sem skráð eru í sameiginlegu og uppfærðu skránni yfir COVID-19-skyndipróf sem samþykkt var af heilbrigðisöryggisnefndinni, sem komið er á fót með 17. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB ([3]). Loks upplýsti Andorra framkvæmdastjórnina um að það muni viðurkenna vottorð um bata sem byggjast á jákvæðri niðurstöðu úr NAAT-prófi.

7) Hinn 23. júlí 2021 upplýsti Andorra framkvæmdastjórnina einnig um að við sannprófun vottorða um bólusetningu, próf og bata, sem aðildarríkin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953, verði persónuupplýsingar, sem fram koma í vottorðunum, aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

8) Hinn 6. september 2021 lét framkvæmdastjórnin gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata, sem gefin eru út af Andorra í samræmi við heilsuþjónustukerfi þess, eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, sem gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin, sem Andorra hefur gefið út í samræmi við heilsuþjónustukerfið, innihaldi nauðsynleg gögn.

9) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð, sem eru gefin út í Andorra í samræmi við heilsuþjónustukerfið, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

10) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð, sem gefin eru út af Andorra í samræmi við heilsuþjónustukerfið, með þeim skilyrðum sem um getur í 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (5. mgr.) og 7. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) 2021/953.

11) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Andorra við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

12) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fella þessa ákvörðun tímabundið eða varanlega úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

13) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að tengja Andorra við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta ætti á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem Andorra gefur út í samræmi við heilsuþjónustukerfið, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

([3]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri og niðurfellingu ákvörðunar nr. 2119/98/EB (Stjtíð. ESB L 293, 5.11.2013, bls. 1).

2. gr.

Tengja skal Andorra við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1477 **2021/EES/80/17**

frá 14. september 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Albaníu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða, sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra, ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur verða aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Lýðveldinu Albaníu til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954 einnig að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Lýðveldinu Albaníu til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 19. ágúst 2021 lét Lýðveldið Albanía framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata innan kerfis sem ber heitið „Prófunar- og bóluefnaskrá Albaníu vegna COVID-19“ (Albanian COVID 19 Test and Vaccine Registry). Lýðveldið Albanía upplýsti framkvæmdastjórnina um að það liti svo á að COVID-19-vottorð þess væru gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Lýðveldið Albanía hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð, sem Lýðveldið Albanía hefur gefið út í samræmi við „Prófunar- og bóluefnaskrá Albaníu vegna COVID-19“, innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 325, 15.9.2021, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2021 frá 29. oktober 2021 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Hinn 7. september 2021 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Lýðveldinu Albaníu, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata eru gefin út af Lýðveldinu Albaníu í samræmi við kerfi, „Prófunar- og bóluefnaskrá Albaníu vegna COVID-19“, sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata, sem Lýðveldið Albanía hefur gefið út í samræmi við kerfið „Prófunar- og bóluefnaskrá Albaníu vegna COVID-19“, innihaldi nauðsynleg gögn.

5) Auk þessa upplýsti Lýðveldið Albanía framkvæmdastjórnina um að það muni gefa út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þau eru nú Comirnaty, Vaxzevria, CoronaVac, Sputnik V, Spikevax, COVID-19 Vaccine Janssen og Covishield.

6) Lýðveldið Albanía upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það gefi út samvirkandi prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf og fyrir skyndipróf sem skráð eru í sameiginlegu og uppfærðu skránni yfir COVID-19-skyndipróf sem samþykkt var af heilbrigðisöryggisnefndinni, sem komið er á fót með 17. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB ([3]), á grundvelli tilmæla ráðsins frá 21. janúar 2021 ([4]).

7) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Albanía framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi vottorð um bata. Þessi vottorð gilda í allt að 180 daga frá fyrstu jákvæðu prófniðurstöðu.

8) Lýðveldið Albanía upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

9) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Albanía framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Albaníu sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar, sem fram koma í þeim, aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð, sem eru gefin út í Lýðveldinu Albaníu í samræmi við kerfið „Prófunar- og bóluefnaskrá Albaníu vegna COVID-19“, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð, sem gefin eru út af Lýðveldinu Albaníu í samræmi við kerfið „Prófunar- og bóluefnaskrá Albaníu vegna COVID-19“, með þeim skilyrðum sem um getur í 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (5. mgr.) og 7. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Lýðveldið Albaníu við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fella þessa ákvörðun tímabundið eða varanlega úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að tengja Lýðveldið Albaníu við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

([3]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri og niðurfellingu ákvörðunar nr. 2119/98/EB (Stjtíð. ESB L 293, 5.11.2013, bls. 1).

([4]) Tilmæli ráðsins frá 21. janúar 2021 um sameiginlegan ramma um notkun og gildingu skyndiprófa og gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum COVID-19-prófa innan ESB (Stjtíð. ESB C 24, 22.1.2021, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta ætti á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem Lýðveldið Albanía gefur út í samræmi við kerfið „Prófunar- og bóluefnaskrá Albaníu vegna COVID-19“, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Lýðveldið Albaníu við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1478 **2021/EES/80/18**

frá 14. september 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Færeyjum og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 kveður á um viðurkenningu COVID-19-vottorða, sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra, ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur verða aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu og próf sem gefin eru út í Færeyjum til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954 einnig að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu og próf sem gefin eru út í Færeyjum til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 12. júlí 2021 létu Færeyjar framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu og próf samkvæmt kerfi sem ber heitið „FODGC-kerfið“. Færeyjar upplýstu framkvæmdastjórnina um að þær litu svo á að COVID-19-vottorð þeirra væru gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Færeyjar hafa í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð, sem Færeyjar hafa gefið út í samræmi við „FODGC-kerfið“, innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

4) Hinn 23. ágúst 2021 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Færeyjum, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu og próf eru gefin út af Færeyjum í samræmi við kerfi sem ber heitið „FODGC-kerfi“ sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 325, 15.9.2021, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2021 frá 29. oktober 2021 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, og próf, sem Færeyjar hafa gefið út í samræmi við „FODGC-kerfið“, innihaldi nauðsynleg gögn.

5) Auk þessa upplýstu Færeyjar framkvæmdastjórnina um að þær muni gefa út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Það er nú Comirnaty.

6) Færeyjar upplýstu framkvæmdastjórnina einnig um að þær gefi einungis út samvirkandi prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf.

7) Enn fremur upplýstu Færeyjar framkvæmdastjórnina um að þær muni ekki gefa út samvirkandi vottorð um bata.

8) Færeyjar upplýstu framkvæmdastjórnina einnig um að þær viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

9) Enn fremur upplýstu Færeyjar framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Færeyjum sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar, sem fram koma í þeim, aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð, sem eru gefin út í Færeyjum í samræmi við „FODGC-kerfið“, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19 vottorð, sem gefin eru út af Færeyjum í samræmi við „FODGC-kerfið“, með þeim skilyrðum sem um getur í 5. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Færeyjar við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fella þessa ákvörðun tímabundið eða varanlega úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að tengja Færeyjar við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta ætti á COVID-19-vottorð um bólusetningu og próf, sem Færeyjar gefa út í samræmi við „FODGC-kerfið“, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Færeyjar við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1479 **2021/EES/80/19**

frá 14. september 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Mónakó og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða, sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra, ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur verða aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð sem gefin eru út í Mónakó til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954 einnig að eiga við um COVID-19-vottorð sem gefin eru út í Mónakó til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 29. júlí 2021 lét Mónakó framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata innan kerfis sem ber heitið „SUIVTST-kerfið“ („Suivi des tests biologiques“). Mónakó upplýsti framkvæmdastjórnina um að það liti svo á að COVID-19-vottorð þess væru gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Mónakó hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð, sem Mónakó hefur gefið út í samræmi við „SUIVTST-kerfið“ innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

4) Auk þessa upplýsti Mónakó framkvæmdastjórnina um að það muni gefa út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefnið Comirnaty.

5) Enn fremur upplýsti Mónakó framkvæmdastjórnina um að það muni einungis gefa út samvirkandi prófvottorð fyrir SARS-CoV-2-próf sem byggjast á víxlritakjarnsýrumögnun (RT-PCR).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 325, 15.9.2021, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2021 frá 29. oktober 2021 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

6) Hinn 2. september 2021 lét framkvæmdastjórnin gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata, sem gefin eru út af Mónakó í samræmi við „SUIVTST-kerfi“ þess, eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, sem gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin, sem Mónakó hefur gefið út í samræmi við „SUIVTST-kerfið“, innihaldi nauðsynleg gögn.

7) Hinn 3. september 2021 upplýsti Mónakó framkvæmdastjórnina um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953. Mónakó upplýsti framkvæmdastjórnina um að það muni viðurkenna sönnun fyrir bólusetningu með bóluefnum sem hafa leyfi innan alls Evrópusambandsins, sem og öðrum bóluefnum sem Frakkland viðurkennir. Mónakó upplýsti framkvæmdastjórnina enn fremur um að það muni viðurkenna prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf (NAAT-próf) (t.d. RT-PCR) og fyrir skyndipróf sem skráð eru í sameiginlegu og uppfærðu skránni yfir COVID-19-skyndipróf sem samþykkt var af heilbrigðisöryggisnefndinni, sem komið er á fót með 17. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB ([3]). Loks upplýsti Mónakó framkvæmdastjórnina um að það muni viðurkenna vottorð um bata sem byggjast á jákvæðri niðurstöðu úr NAAT-prófi.

8) Hinn 3. september upplýsti Mónakó framkvæmdastjórnina einnig um að við sannprófun vottorða um bólusetningu, próf og bata, sem aðildarríkin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953, verði persónuupplýsingar, sem fram koma í vottorðunum, aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

9) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð, sem eru gefin út í Mónakó í samræmi við „SUIVTST-kerfið“, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

10) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð, sem gefin eru út af Mónakó í samræmi við „SUIVTST-kerfið“, með þeim skilyrðum sem um getur í 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (5. mgr.) og 7. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) 2021/953.

11) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Mónakó við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

12) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fella þessa ákvörðun tímabundið eða varanlega úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

13) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að tengja Mónakó við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta ætti á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem Mónakó gefur út í samræmi við „SUIVTST-kerfið“, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

([3]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri og niðurfellingu ákvörðunar nr. 2119/98/EB (Stjtíð. ESB L 293, 5.11.2013, bls. 1).

2. gr.

Tengja skal Mónakó við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1480 **2021/EES/80/20**

frá 14. september 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Panama og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða, sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra, ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur verða aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Lýðveldinu Panama til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954 einnig að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Lýðveldinu Panama til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 4. ágúst 2021 lét Lýðveldið Panama framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata innan kerfis sem ber heitið „Stafræna landsbundna bólusetningarvottorðið (Certificado de Vacunación Digital Nacional)“. Lýðveldið Panama upplýsti framkvæmdastjórnina um að það liti svo á að COVID-19-vottorð þess væru gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Lýðveldið Panama hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð, sem Lýðveldið Panama hefur gefið út í samræmi við kerfið „Stafræna landsbundna bólusetningarvottorðið (Certificado de Vacunación Digital Nacional)“ innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 325, 15.9.2021, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2021 frá 29. oktober 2021 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Hinn 9. september 2021 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Lýðveldinu Panama, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata eru gefin út af Lýðveldinu Panama í samræmi við kerfið „Stafræna landsbundna bólusetningarvottorðið (Certificado de Vacunación Digital Nacional)“, sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata, sem Lýðveldið Panama hefur gefið út í samræmi við kerfið „Stafræna landsbundna bólusetningarvottorðið (Certificado de Vacunación Digital Nacional)“ innihaldi nauðsynleg gögn.

5) Auk þessa upplýsti Lýðveldið Panama framkvæmdastjórnina um að það muni gefa út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þau eru nú Comirnaty COVID-19 Vaccine og Vaxzevria COVID-19 Vaccine.

6) Lýðveldið Panama upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það gefi eingöngu út samvirkandi prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf en ekki fyrir skyndipróf.

7) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Panama framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi vottorð um bata. Þessi vottorð gilda í allt að 180 daga frá fyrstu jákvæðu prófniðurstöðu.

8) Lýðveldið Panama upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það samþykki vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

9) Enn fremur upplýsti Lýðveldið Panama framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Panama sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar, sem fram koma í þeim, aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, próf eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð, sem eru gefin út í Lýðveldinu Panama í samræmi við kerfið „Stafræna landsbundna bólusetningarvottorðið (Certificado de Vacunación Digital Nacional)“, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð, sem gefin eru út af Lýðveldinu Panama í samræmi við kerfið „Stafræna landsbundna bólusetningarvottorðið (Certificado de Vacunación Digital Nacional)“, með þeim skilyrðum sem um getur í 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (5. mgr.) og 7. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Lýðveldið Panama við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fella þessa ákvörðun tímabundið eða varanlega úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að tengja Lýðveldið Panama við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta ætti á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem Lýðveldið Panama gefur út í samræmi við kerfið „Stafræna landsbundna bólusetningarvottorðið (Certificado de Vacunación Digital Nacional)“, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Lýðveldið Panama við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1481 **2021/EES/80/21**

frá 14. september 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Konungsríkinu Marokkó og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða, sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra, ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur verða aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu og próf sem gefin eru út í Konungsríkinu Marokkó til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954 einnig að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu og próf sem gefin eru út í Konungsríkinu Marokkó til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 18. júlí 2021 lét Konungsríkið Marokkó framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu og próf innan kerfis sem ber heitið „SGC‘Cov“-kerfið. Konungsríkið Marokkó upplýsti framkvæmdastjórnina um að það liti svo á að COVID-19-vottorð þess væru gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Konungsríkið Marokkó hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð, sem Konungsríkið Marokkó hefur gefið út í samræmi við „SGC‘Cov“-kerfið, innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 325, 15.9.2021, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2021 frá 29. október 2021 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Hinn 7. september 2021 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Konungsríkinu Marokkó, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu og próf eru gefin út af Konungsríkinu Marokkó í samræmi við „SGC'Cov"-kerfið sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu og próf, sem Konungsríkið Marokkó hefur gefið út í samræmi við „SGC'Cov"-kerfið, innihaldi nauðsynleg gögn.

5) Auk þessa upplýsti Konungsríkið Marokkó framkvæmdastjórnina um að það muni gefa út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þau eru nú COVILO (Covid-19-bóluefnið BIBP), Vaxzevria og Covid-19-bóluefnin Janssen og Comirnaty.

6) Konungsríkið Marokkó upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það áformi að gefa eingöngu út samvirkandi prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf en ekki fyrir skyndipróf.

7) Enn fremur upplýsti Konungsríkið Marokkó framkvæmdastjórnina um að það áformi ekki að gefa út samvirkandi vottorð um bata.

8) Konungsríkið Marokkó upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

9) Enn fremur upplýsti Konungsríkið Marokkó framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Marokkó sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar, sem fram koma í þeim, aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, próf eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð, sem eru gefin út í Konungsríkinu Marokkó í samræmi við „SGC'Cov"-kerfið, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19 vottorð sem gefin eru út af Konungsríkinu Marokkó í samræmi við „SGC'Cov" -kerfið með þeim skilyrðum sem um getur í 5. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Konungsríkið Marokkó við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fella þessa ákvörðun tímabundið eða varanlega úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að tengja Konungsríkið Marokkó við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta ætti á COVID-19-vottorð um bólusetningu og próf, sem Konungsríkið Marokkó gefur út í samræmi við „SGC'Cov"-kerfið, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Konungsríkið Marokkó við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1482 **2021/EES/80/22**

frá 14. september 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Ísrael og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða, sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra, ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur verða aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu og bata sem gefin eru út í Ísrael til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954 einnig að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu og bata sem gefin eru út í Ísrael til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 19. júlí 2021 lét Ísrael framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu og bata innan kerfis sem ber heitið „Ramzor-kerfið“. Ísrael upplýsti framkvæmdastjórnina um að það liti svo á að COVID-19-vottorð þess væru gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Ísrael hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð, sem Ísrael hefur gefið út í samræmi við „Ramzor-kerfið“, innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

4) Hinn 6. september 2021 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Ísrael, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu og bata eru gefin út af Ísrael í samræmi við kerfi sem ber heitið „Ramzor-kerfið“ sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu og bata, sem Ísrael hefur gefið út í samræmi við „Ramzor-kerfið“, innihaldi nauðsynleg gögn.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 325, 15.9.2021, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 298/2021 frá 29. oktober 2021 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

5) Auk þessa upplýsti Ísrael framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þau eru nú Comirnaty og Spikevax.

6) Enn fremur upplýsti Ísrael framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi vottorð um bata. Þessi vottorð gilda í allt að 180 daga frá fyrstu jákvæðu prófniðurstöðu.

7) Ísrael upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

8) Ísrael upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni bólusetningarvottorð og falli frá ferðatakmörkunum að því er varðar þá sem hafa verið bólusettir með bóluefnum sem fengið hafa markaðsleyfi alls staðar í ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 726/2004.

9) Ísrael upplýsti framkvæmdastjórnina enn fremur um að það viðurkenni vottorð um kjarnsýrumögnunarpróf (NAAT-próf) vegna COVID-19 (t.d. víxlritakjarnsýrumögnun, RT-PCR) sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út. Ísrael bendir þó á að allir ferðamenn, þ.m.t. þeir sem hafa undir höndum prófniðurstöður frá sínu svæði, verði að endurtaka NAAT-próf (t.d. RT-PCR) við lendingu, og að ekki sé fallið frá neinum ferðatakmörkunum í ljósi niðurstaðna prófs sem gengist er undir fyrir flug nema að heimila að farið sé um borð. Enn fremur viðurkennir Ísrael ekki skyndipróf.

10) Enn fremur upplýsti Ísrael framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Ísrael sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar, sem fram koma í þeim, aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

11) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð, sem eru gefin út í Ísrael í samræmi við „Ramzor-kerfið“, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

12) Því ætti að viðurkenna COVID-19 vottorð, sem gefin eru út af Ísrael í samræmi við „Ramzor-kerfið“, með þeim skilyrðum sem um getur í 5. mgr. 5. gr. og 8. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

13) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Ísrael við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

14) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fella þessa ákvörðun tímabundið eða varanlega úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

15) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að tengja Ísrael við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta ætti á COVID-19-vottorð um bólusetningu og bata, sem Ísrael gefur út í samræmi við „Ramzor-kerfið“, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Ísrael við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. september 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.